

Guðmundur Bjarni Ragnarsson

Lög um neytendalán nr. 121/1994

-Meistararitgerð til Mag. jur. prófs í lögfræði -



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsjónarkennari: Ása Ólafsdóttir lektor við Háskóla Íslands

Lagadeild Háskóla Íslands

Október 2010

Formáli

Í ritgerð þessari, sem er lokaverkefni til MA gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands, er fjallað um lög um neytendalán, nr. 121/1994. Leitast verður við að skýra ákvæði laganna, með það að markmiði að varpa ljósi á réttarstöðu lánveitenda og neytenda, í tengslum við gerð lánessamninga. Markmiðið er að kanna ákvæði laganna og tilskipun þá sem innleidd var með lögnum, réttarframkvæmd og stjórnsýsluframkvæmd Íslands og Danmerkur, ásamt fordæmum EB-dómstólsins. Ætlunin er að komast að niðurstöðu um umfang þeirrar verndar sem löggin veita neytendum, ásamt því hvaða breytingar kunna vera gerðar á lögnum í nákominni framtíð.

Þó lög nr. 121/1994 um neytendalán hafi fyrst verið lögfest fyrir 17 árum, hefur lítið reynt á ákvæði þeirra fyrir dómstólum og eftirlitsstjórnvöldum. Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008, sem leiddi til falls íslensku krónunnar, fór fyrst að bera á ýmsum álitaefnum um stöðu neytenda vegna t.d. breytilegra vaxta og gengistryggingar lána. Það er því fyrst nýlega sem reynt hefur á umfang þeirrar verndar sem felst í lögnum.

Árin 2008-2009 starfaði ég hjá Neytendasamtökunum en þar vaknaði áhugi minn á viðfangsefni ritgerðarinnar, enda bárust ýmis áhugaverð álitaefni á borð mitt sem kröfðust sérstakrar athugunar og falla undir efni þessarar ritgerðar. Kann ég Neytendasamtökunum bestu þakkir fyrir afnot af gögnum og heimildum þeirra.

Ritgerð þessi er samin undir handleiðslu Ásu Ólafsdóttur, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Vil ég hér með þakka henni góða leiðsögn, gagnlegar ábendingar um heimildir og efnisatriði ritgerðarinnar, og þá sérstaklega þann áhuga sem hún sýndi viðfangsefninu. Að auki vil ég þakka þeim Ólöfu Vigdísi Ragnarsdóttur og Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur sérstaklega fyrir yfirlestur, ásamt öðrum þeim sem á einn eða annan hátt aðstoðuðu höfund við vinnslu ritgerðarinnar.

Reykjavík, 6. september 2010

Guðmundur Bjarni Ragnarsson

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	4
2. Sögulegur aðdragandi neytendaverndar í lánsviðskiptum	7
2.1 Almennt.....	7
2.2 Norræn löggjöf um afborgunarkaup	7
2.3 Frumvörp til laga um afborgunarkaup	8
2.4 Tilskipanir Evrópusambandsins um neytendalán	9
2.5 Lög um neytendalán, nr. 121/1994	11
3. Gildissvið laganna	14
3.1 Almennt.....	14
3.2 Aðilar samnings	14
3.2.1 Almennt	14
3.2.2 Lánveitandi í skilningi laganna.....	14
3.2.3 Neytandi í skilningi laganna	16
3.3 Lánessamningar sem falla undir gildissvið laganna	19
3.3.1 Hugtakið lánessamningur samkvæmt 1. gr. nll.	19
3.3.2 Neikvæð skilgreining á lánessamningum samkvæmt 2. gr. nll.....	20
3.3.3 Samningar sem eru gerðir í því skyni að halda þeim utan gildissviðs laganna	25
3.4 Samningar sem áður féllu utan gildissviðs laganna en falla nú undir lögina vegna lagabreytinga.....	25
3.4.1 Lánessamningar sem tryggðir voru með veði í fasteign.....	26
3.4.2 Lánessamningar gerðir vegna framkvæmda við fasteign.....	27
3.4.3 Lánessamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi	28
3.5 Algengustu tegundir lánessamninga hér á landi, með hliðsjón af gildissviði laganna	29
3.5.1 Almennt um lánsviðskipti.....	29
3.5.2 Kaup með greiðslufresti, þ.e. afborgunarkaup	30
3.5.3 Lánessamningur með eignarréttarfyrrvara	30
3.5.4 Verslun með kreditkortum.....	31
3.5.5 Eignarleigusamningar eða eignaleigusamningar (leasing)	35
3.5.6 Smálán (svokölluð SMS-lán).....	40
3.5.7 Gengistryggð lán.....	41
3.6 Samantekt.....	42
4. Upplýsingaskylda lánveitanda.....	43
4.1 Almennt.....	43
4.2 Yfirdráttarheimild af tékkareikningi og sambærilegir lánessamningar með breytilegan höfuðstól	43
4.2.1 Atriði sem tilgreina ber í samningi	43
4.2.2 Innheimta svokallaðs FIT-kostnaðar	46
4.2.3 Heimild til að kveða nánar á um upplýsingaskylduna í reglugerð	47
4.3 Skriflegur lánessamningur og efni samnings.....	47
4.4 Lántökukostnaður	53
4.4.1 Almennt	53
4.4.2 Útreikningur lántökukostnaðar	53
4.4.3 Réttur neytanda á skriflegum upplýsingum við samningsgerðina.....	54
4.4.4 Breytilegur lántökukostnaður	55
4.5 Árleg hlutfallstala kostnaðar í prósentum	57
4.5.1 Almennt	57
4.5.2 Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar	57
4.5.3 Upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar skulu liggja fyrir við samningsgerðina	60

4.5.4	Upplýsingagjöf þegar lánssamningur heimilar breytingar á gjöldum sem teljast til árlegrar hlutfallstölu kostnaðar	60
4.6	Auglýsingar um lán og lánaþyrirgreiðslu	63
4.6.1	Reglur um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008	65
4.7	Vanræksla á upplýsingaskyldu	66
5.	Greiðsla fyrir gjalddaga.....	71
6.	Framsal kröfuréttinda	75
6.1	Meginreglan um að neytandi glati ekki mótbárum við framsal kröfu	75
6.2	Sérreglur um viðskiptabréfskröfur	76
6.3	Skylda seljanda til að taka tryggingu, ef lán er í formi viðskiptabréfs	77
6.3.1	Almennt	77
6.3.2	Vanefndakrafa neytandans er vegna viðskipti þeirra sem að baki viðskiptabréfi standa	77
6.3.3	Skilyrði fyrir greiðslu tryggingarfjárhæðar	80
6.3.4	Seljanda gert heimilt að styðjast við önnur tryggingaúrræði en váttryggingu.....	80
6.3.5	Afleiðingar þess að seljandi sé ótryggður.....	82
6.3.6	Reglugerðarheimild	82
7.	Kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar	84
7.1	Innbyrðis réttarstaða neytanda ræðst af ákvæðum laga um neytendalán.....	84
7.2	Áhrif eignarréttar á réttarstöðu neytanda utan samningssambandsins.....	86
8.	Eftirlit með lögum um neytendalán, nr. 121/1994.	88
8.1	Almennt.....	88
8.2	Valdheimildir Neytendastofu vegna kvartana	90
8.2.1	Bann við athöfnum og ákvörðun um dagsektir ef brotið er gegn banni	90
8.2.2	Ákvörðun sektar vegna brots gegn ákvæðum laga um neytendalán?.....	93
8.2.3	Eru ákvæði laga um neytendalán fullnægjandi refsheimild?	94
8.3	Áfrýjunarnefnd neytendamála	96
8.4	Málshöfðun vegna úrlausna neytendayfirvalda	98
8.5	Úrskurðarnefnd um viðskiptum við fjármálafyrirtæki.....	99
9.	Brot á lögum um neytendalán getur valdið skaðabótaskyldu	103
10.	Innleiðing tilskipunar ráðsins nr. 2008/48/EBE um neytendalán	105
10.1	Almennt.....	105
10.2	Helstu nýmæli tilskipunar nr. 2008/48/EBE	106
10.3	Innleiðing tilskipunar í danskan rétt	108
10.4	Innleiðing tilskipunar í sænskan rétt	109
10.5	Áhrif tilskipunarinnar á landsrétt	111
11.	Lokaorð	116
	Heimildaskrá	120
	Dóma- og úrskurðaskrá	122
	Dómar Hæstaréttar	122
	Dómar héraðsdómstóla	122
	Úrskurðir áfrýjunarnefndar neytendamála	122
	Ákvarðanir Neytendastofu	122
	Úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála	122
	Úrlausnir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar	122
	Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.....	123
	Dómar EB-dómstólsins	123
	Danskir dómar.....	123
	Erlendir úrskurðir.....	123

1. Inngangur

Í kjölfar efnahagshrunsins og falls helstu viðskiptabanka hérlendis seinni part ársins 2008, fór í ríkum mæli að bera á álitaefnum um lögmæti hinna ýmsu lánessamninga sem gengu í viðskiptum manna á milli. Þessar efnahagsþrengingar leiddu í flestum tilfellum til þess að höfuðstóll lána hækkaði upp úr öllu valdi, en helsta ástæða þess var sú að flestir lánessamningar voru verðtryggðir, þar sem lánsfjárhæðin fylgdi annað hvort vísitölu neysliverðs eða gengi erlendra gjaldmiðla. Efni lánessamninganna hafði í för með sér umtalsvert tjón fyrir lántakendur, en sú staðreynd leiddi til vangaveltna um lögmæti tiltekinna lánessamninganna sem ýmsir fræðimenn drógu í efa, m.a. með hliðsjón af ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 og laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga, nr. 7/1936¹. Lítið hefur hins vegar verið fjallað um hvort samningarnir stangist á við ákvæði laga um neytendalán, nr. 121/1994 en talsverð óvissa hefur ríkt um hvaða lánessamningar falla undir gildissvið laganna, ásamt því hvernig túlka beri ákvæði þeirra. Undanfarið hafa ákvæði laganna um upplýsingaskyldu lánveitanda sérstaklega verið til skoðunar hjá eftirlitsstjórnvöldum, með það að markmiði að ákvarða umfang þeirra og ákvarða hvort þeir lánessamningar sem í gangi eru brjóti gegn ákvæðum laganna.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar er skoðaður sögulegur aðdragandi neytendaverndar í lánsviðskiptum, bæði hérlendis sem og erlendis, með það að markmiði að leita frekari skýringa á eðli þessara samninga og skilnings á tilurð þeirra. Farið er yfir þá þróun sem átt hefur sér stað á Norðurlöndunum í löggjöf um afborgunarkaup, ásamt því að skoða þau lagafrumvörp sem unnin hafa verið hérlendis á þessu sviði en hafa ekki verið samþykkt sem lög af Alþingi. Lög nr. 121/1994 um neytendalán voru lögfest hér á landi í tengslum við aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og eru því tilskipanir Evrópusambandsins á þessu sviði sérstaklega skoðaðar.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar er gildissvið laga um neytendalán skilgreint í þeim tilgangi að ákvarða hvaða lántakar njóta þeirra réttarverndar sem löggin kveða á um. Löggin takmarkast við þá lánessamninga sem gerðir eru á milli lánveitanda og neytanda, í skilningi laganna, og því þarf að leita skýringa á þeim hugtökum. Ýmsar takmarkanir eru á því hvaða samningar falla undir löggin og er í ritgerðinni leitast við að gera grein fyrir þeim, með hliðsjón af almennu ákvæði laganna um gildissvið þeirra. Með lagabreytingum hefur gildissvið laganna verið rýmkað umtalsvert, þannig að nú falla fleiri samningar undir löggin en gerðu í upphafi. Fjallað

¹ Sjá grein eftir Eyvind G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, sem birtist í 3. tbl. Úlflióts árið 2010.

er um helstu einkenni þeirra lánsamninga sem notast er við í lánsviðskiptum í dag, og reynt að draga ályktun um það hverjir þeirra falla undir lögin.

Segja má að upplýsingaskylda lánveitanda samkvæmt lögnum sé einn af þeim grundvallarþáttum sem hafa það að markmiði að styrkja stöðu neytanda við samningsgerðina. Samkvæmt ákvæðum laganna er neytanda tryggður réttur til ákveðinna grundvallarupplýsinga í samningi, svo sem upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, heildarlántökukostnað o.fl., en þessar upplýsingar eiga að tryggja að neytandi geti tekið vel ígrundaða ákvörðun um kosti lánsins áður en gengist er við samningnum. Sérstakar reglur gilda um upplýsingar vegna yfirdráttarheimilda, ásamt reglum um það hvernig lánveitandi ber að standa að auglýsingum um lán og lánafyrirgreiðslu. Fjallað er um upplýsingaskyldu lánveitanda í fjórða kafla ritgerðarinnar.

Ákvæði laganna hafa einnig að geyma sérstakar reglur um greiðslu fyrir gjalddaga, en í fimmta kafla ritgerðarinnar er gerð nánari grein fyrir efni þeirra. Í sjötta kafla ritgerðarinnar er fjallað um þær reglur sem gilda um framsal lánsamninga og hvaða afleiðingar það hefur fyrir hugsanlegar mótbáru neytandans. Meginreglan er sú að neytandi eigi ekki að glata mótbárum við framsal kröfunnar, en þegar um er að ræða viðskiptabréfskröfur gilda tilteknar sérreglur sem fela í sér skyldu til handa seljanda til þess að taka sér tryggingu vegna hugsanlegrar vanefndakröfu neytandans.

Í sjöunda kafla ritgerðarinnar er að finna umfjöllun um þær reglur sem gilda um kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar. Leitast verður við að skýra hvað slík samningsákvæði fela í sér, ásamt því að gera grein fyrir áhrifum fyrirvarans á innbyrðis réttarstöðu neytanda og lánveitanda, sem og áhrifum hans á stöðu neytandans utan samningssambandsins.

Í áttunda kafla ritgerðarinnar er fjallað um eftirlit með lögnum og valdheimildir Neytendastofu vegna kvartana, ásamt þeim reglum sem gilda í því efni. Kannað er samspil ákvæða laga um neytendalán, nr. 121/1994, og laga nr. 57/2005 hvað varðar málsmeðferð og úrræði Neytendastofu, með það að markmiði að ákvarða þau úrræði sem Neytendastofa getur gripið til vegna lögbrots. Þá er jafnframt farið yfir starfsemi áfrýjunarnefndar neytendamála og úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, ásamt því að farið er yfir þær reglur sem gilda um málshöfðun vegna úrlausna neytendayfirvalda. Í níunda kafla er svo sérstaklega gerð grein fyrir ákvæðum laganna er mæla fyrir um skaðabótaábyrgð lánveitanda vegna lögbrots.

Að lokum er farið yfir helstu efnisákvæði tilskipunar nr. 2008/48/EBE í tíunda kafla ritgerðarinnar, en umrædd tilskipun felur í sér allsherjarsamræmingu á þessu sviði og

talsverða réttarbót við gildandi rétt. Tilskipun þessi fellur brott fyrri tilskipun sem gildi um neytendalán, en lög um neytendalán, nr. 121/1994, innleiddu ákvæði hennar í landsrétt. Nýja tilskipunin mun hafa talsverð áhrif á gildandi rétt, og því eru helstu breytingarnar sem hún mun hafa í för með sér kannaðar sérstaklega, ásamt því að farið verður yfir hvernig staðið var að innleiðingu hennar í í Danmörku og Svíþjóð. Að lokum verður gerð grein fyrir mögulegum áhrifum tilskipunarinnar á lög um neytendalán, nr. 121/1994, enda kemur að því að efni hennar verði lögfest, annað hvort með því að fella ákvæði hennar inn í núgildandi lög, eða setja ný lög um neytendalán.

2. Sögulegur aðdragandi neytendaverndar í lánsviðskiptum

2.1 Almenn

Um alllangt skeið hefur sala tiltekinna vörutegunda með afborgunarkjörum tíðkast víðsvegar í Evrópu og N-Ameríku. Lánsviðskipti í tengslum við sölu á vöru eða þjónustu geta leitt til margvíslegs ágreinings, ásamt því að réttarstaða aðila kann að reynast óljós, enda oft um að ræða flókna umgjörð í kringum viðskiptin. Af þessum ástæðum hefur víða verið sett löggjöf sem m.a. er ætlað að leysa úr hinum ýmsu lögfræðilegum álitafnum er tengjast lánsamningum, og hefur neytendavernd fengið aukið vægi upp á síðkastið í löggjöf á þessu sviði.²

Kaup með eignarréttarfyrirvara hefur þekkst um langt skeið í rétti ýmissa vestrænna þjóða og viðskiptalífi þeirra. Þess háttar kaupsamningar voru m.a. viðurkenndir í Rómarétti („pactum de reservati domini“), en almennt er þó talið að nútíma snið afborgunarkaup megi rekja til N.-Ameríku. Fyrir miðbik 19. aldar upphófst þar í landi stórkostleg sala á verksmiðjuframleiddum varningi, sem almenningi bauðst að kaupa með afborgunarkjörum. Talsverð eftirspurn var eftir þess háttar lánþjónustu framleiðenda og verslana, einkum vegna kaup á dýrum og eftirsóttum hlutum til heimilisnota.³

Lánsviðskipti í nútíma skilningi hafa talsvert langan aðdraganda á Norðurlöndunum og er því vert að rekja þróun lagasetningar á þessu sviði, allt frá samvinnu Norðurlandanna á síðari hluta 19. aldar til setningu laga um neytendalán, nr. 121/1994, hér á eftir.

2.2 Norræn löggjöf um afborgunarkaup

Afborgunarkaup með eignarréttarfyrirvara festu rætur sínar meðal ýmissa Norðurlandaþjóða á síðari hluta 19. aldar, en hérlendis tók nokkuð að bera á afborgunarkaupum með eignarréttarfyrirvara á árunum milli heimstytjaldanna. Löggjöf um afborgunarkaup hefur víðast mótast af vilja löggjafans til að vernda hagsmuni kaupenda eða neytenda, en af þeim Evrópuríkjum sem veitt hafa þessu réttarsviði eftirtekt, mun Þýskaland hafa orðið einna fyrst til að setja lög um afborgunarkaup, „Gesetz betreffend die Abzahlungsgeschäfte“ frá 16. maí 1894. Þessi löggjöf varð að nokkru leyti fyrirmynd hinna norrænu laga um afborgunarkaup, en í upphafi tuttugustu aldar hófu Danir, Norðmenn og Svíar með sér samvinnu um samningu laga um þetta efni. Árangur samstarfsins var sá að í þessum löndum voru sett lög um

² Páll Sigurðsson: *Lagaþættir III*, bls. 351.

³ Páll Sigurðsson: *Kauparéttur*, bls. 304.

afborgunarkaup, sem voru að verulegu leyti efnislega samhljóða. Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda í nóvember 1946 var ákveðið að tekin skyldi upp endurskoðun á norrænu lögunum um afborgunarkaup, þar sem m.a. yrði tekið enn meira tillit til sjónarmiða neytenda en áður hafði verið gert. Frá því um 1950 hafa síðan verið gerðar ýmsar lagabreytingar í þessa átt á Norðurlöndunum,⁴ en segja má að lög um neytendalán sé nú orðinn arftaki laga um afborgunarkaup.

2.3 Frumvörp til laga um afborgunarkaup

Á 100. löggjafarþingi, 1978-79, var flutt á Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um afborgunarkaup, sem náði þó ekki fram að ganga. Í athugasemdum með frumvarpi þessu kom fram að engin löggjöf hafi áður verið sett hérlendis um afborgunarkaup með eignarréttarfyrirvara. Ákvæði laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup voru talin veita enga aðstoð við úrlausn margvíslegra og mikilvægra atriða, sem á reynir í kaupum af þessu tagi, og talið var vafasamt að styðjast við þær viðskiptavenjur sem myndast höfðu á þessu sviði. Með frumvarpinu var stefnt að því að ráða bót á þessu, með það að markmiði að skýra sem best réttarstöðu og úrræði kaupanda og seljanda við afborgunarkaup. Ákvæði frumvarpsins beindust að nokkru leyti að því að vernda kaupanda gegn ósanngjörnum kröfum og/eða harkalegu framferði seljanda, einkum við endurheimtu söluhlutar, ásamt því að tryggja seljanda fullnægjandi úrræði vegna vanefnda kaupanda. Við gerð frumvarpsins var að miklu leyti haft hliðsjón af fyrrnefndum norrænum lögum um þetta efni.⁵ Umrætt stjórnarfrumvarp mætti talsverðri andstöðu tiltekinna umsagnaraðila og dagaði upp í þinginu, enda virtist lítil samstaða vera um kosti þess. Seinna var hafin vinna að undirbúningi laga um lánsviðskipti almennt, en frumvarp þetta var þó aldrei lagt fyrir Alþingi. Þingmannafrumvarp til laga um afborgunarkaup var þó borið upp á Alþingi árið 1986, en eins og forveri þess fékk það ekki brautargengi þar. Segja má að neytendavernd í afborgunarkaupum hafi ekki náð fram að ganga hérlendis fyrr en Íslendingar tóku að sækjast eftir aðild að sáttmála um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Aðild að EES leiddi til þess að Íslendingar urðu að samræma löggjöf sína að fjölmörgum EB-tilskipunum og meðal tilskipana sem nauðsynlegt var að taka upp í tengslum við aðild að EES voru tilskipanir um neytendalán.⁶ Það má því segja að aðild

⁴ Páll Sigurðsson: *Kauparéttur*, bls. 304-306.

⁵ Alþt. 1978-79, A-deild, bls. 1761.

⁶ Páll Sigurðsson: *Lagaþættir III*, bls. 352-353.

Íslands að EES hafi leitt til þess að réttarreglur um afborgunarkaup og neytendavernd í lánsviðskiptum, hafi fyrst fengið almennilegt fylgi hér á landi.

2.4 Tilskipanir Evrópusambandsins um neytendalán

Eins og fyrr segir leiddi aðild Íslands að EES-samningnum til þess löggjöf um neytendavernd í lánsviðskiptum fékk fyrst brautargengi hérlendis. Með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, var meginmáli, viðauka og bókunum EES-samningsins veitt lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laganna, en samkvæmt b-lið 7. gr. samningsins hafa yfirvöld samningsaðila val um form og aðferð við aðlögun tilskipana EBE að íslenskum rétti. Lög um neytendalán, nr. 121/1994, eru sett í samræmi við ákvæði XIX. viðauka EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

Í Evrópusambandinu hafa verið samþykktar fjórar tilskipanir sem fjalla um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkja varðandi neytendalán. Fyrstu þrjár tilskipanirnar, mæla fyrir um lágmarksvernd til handa neytendum, meðan fjórðu tilskipuninni er ætlað að mæla fyrir um allsherjarsamræmingu á EES-svæðinu. Umrædd tilskipun hefur ekki verið innleidd í íslenskan rétt en gerð verður sérstaklega grein fyrir efni hennar í 10. kafla þessarar ritgerðar. Nú verður hins vegar gerð stuttlega grein fyrir fyrstu þremur tilskipunum, sem byggja á lágmarkssamræmingu og heimila því aðildarríkjum að veita neytendum ríkari réttarvernd en ákvæði þeirra mæla fyrir um.⁷

Tilskipun ráðsins frá 22. desember 1986, nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán, hafði því hlutverki að gegna að koma á lágmarksvernd til handa neytendum á sviði neytendalána. Samkvæmt aðfararorðum tilskipunarinnar var fyrir gildistöku hennar, mikill munur á lögum aðildarríkja á þessu sviði, sem gat leitt til röskunar á samkeppni milli lánveitenda innan EES-svæðisins. Þessi munur var til þess fallinn að takmarka möguleika neytandans til að fá lán í öðrum aðildarríkjum, ásamt því að hafa áhrif á umfang og eðli þeirra lána sem leitað var eftir, sem og á kaup á vörum og þjónustu. Þessi munur hafði því áhrif á frjáls vöruviðskipti og þjónustu sem neytendum stóð til boða á lánskjörum, og hafði þannig bein áhrif á starfsemi bandalagsins. Umrædd tilskipun var því talin til hagsbóta jafnt fyrir neytendur, lánveitendur, framleiðendur, heildsala og smásala sem og þjónustuaðila, enda stefndi hún að sameiginlegum neytendalánamarkaði sem auðveldaði umrædd viðskipti milli aðildarríkja. Segja má að ein mikilvægasta réttarbótin sem tilskipunin boðaði fyrir neytendur, hafi verið réttur þeirra til upplýsinga. Í aðfararorðunum

⁷ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 23.

segir að rétt sé að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar um lánskilyrði, lánskostnað og um skuldbindingar sínar. Upplýsingarnar eiga m.a. að taka til árlegrar hlutfallstölu kostnaðar eða, sé því ekki til að dreifa, heildarupphæðarinnar sem neytandanum ber að greiða fyrir lánið. Þar til sameiginleg ákvörðun hefur verið tekin um aðferð við útreikning á árlegri hlutfallstölu lánskostnaðar, er aðildarríkjunum heimilað að beita gildandi aðferðum eða viðteknum venjum um útreikninginn. Þá lagði tilskipunin jafnframt ákveðna skyldu á herðar lánveitanda um að upplýsa neytanda um tiltekin atriði í auglýsingum og skriflegum skilmálum sammings, ef því var að dreifa. Aðildarríkjunum bar m.a. að tryggja að óréttmæt auðgun ætti sér ekki stað við endurheimtu eignarréttar, þegar um er að ræða lán sem veitt er til öflunar vöru, ásamt því að heimila neytanda að standa skil á skuldbindingum sínum fyrir gjalddaga.

Með tilskipun ráðsins nr. 90/88/EBE frá 22. febrúar 1990, voru gerðar breytingar á tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán. Samkvæmt aðfararorðum tilskipunarinnar hafði hún í för með sér að framvegis bar aðildarríkjunum að styðjast við eina og sömu aðferðina við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Þetta var talið æskilegt svo hægt væri að stuðla að stofnun og starfsemi innri markaðar, og til að tryggja að neytendur nyttu verulega mikillar verndar. Með þetta í huga og í samræmi við skilgreiningu á heildarkostnaði við lán til neytenda, var ákveðið hvaða þættir lánskostnaðar skyldu taka til greina við útreikninginn. Um var að ræða neikvæða nálgun, þar sem tilgreindur var sá kostnaður sem ekki átti að telja til heildarkostnaðar. Þá mælti tilskipunin jafnframt um að auka þær upplýsingar sem veita bæri neytendum í skriflegum samningum, eins og upphæðir, fjölda og tíðni eða gjalddaga greiðslna, vaxtagreiðslur og annan kostnað. Þessi tilskipun og tilskipun nr. 87/102/EBE voru aðlagðar íslenskum rétti með lögum um neytendalán nr. 30/1993, ásamt síðari breytingum.

Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/7/EB, frá 16. febrúar 1998, var gerð önnur breyting á tilskipun nr. 87/102/EBE, með það að markmiði að auka enn frekar réttarvernd neytenda. Helstu breytingarnar sem tilskipunin fól í sér voru að tímabil milli dagsetninga, sem notaðar eru við útreikninga, var ákvarðað með nákvæmari hætti en áður, ásamt því að niðurstöður útreikninganna skyldu framvegis gefnar með nákvæmni upp á minnst einn aukastaf. Umræddar breytingar voru lögfestar með reglugerð nr. 236/2000 um breyting á reglugerð um neytendalán, nr. 377/1993, með síðari breytingum.

2.5 Lög um neytendalán, nr. 121/1994

Í fræðilegri umfjöllun í lögfræði er venja að skipa umfjöllun um ríkisbundnar réttarreglur í tvo meginstofna, þ.e. allsherjarrétt og einkarétt. Þessi skipting er fyrst og fremst til hagræðis, þar sem verndarhagsmunir þessara reglna geta verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða opinberar eða einkaréttarlegar reglur. Í neytendalöggjöfinni er þó nokkuð áberandi hve skilin á milli allsherjarréttar og einkaréttar eru óglögg. Algengt er að sett séu einkaréttarleg lög, sem fjalla um samband neytanda við viðsemjanda sinn, en opinberum aðilum síðan falið að hafa eftirlit með lögunum og honum veittar heimildir til að grípa til úrræða ef ekki er farið að lögunum.⁸ Lög um neytendalán, nr. 121/1994, falla þannig undir allsherjarrétt þar sem lögin mæla fyrir um eftirlit Neytendastofu, en eru samt einkaréttarlegs eðlis þar sem þau mæla fyrir um skaðabótaábyrgð lánveitanda vegna lögbrota, sbr. 27. gr. laganna. Neytendastofa hefur ekki heimild til þess að leysa úr einkaréttarlegum kröfum en getur þó mælt fyrir um hvort lánessamningur brjóti gegn lögunum, en sú niðurstaða kann svo að vera nægur grundvöllur fyrir skaðabótakröfu neytandans fyrir dómstólum.

Með lögum um neytendalán, nr. 30/1993, voru fyrst lögfestar hér á landi reglur sem mæltu fyrir um tiltekin réttindi neytenda í lánsviðskiptum, þegar gerður er samningur við lántakendur í atvinnuskyni af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila, sbr. 1. gr. frumvarps nr. 30/1993. Frumvarp þetta var eitt þeirra frumvarpa sem lagt var fyrir Alþingi í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og hafði það að markmiði að aðlagja íslenska löggjöf að reglum Evrópubandalagsins. Við samningu frumvarpsins var byggt á tilskipunum ráðs Evrópubandalagsins nr. 87/102 EBE og nr. 90/88 EBE, sem voru innleiddar með frumvarpinu, ásamt því að tekið var mið af dönsku og sænsku frumvörpunum um lánessamninga við neytendur sem voru í vinnslu á þeim tíma.⁹ Tilgangurinn með setningu samræmdra reglna á þessu sviði var einkum sá að tryggja að neytendur fengu tilteknar upplýsingar í té í tengslum við lánveitingar, og þannig stuðla að því að þeir nytu sem mestrar verndar við samningsgerðina. Með frumvarpinu var jafnframt verið að jafna stöðu lánveitenda milli aðildarríkja EES, enda nutu neytendur mismikillar verndar í aðildarríkjunum áður en tilskipanirnar voru settar. Virk samkeppni meðal fyrirtækja má segja að sé forsenda þess að neytendur geti notið sem besta kjara í viðskiptum við fyrirtæki, enda er upplýsingagjöf forsenda þess að neytendur geti metið mismunandi tilboð lánveitenda.¹⁰ Í framsöguræðu

⁸ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 21-22.

⁹ Heitið á dönsku lögunum er *Lov om kreditaftaler, nr. 398 frá 13. júní 1990* og heitið á sænsku lögunum er *Konsumentkreditlag (1992:830)*.

¹⁰ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 531.

viðskiptaráðherra, í tengslum við frumvarp til laga um neytendamála nr. 30/1993, var bent á að Íslendingar hafi þurft að uppfylla báðar þessar tilskipanir samkvæmt EES-samningnum, og að eðlilegt hafi þótt að gera slíkt í einum heildarlögum. Þar sem hér á landi voru hvorki í gildi lög um upplýsingaskyldu í lánsviðskiptum né neytendalánnum, átti frumvarpið að vera talsverð réttarbót fyrir neytendur.¹¹

Samkvæmt athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga nr. 30/1993 um neytendalán, var frumvarpinu ætlað að ná til lánessamninga sem gerðir voru við lántakanda af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila, þó með vissum undantekningum. Frumvarpinu var ætlað að ná til lána vegna kaupa á lausafé og þjónustu, svo og almennra neyslulána. Upphaflega átti frumvarpið að taka jafnt til lánessamninga sem einstaklingar og lögaðilar gerðu sem lántakar, enda talið mikilvægt að fyrirtæki ættu rétt á upplýsingum í lánsviðskiptum jafnt sem einstaklingar.¹² Í samræmi við þetta var frumvarpinu upphaflega gefið heitið „frumvarp til laga um lánsviðskipti“. Frumvarp þetta fékk talsverða umfjöllun hjá efnahags- og viðskiptanefnd eftir fyrstu umræðu á þingi og nefndinni bárust ýmsar umsagnir frá hagsmunaaðilum, sem leiddu til þess að gildissvið frumvarpsins var þrengt og nafni þess breytt í „frumvarp til laga um neytendalán“, sbr. framsöguræða viðskiptaráðherra.¹³ Frumvarp þetta var þó aldrei borið undir 2. umræðu á þingi, þar sem nefndarálit leiddi til þess að frumvarpið krafðist stórkostlegra breytinga.¹⁴ Nefndarálit þetta var aldrei lagt fyrir Alþingi.¹⁵

Eins og fyrr greinir var megintilgangur frumvarps þess er varð að lögum nr. 30/1993 um neytendalán, að bæta möguleika lántakanda til að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda. Þessi tilgangur endurspeglast best í ákvæðum laganna er mæla fyrir um upplýsingaskyldu lánveitanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar, sem hann verður að veita áður en lánessamningurinn er gerður. Með því að tryggja neytanda þannig tiltekna grunnupplýsingar áður en gengið er að samningi, er honum gert auðveldara fyrir að meta kosti þess láns sem í boði er, við val milli tveggja eða fleiri lánessamninga.¹⁶

Samkvæmt 24. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994 (framvegis skammstöfuð nll.) er óheimilt að víkja frá ákvæðum laganna eða reglugerða sem settar eru með stoð í lögnum, neytenda í óhag. Þetta ákvæði er í samræmi við 14. gr. tilskipunar 87/102 EBE. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin sjá til þess að ekki sé vikið frá ákvæðum

¹¹ Alpt. 1992-93, B-deild, bls. 982.

¹² Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 531.

¹³ Alpt. 1992-93, B-deild, bls. 982.

¹⁴ Páll Sigurðsson: *Lagaþættir III*, bls. 352.

¹⁵ Alpt. 1991-92, B-deild, bls. 140-141.

¹⁶ Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 531.

landslaga með samningi, þ.e. þeim ákvæðum sem eru í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, ef slíkt leiðir til þess að neytandi njóti minni réttarverndar. Þá ber aðildarríkjunum enn fremur að tryggja að ekki sé hægt að víkja frá ákvæðum laganna með samningi sem beinlínis er gerður í því skyni að halda honum utan gildissviðs laganna, sbr. 2. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði sem spornar við þess háttar sammingsgerð er að finna í 2. mgr. 2. gr. nll.

Hér á eftir verður nánar gerð skil á ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán, með það að markmiði að skýra nánar efni laganna. Stuðst verður við viðurkennd lögskýringargögn, fræðirit frá Norðurlöndunum, einkum Danmörku og Svíþjóð þar sem íslensku lögin tóku mið af þeim, ásamt úrlausnum eftirlitsstjórnvalda, innlendra sem erlendra, og dómum er koma að gagni við lögskýringu.

3. Gildissvið laganna

3.1 Almenn

Gildissvið laga um neytendalán, nr. 121/1994, er afmarkað annars vegar með almennum hætti í 1. gr. laganna, og hins vegar með neikvæðum hætti í 2. gr. laganna. Ákvæði þessi verður að skoða saman enda falla aðeins þeir lánessamningar undir lögina sem ekki eru sérstaklega undanþegnir í 2. gr. og samræmast ákvæði 1. gr. laganna. Þá verður jafnframt að hafa hliðsjón af þeim hugtökum sem koma fram í 4. gr. laganna, enda er þar skýrt tekið fram hverjir geta verið lánveitendur og neytendur í skilningi laganna. Það er því mikilvægt að afmarka hvaða aðila og samninga lögina taka til, enda er slíkt forsenda þess að hægt sé að komast að niðurstöðu um það hverjir geti notið þeirrar réttarverndar sem í lögnum felst.

Hér á eftir verður fjallað um þá samningsaðila sem lögina ná til, þá lánessamninga sem falla undir gildissvið laganna og utan þeirra, ásamt því að farið verður yfir þá lánessamninga sem hafa verið algengir í viðskiptalífinu hérlandis, með það að markmiði að draga ályktun um það hvaða samningar falla undir lögina.

3.2 Aðilar samnings

3.2.1 Almenn

Samkvæmt 1. gr. nll. taka lögina til lánessamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Afmörkun á því hverjir geta annars vegar talist vera lánveitendur og hins vegar neytendur, hefur mikla þýðingu fyrir umfjöllun þessarar ritgerðar. Hér á eftir verður reynt að finna skýringu á þessum hugtökum í lögskýringargögnum og innlendum sem norrænum fræðiritum. Eins og fyrr segir var við samningu frumvarps til laga um neytendalán, nr. 30/1993, tekið mið af dönsku og sænsku frumvörpum um lánessamninga við neytendur, og því verður leitað frekari skýringa þangað.

3.2.2 Lánveitandi í skilningi laganna

Í b-lið 4. gr. nll. er lánveitandi skilgreindur sem einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem veitir lán. Samkvæmt athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, nær hugtakið lánveitandi bæði yfir þann sem veitir lánið og þann sem hefur áunnið sér réttindi lánveitanda samkvæmt samningi nema annað komi fram í lögnum.

Þá taka löginn jafnframt til þeirra lánessamninga sem gerðir eru við lántakanda í atvinnuskyni af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila. Frumvarpinu var þannig jafnframt ætlað að ná til lána vegna kaupa á lausafé og þjónustu, svo og almennra neyslulána, þegar neytendur semja beint við verslanir, framleiðendur og þjónustuaðila.¹⁷ Hugtakið lánveitandi er hvorki nánar útfært í lögum um neytendalán né lögskýringargögnum, og því verður að leita út fyrir löginn til þess að ákvarða inntak þess.

Hugtakið lánveitandi nær bæði til lánveitanda sjálfs og einstaklinga sem hafa öðlast rétt frá lánveitanda til að ganga frá samningum fyrir þeirra hönd, þ.e. þeirra sem hafa milligöngu við samningsgerðina eins og t.d. seljendur vöru. Lánveitandi sem fjármagnar kaupin er þá kröfuhafi, nema hann framselji kröfuna til þriðja aðila sem nýtur þá stöðu lánveitanda, sbr. 17. gr. nll.¹⁸

Svo um sé að ræða neytendalán, er það grundvallarskilyrði að lánveitandi sé í atvinnurekstri og að lántaki sé neytandi eða m.ö.o. einstaklingur sem stendur utan atvinnurekstrar. Lánveitandi er skilgreindur út frá atvinnu sinni meðan neytandi er skilgreindur út frá tilgangi hans með láninu. Af þessu leiðir að lánveitandi sem stendur að lánveitingu utan atvinnustarfsemi og neytandi sem tekur lán til þess að fjármagna atvinnutengd verkefni, falla utan gildissviðs laganna. Þá fellur jafnframt lánveiting milli tveggja fyrirtækja og lánveiting milli tveggja neytenda utan gildissviðs þeirra. Hugtakið einstaklingur í b-lið 4. gr. nll. vísar til þeirra einstaklinga sem útvega lánið fyrir hönd lánveitandans, og því er það grundvallarþáttur að atvinnustarfsemi liggi að baki viðskiptunum.¹⁹

Afmörkun á því hvaða starfsemi telst til atvinnustarfsemis er hvorki að finna í lögum um neytendalán né lögskýringargögnum. Aðalviðmiðið er hvort lánveitandi bjóði neytanda lán í tengslum við starfsemi fyrirtækisins, þar sem tilgangur starfseminnar er að mynda gróða. Um er að ræða víðtæka skilgreiningu, enda eru löginn ekki takmörkuð við starfsemi fjármálafyrirtækja sem starfa á grundvelli opinbera leyfa. Útbúa verður lánessamninginn af starfsmanni fyrirtækisins, og slík vinna verður að vera í nánnum tengslum við starfsemi fyrirtækisins. Þannig myndu t.d. lánessamningar þar sem iðnaðarmaður útvegar vini sínum tiltekna þjónustu og ef hann vinnur vinnuna utan starfsins, væntanlega ekki falla undir löginn. Slík vinna er ekki í boði fyrir alla og ekki alltaf með sömu kjörum. Ef lánveitingin á sér stað í

¹⁷ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 532.

¹⁸ Lennart Lyngé Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 45.

¹⁹ Lennart Lyngé Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 41.

tengslum við ákveðna þjónustu, og neytandinn fær lánið á sömu kjörum og hver annar, er rökrétt að telja að lánið falli undir lögin.²⁰

Fullyrða má að langflest neytendalán sem í boði eru í viðskiptum manna hér á landi, stafi frá fjármálafyrirtækjum. Samkvæmt 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, teljast fjármálafyrirtæki vera þau fyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna getur starfsemi lánafyrirtækja tekið til útgáfu neytendalána. Ekki er gerð nánari skil á starfsemi lánastofnana/lánafyrirtækja í lögnum en í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarp til laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóði, nr. 123/1993, kemur fram að starfsemin felst m.a. í því að veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.²¹ Lög nr. 123/1993 voru felld brott með gildistöku laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en þrátt fyrir það er eðlilegt að taka mið af skilgreiningu laganna á lánastofnun, við afmörkun á hugtakinu lánveitandi. Mikilvægt er við lögskýringu að kanna sögulegan grundvöll lagaákvæðis, bæði nánasta fyrirrennara lagaákvæðisins og stundum enn eldri lög um sama efni, með það að markmiði að ákvarða skýringu hugtaks. Könnun á tengslum milli eldri og yngri laga getur rennt stoðum undir val á lögskýringarkostum. Ef yngri lög geyma ákvæði sem er efnislega óbreytt frá eldri lögum, eru líklegt að ákvæðið í yngri lögnum verði skýrt með sama hætti og samkvæmt eldri lögnum.²² Þótt algengast sé að fjármálafyrirtæki séu lánveitendur í skilningi laga um neytendalán, nr. 121/1994, má ekki gleyma að hugtakið lánveitandi er mun rýmra en það að önnur fyrirtæki sem veita lán í atvinnuskyni, falli utan gildissviðs laganna.

3.2.3 Neytandi í skilningi laganna

Samkvæmt a-lið 4. gr. nll. er með hugtakinu „neytandi“ átt við þann einstakling sem á lánsviðskipti sem lög þessi ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu. Í a-lið 4. gr. frumvarps til laga nr. 30/1993 um neytendalán, var neytandi skilgreindur sem einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgreiðslu, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni. Í breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar var lögð til breyting á skilgreiningunni, þannig að hugtakið neytandi væri afmarkað sem einstaklingur sem á í viðskiptum er falla undir gildissvið laganna, tekur lán eða

²⁰ Lennart Lynge Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 44.

²¹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 5024.

²² Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 417-418.

kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu viðskipti ekki gerð í atvinnuskyni. Umrædd breyting var lögð til, með það að markmiði að þrengja skilgreiningu á hugtakinu „neytandi“ enda var talið að upphaflega frumvarpið legði of mikla upplýsingaskyldu á fyrirtæki.²³ Í álit efnahags- og viðskiptanefndar var jafnframt lagt til að skilgreining b-liðar 4. gr. frumvarpsins á hugtakinu „lántaki“ yrði felld brott og orðið „neytandi“ látið koma í staðinn, alls staðar í frumvarpinu. Orðið lántakandi var talið vera mun víðtækara hér en samkvæmt tilskipuninni þar sem það náði bæði yfir einstaklinga og lögaðila, en ekki einungis einstaklinga sem eiga viðskipti sem telja má óskyld starfi hans.²⁴ Samkvæmt framsöguræðu viðskiptaráðherra fékk frumvarpið talsverða umfjöllun hjá viðskiptaráðuneytinu þar sem tekin var ákvörðun um að takmarka gildissvið frumvarpsins. Ákveðið var að takmarka efnisinntak hugtaksins, ásamt því að heiti frumvarpsins var breytt úr frumvarpi til laga um lánsviðskipti í frumvarp til laga um neytendalán.²⁵ Rétt er þó að geta þess að frumvarp til laga um lánsviðskipti var aldrei lagt fyrir Alþingi, þótt það hafi verið samið.²⁶

Með 3. gr. frumvarps til laga nr. 101/1994 um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, var lögð til breyting á hugtakinu „neytandi“, með það að markmiði að gera hugtakið einfaldara án þess að um efnisbreytingu væri að ræða.²⁷ Samkvæmt því telst neytandi vera einstaklingur sem á lánsviðskipti sem lögin ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu. Þessi skilgreining hefur haldist óbreytt frá þeim tíma.

Tilskipanir Evrópusambandsins á hugtakinu neytandi hafa það sammerkt að aðeins einstaklingur getur talist neytandi, ekki fyrirtæki eða lögpersónur, ásamt því að einstaklingurinn verður að koma fram í öðru skyni en vegna starfs síns.²⁸ Þótt tiltekinn orðalagsmunur sé á þessum skilgreiningum eftir tilskipunum, má fullyrða að þær miði allar í meginráttum við þessa nálgun. Fallið hafa ýmsir dómar á sviði Evrópuréttar sem varða nánari skilgreiningu á hugtakið „neytandi“. Þannig hefur Evrópudómstóllinn m.a. haft þau viðmið að líta yrði til þess hvort samhengi væri á milli atvinnurekstrar og þess samnings sem

²³ Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 4681.

²⁴ Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 535.

²⁵ Alpt. 1992-93, B-deild, bls. 982.

²⁶ Páll Sigurðsson: *Lagaþættir III*, bls. 352.

²⁷ Alpt. 1993-94, A-deild, bls. 2941.

²⁸ Sjá t.d. 2. tölul. 2. gr. tilskipunar um neytendavernd að því er varðar fjarsölu, nr. 97/7/EBE, a-lið 2. gr. tilskipunar um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi, nr. 99/44/EBE og b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar um óréttmæta skilmála í neytendasamningum, nr. 93/13/EBE.

gerður hafði verið²⁹, ásamt því hvort samningi væri ætlað að uppfylla persónulegar þarfi viðkomandi³⁰.

EBD, mál C-361/89, ECR 1991, bls. I-1189 (Di Pinto). Di Pinto rak fyrirtæki sem gaf út tímarit sem sérhæfði sig í að auglýsa sölu fyrirtækja. Í þeim tilgangi að afla sér slíkra auglýsinga, leitaði Di Pinto og fulltrúar hans til fyrirtækja óumbeðnir, annað hvort á heimili forsvarsmanna eða á vinnustað þeirra, eftir að hafa rætt við þá áður í síma. Um var að ræða sakamál gegn Di Pinto sem eiganda fyrirtækisins, þar sem Di Pinto var talinn hafa brotið gegn lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, með því stofna til samninga við fyrirtæki án þess að upplýsa þá um rétt þeirra til að falla frá samningi innan sjö daga frá undirritun samnings. Álitæfnið hér var það hvort þessi fyrirtæki sem Di Pinto heimsótti, gætu talist neytendur í skilningi tilskipunar nr. 85/577/EB, enda var tilskipuninni sérstaklega ætlað að vernda neytendur en ekki kaupmenn, og ef svo var hafði Di Pinto gerst brotlegur gegn ákvæðum tilskipunarinnar. EB-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kaupmennirnir sem Di-Pinto heimsótti gátu ekki talist vera neytendur, þar sem tilskipunin ætti aðeins við um einstaklinga sem gerðu samninga er lágu utan starfssviðs þeirra. Líta yrði til þess hvort samhengi væri á milli atvinnurekstrar og þess samnings sem gerður hefði verið, en það að umræddir samningar væru fátíðir í atvinnurekstrinum, gat ekki leitt til gagnstæðrar niðurstöðu. Dómstóllinn taldi að undirbúningur að sölu fyrirtækja væri ekki svo sérstakur að hann félli utan við starfsemi fyrirtækja, og því áttu fyrirtækin að geta verið upplýst um atriði er viðkomu fyrirtækinu og þyrftu því ekki á sérstakri vernd að halda.

Í dönskum rétti er hugtakið „neytandi“ skilgreint út frá tilgangi hans með láninu, ásamt því að lagt er til grundvallar að hugtakið sé ekki einskorðað við einstaklinga. Í 1. gr. dönsku laganna um neytendalán³¹ var hugtakið afmarkað þannig að einstaklingur og/eða lögaðili gæti talist vera neytandi í skilningi laganna, ef lánið var að hluta til ætlað fyrir atvinnustarfsemi lántakans.³² Þá var jafnframt gerður sá áskilnaður að lánveitandi þurfi að vita af þessari stöðu lántakans, þ.e. að lánið sé aðallega ætlað utan atvinnustarfsemi lántaka, en sá áskilnaður gildir ekki lengur.³³ Hugtakið í dönskum rétti er því rýmra en ákvæði tilskipunar nr. 87/102/EBE

²⁹ Sjá t.d. *EBD, mál C-89/91, ECR 1993, bls. I-139.*

³⁰ Sjá t.d. *EBD, mál C-91/92, ECR 1994, bls. I-03325 (Faccini-Dori)*

³¹ Lov om kreditaftaler, nr. 398 frá 13. júní 1990

³² Í *UfR 1998, bls. 47H* hafði matráðsmaður fjárfest í sjö gámum fyrir 100.000 DKK, en kaupin voru fjármögnuð með útgáfu skuldabréfs til fjármögnunarfyrirtækis. Lántaki var ekki talinn neytandi í skilningi laga um neytendalán, þar sem kaupandi hafði notið skattalegs hagræðis sem atvinnurekandi, með því að afskrifa kaupin við framtal skatts. Að mati hæstaréttar voru viðskiptin í of nánnum tengslum við atvinnurekstur lántaka, og því féll lánið utan gildissviðs laganna.

³³ Í *UfR. 1988, bls. 415V* var fjallað um það hvort lánsamningur með eignarréttarfyrirvara, vegna kaupsamnings um bifreið, félli undir gildissvið dönsku laganna um afborgunarkaup, en gildissvið laganna var afmarkað með sama hætti og dönsku lögum um neytendalán. Kaupandi bifreiðarinnar hafði rekið tiskuvöruverslun, ásamt því að starfa í hlutastarfi fyrir tvær fataverslanir, og því snéri álitamálið um það hvort lánveitingin væri í of miklum tengslum við starf lántaka. Landsréttur túlkaði gildissvið laganna þannig að lánsamningurinn félli undir lögum, svo fremi sem bifreiðin væri ekki nýtt í sjálfstæðan atvinnurekstur kaupandans. Þar sem bifreiðin hafði verið nýtt að hluta til í starfi kaupandans, féll lánsamningurinn undir gildissvið laganna. Í *UfR 1995, bls. 432H* hafði hópur einstaklinga, sem hver um sig hafði mjög háar árstekjur, fengið lán frá 100.000-400.000 DKK fyrir kaupum á demöntum. Hæstiréttur taldi að launþegarnir hefðu komið fram sem neytendur í viðskiptunum, enda áttu þau sér stað aðallega utan atvinnureksturs kaupandans og seljandi mátti vita slíkt. Þá benti Hæstiréttur jafnframt á að lögum miðuð ekki við að stærð eða umfang greiðslu ætti að skipta máli við matið. Þótt ætlunin hafi

þar sem ákvæði hennar er takmarkað við einstakling sem lántaka, þ.e. að lántaki geti ekki talist neytandi ef hluti lánsins er ætlaður fyrir atvinnustarfsemi. Í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er aðeins miðað við að um sé að ræða einstakling sem á í viðskiptum er falla undir tilskipunina, og að hann komi fram í þeim tilgangi sem telst óskyldur starfi hans. Gildissvið dönsku laganna er því eins og áður segir rýmra heldur en tilskipunin, hvað þetta varðar, og því getur verið varhugavert að styðjast í of miklum mæli við dönsk fordæmi. Lánveitandi skv. dönsku lögnum verður ekki aðeins að sanna að lánessamningur falli utan gildissviðs laganna, heldur verður hann jafnframt að sanna að hann hafi vitað eða mátt vita að svo hafi verið. Slík sönnun kann að vera erfið í framkvæmd.³⁴

Í *UfR 2000, bls. 577H* höfðu nokkrir samstarfsmenn tekið þátt í að stofna tvö fyrirtæki og fengið lán til þess. Þrátt fyrir að fyrirtækin voru skráð sem lántakar á samningnum, taldi Hæstiréttur að fjárfestarnir gætu talist vera neytendur í skilningi laganna. Rökstuðningur fyrir þessari niðurstöðu var sá að einstaklingarnir störfuðu aðallega utan starfsemi fyrirtækisins, sem verið var að stofna, og að lánveitanda hlaut að vera ljóst að svo hafi verið.

3.3 Lánessamningar sem falla undir gildissvið laganna

3.3.1 Hugtakið lánessamningur samkvæmt 1. gr. nll.

Eins og fyrr er getið segir í 1. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, að lögin taki til lánessamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Við afmörkun á því hvaða lánessamningar falla undir gildissvið laga um neytendalán verður, áður en lengra er haldið, að byrja á því að skilgreina hugtakið „lánessamningur“ í skilningi laganna. Samkvæmt c-lið 4. gr. nll. telst lánessamningur vera samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán í formi greiðslufrests eða svipaðar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins.

Aðalviðmið við ákvörðun á því hvort löggerningur falli undir lögin, er hvort um sé að ræða lánsfjárhæð sem neytandi þarf að endurgreiða lánveitanda á ekki skemmri tíma en a.m.k. þremur mánuðum, sbr. a-liðar 1. mgr. 2. gr. nll. Ekki skiptir öllu máli í hvaða tilgangi lánið er veitt eða hvernig það er flokkað. Þrátt fyrir að tiltekinn munur sé annars vegar á orðalagi c-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 87/102/EBE, og hins vegar ákvæðum dönsku og íslensku laganna um neytendalán, er enginn efnislegur munur á skilgreiningu hugtaksins

verið að selja demantana aftur, hafði slíkt ekki leitt til þess að einstaklingarnir nytu stöðu neytenda, þ.e. ef slík endursala var ekki liður í atvinnustarfsemi þeirra.

³⁴ Lennart Lynge Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 45-48.

lánssamningur í framkvæmd. Af því leiðir að rétt er að taka mið af fordæmum Evrópudómstólsins og danskra fordæma.³⁵

Það sem helst hefur valdið vankvæðum við skilgreininguna í c-lið 4. gr. nll. eru orðin „eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu“. Umrætt orðalag getur valdið vafa um hvaða samningar falla undir lögin, en þannig hafa t.d. ábyrgðaryfirlýsingar einstaklinga verið taldar falla utan gildissviðs laganna, enda eiga slíkar yfirlýsingar sér ekki samstöðu við lánveitingar.³⁶

Í eftirfarandi dómi EB-dómstólsins var m.a. fjallað um það hvort ábyrgðaryfirlýsingar teldust til lánssamninga í skilningi tilskipunar nr. 87/102/EBE.

EBD, mál C-208/98, ECR 2000, bls. I-1741 (Berliner Kindl Brauerei). Málavextir voru þeir að bruggverksmiðja nokkur hafði lánað tilteknum einstaklingi lán að fjárhæð DEM 32.000, ásamt því að leigja honum eignir að verðmæti DEM 58.523. Tilgangurinn með þessum lánssamningum var sá að gera lántaka kleift að fjármagna opnun veitingastaðar. Þriðji aðili, einstaklingur sem hafði engin bein tengsl við atvinnureksturinn, gaf síðan út ábyrgðaryfirlýsingu í tengslum við lánssamninginn en seinna var lánið gjaldfellt og ábyrgðarmaður krafinn um greiðslu eftirstöðva ásamt auka kostnaði, þar sem lántaki var gjaldþrota. Að mati Evrópudómstólsins gat ábyrgðaryfirlýsingin ekki talist lánssamningur í skilningi tilskipunar nr. 87/102/EBE þar sem ekki var um að ræða lán eða loforð um lán til handa ábyrgðarmanninum, ásamt því að slíkt túlkun samræmdist ekki aðfararorðum og tilgangi tilskipunarinnar. Af þessum ástæðum bar lánveitanda ekki að veita ábyrgðarmanninum tilteknar upplýsingar með skriflegum hætti, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Við afmörkun á gildissviði laganna, þ.e. hvaða lánssamningar falla undir lögin, verður að líta til undanþáguákvæðis 2. gr. nll. Þar eru tilteknir lánssamningar sérstaklega undanþegnir gildissviði laganna, þótt þeir falli undir skilgreiningu 1. gr. laganna.

3.3.2 Neikvæð skilgreining á lánssamningum samkvæmt 2. gr. nll.

Í 2. gr. nll. er eins og að framan greinir að finna neikvæða afmörkun á því hvaða lánssamningar falla undir gildissvið laganna en í 1. mgr. greinarinnar eru sérstaklega tilgreindir þeir lánssamningar sem eru undanþegnir lögunum, þótt þeir falli undir skilgreiningu 1. gr. laganna.³⁷ Út frá því er eðlilegt að álykta að aðrir lánssamningar, sem falla undir skilgreiningu 1. gr. nll., heyri undir gildissvið laganna. Gagnályktun við lögskýringar leiðir til þess að tilvik sem hvorki verða felld undir 1. mgr. 2. gr. nll. með rýmkandi lögskýringu né lögjöfnun, geta orðið tilefni ályktunar um að önnur regla eigi að gilda um þau tilvik.³⁸ Þegar um er að ræða undanþáguákvæði eins og í tilfelli ákvæðisins, rétt við val á

³⁵ Lennart Lynge Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 69-70.

³⁶ Lennart Lynge Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 70-71.

³⁷ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 535.

³⁸ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 214.

lögskýringarleið að velja þrengjandi lögskýringu. Þegar lagaákvæði fela í sér frávik frá meginreglum, eins og 1. gr. nll., er rétt að skýra hana þröngt þannig að önnur tilvik sem eiga ekki beint undir regluna samkvæmt orðanna hljóðan, eru felld undir meginregluna.³⁹ Af þessu leiðir að aðrir samningar heldur en þeir sem eru sérstaklega tilgreindir í 1. mgr. 2. gr. nll. falla undir gildissvið laganna, að því tilskyldu að þeir samræmast 1. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE máttu aðildarríkin, í samráði við framkvæmdastjórnina, undanþiggja tilteknar tegundir lánessamninga frá gildissviði þeirra laga sem aðlöguðu landslög að tilskipuninni. Þetta eru lánessamningar sem veittir eru gegn lægra gjaldi en almennt gerist og lánessamningar sem standa ekki öllum almenningi til boða. Umrædd heimild var nýtt héraðis við samningu frumvarps til laga um neytendalán, nr. 30/1993 enda er tilgangur laga um neytendalán m.a. að tryggja neytendum sem mesta vernd, með því að bæta stöðu þeirra við samningsgerðina vegna yfirburða stöðu lánveitanda.⁴⁰ Fyrst og fremst er um að ræða lánessamninga sem eru ívilnandi fyrir lántaka en ekki er talið eins nauðsynlegt að tryggja rétt neytandans til upplýsinga þegar kemur að slíkum samningum.

3.3.2.1 Lánessamningar sem gilda í skemmri tíma en þrjá mánuði

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 2. gr. nll. eru lánessamningar sem gilda skemmri tíma en þrjá mánuði, undanþegnir gildissviði laganna. Samkvæmt g-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE skal tilskipunin ekki gilda um lánessamninga sem mæla fyrir um endurgreiðslu láns, annaðhvort innan þriggja mánaða hið mesta eða með í mesta lagi fjórum greiðslum innan tólf mánaða.

Dæmi um lánessamninga sem falla því utan gildissviðs laganna eru svokölluðu SMS-lánin svokölluðu eða smálán. Þar er um að ræða lán sem almennt eru til fimmtán daga með fyrirfram ákveðinni fjárhæð. Þá er það jafnframt einkennandi fyrir þessa lánessamninga að um er að ræða lága lánsfjárhæð, sem leiðir til þess að þeir eru jafnframt undanþegnir gildissviði laganna skv. e-lið 1. mgr. 2. gr. laganna.⁴¹

3.3.2.2 Lánessamningar sem fela í sér endurgreiðslu án vaxta og kostnaðar

Samkvæmt b-liðum 1. mgr. 2. gr. nll. eru lánessamningar sem fela í sér endurgreiðslu án vaxta og kostnaðar undanþegnir gildissviði laganna. Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til

³⁹ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 179-180.

⁴⁰ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 532-533.

⁴¹ Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.5.6.

laga um neytendalán, nr. 30/1993, kemur fram að ekki sé nauðsynlegt að beita upplýsingaskyldu lánveitanda vegna lána sem eru án kostnaðar, enda gefur auga leið að slík lán feli í sér betri kjör en almenningi býðst almennt⁴²

3.3.2.3 Lán veitt gegn lægra gjaldi en almenningi stendur almennt til boða

Samkvæmt c-lið 2. gr. nll. eru lánessamningar þar sem lán eru veitt gegn lægra gjaldi en almennt gerist og standa almenningi ekki til boða, undanþegnir gildissviði laganna. Slík lán fela í sér nokkurs konar örlætisgerning, sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. nll., og því ekki talið nauðsynlegt að veita neytendum sérstaka vernd við samningsgerð. Ákvæði þetta er í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE, en sú grein heimilar aðildarríkjum að undanþiggja þess háttar lánessamninga frá landslögum.

3.3.2.4 Lánessamningar að lægri fjárhæð en 15.000 kr.

Lánessamningar að lægri fjárhæð en 15.000 kr. eru undanþegnir lögnum, sbr. e-lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Í upphaflegri útgáfu frumvarps því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, var ákvæðið orðað með sama hætti og það er í dag. Þegar frumvarpið var hins vegar lagt fyrir efnahags- og viðskiptanefnd til nánari umfjöllunar, lagði nefndin til að tiltekin yrði bæði hámarks- og lágmarksfjárhæð á lánessamningum, þannig að lánessamningar lægri en 15.000 kr. og hærri en 1.500.000 kr. yrðu undanþegnir ákvæðum laganna.⁴³ Frumvarpið var samþykkt með þessum breytingum og stóð ákvæðið óhaggað þar til gerð var breyting á lögnum með lögum nr. 179/2000 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán. Ástæða þess að umrædd hámarksfjárhæð var felld brott var sú að framboð á lánnum til neytenda hafði vaxið, frá því að lög nr. 30/1993 tóku gildi, ásamt því að heildarfjárhæð einstakra lána til neytenda hafði hækkað. Það þótti því ekki lengur vera ástæða til að undanþiggja lánveitanda frá upplýsingaskyldu þeirri sem löggin mæla fyrir um.⁴⁴ Í framsöguræðu viðskiptaráðherra var tekið fram að annars staðar á Norðurlöndunum var ekki að finna slíka takmörkun á hámarksfjárhæð lána. Þá var jafnframt bent á að rík hefð væri fyrir því að hafa samræmi í lögum á sviði neytendaverndar á Norðurlöndum þegar efnislegar

⁴² Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 532-533.

⁴³ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 4681.

⁴⁴ Alþt. 2000-01, A-deild, bls. 721.

ástæður mæltu ekki gegn því.⁴⁵ Af þessari ástæðu þótti rétt að fella umrædda hámarksfjárhæð á brott, þannig að ákvæðið yrði í samræmi við löggjöf Norðurlandanna.

Samkvæmt tilskipun nr. 87/102 EBE eru lánessamningar að lægri fjárhæð en 200 evrur og hærri fjárhæð en 20.000 evrur undanþegnir gildissviði hennar. Við frumvarpsgerðina var miðað við lágmarksfjárhæðina 15.000 kr. þar sem sú fjárhæð var talin samsvarandi 200 ECU.⁴⁶ Það að skilgreina gildissvið laganna eftir tiltekinni hámarksupphæð lánessamninga takmarkar réttarvernd neytenda og í ljósi þess að tilskipunin mælir fyrir um lágmarksvernd neytenda var ekkert til fyrirstöðu að fella úr gildi ákvæðið og heimila ríkari réttarvernd í landslögum. Eins og fram kemur í aðfararorðum tilskipunar nr. 87/102/EBE mælir tilskipunin fyrir um tiltekið stig samræmingar á lögum og stjórnisýslufyrirmælum, þar sem gætt er að lágmarksvernd neytenda. Tilskipuninni er ekki ætlað að koma í veg fyrir að aðildarríki hafi áfram í gildi eða taki upp strangari ráðstafanir til verndar neytendum, að því gefnu að tekið sé tilhlýðilegt tillit til skuldbindinga ríkjanna samkvæmt sáttmálanum, og má þar helst nefna sú viðleitni að stuðla að sameiginlegum markaði.

3.3.2.5 Leigusamningar, aðrir en eignarleigusamningar

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 2. gr. nll. falla leigusamningar, aðrir en eignarleigusamningar, utan gildissviðs laganna. Með leigusamningi er átt við gagnkvæman samning, þar sem annar aðilinn, leigusali, lætur gagnaðilanum, leigutaka, í té eign sína til afnota gegn endurgjaldi. Engin almenn lög eru til um leigusamninga hér á landi en hins vegar eru til lög um einstakar tegundir leigusamninga, sbr. t.d. húsaleigulög, nr. 36/1994, og ábúðarlög, nr. 80/2004. Um stofnun leigusamnings gilda almennar reglur samningaréttar og efni þeirra ræðst yfirleitt af samkomulagi aðila nema lög hafi að geyma ófrávíkjanleg ákvæði.⁴⁷

Það er einkennandi fyrir leigusamninga að þeir stofna ekki til eignarréttar heldur er aðeins um að ræða tiltekinn afnotarétt leigutaka, þótt ekkert sé því til fyrirstöðu að semja á annan veg, t.d. að leigutaki megi jafnframt hirða arð af leiguandlaginu. Um er að ræða gagnkvæman samning í skilningi kröfuréttar, þar sem tiltekin skylda hvílir á báðum aðilum hans. Hvor aðilinn er því í senn kröfuhafi og skuldari, og skyldur aðilanna eru viðvarandi. Leiguandlagið getur hvort heldur verið hlutræns eðlis, t.d. fasteign, bifreið o.s.frv., eða annars konar fjárverðmæti, svo sem ýmis konar óbein eignarréttindi. Endurgjaldið fyrir afnotin er að

⁴⁵ Alþt. 2000-01, B-deild, bls. 345.

⁴⁶ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 533.

⁴⁷ Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín*, bls. 254.

jafnaði í formi peningagreiðslu, en þó geta aðilar samið um að greiðslu verði háttáð með öðrum hætti.⁴⁸

Af d-lið 1. mgr. 2. gr. nll. má ráða að samningar sem hafa fyrrnefnd einkenni leigusamninga og teljast ekki til eignarleigusamninga, falla utan gildissviðs laganna. Þar sem talsverðrar skörunar gætir meðal eignarleigu- og leigusamninga, verður að taka sjálfstæða afstöðu til hvers einstaks samnings þegar skorið er úr um hvort tiltekinn samningur falli undir gildissvið laganna. Nú nýlega hafa fallið dómur í Hæstarétti þar sem reynt hefur á túlkun þessa álitaefnis. Það sem einkum réð niðurstöðunni var efni samnings og fylgiskjala, ásamt því hvernig staðið var að viðskiptum sem lágu að baki samningsgerðinni.

Í dómi Hæstaréttar, *Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)* var m.a. tekist á um hvort tiltekinn bílasamningur væri lánessamningur eða hefðbundinn leigusamningur. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms hvað þetta álitaefni varðar, og taldi að um lánessamning væri að ræða. Í rökstuðningi Hæstaréttar var einkum litið til þriggja atriða, sem skáru úr um að lánessamning væri að ræða fremur en leigusamning. Í fyrsta lagi var litið til þess að ákvæði samningsins og fylgiskjala áttu meiri samstöðu með lánessamningi heldur en leigusamningi. Í greiðsluáætlun sem fylgdi samningnum, kom m.a. fram að um væri að ræða lán og lengd þess væri 48 mánuðir. Í samningnum var svo að finna ákvæði um vexti, sem greiða skyldi samhliða afborgunum, en slíkt ákvæði tíðkast í lánessamningum en ekki í leigusamningum. Að lokum var þess getið í samningnum að vanefndir heimiluðu kröfuhafa að rifta samning og í kjölfarið krefja leigutaka um fullar greiðslur til loka samningstímans. Þegar um er að ræða leigusamning, falla hins vegar niður skyldur leigutaka til áframhaldandi greiðslu á leigu, þótt leigusali geti eftir atvikum krafist bóta vegna missis leigutekna. Í öðru lagi var litið til eignarhalds á bifreiðinni, en samkvæmt samningnum átti leigutaki að verða eigandi bifreiðarinnar án sérstakrar greiðslu, eftir að hann hafði innt af hendi 48 mánaðarlegar afborganir. Að lokum var litið til þess að leigutaki hafði ekki leitað eftir því að taka á leigu bifreið sem kröfuhafi átti, heldur hafi hann valið sjálfur bifreið og samið um kaup hennar, þar á meðal um verð og greiðslukjör, án aðkomu kröfuhafa. Að þessum atriðum virtum, komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að um var að ræða lán til kaupa á bifreið, sem kröfuhafi hafði kosið að klæða í búning leigusamnings í stað þess að kaupa af leigutaka skuldabréf, sem tryggt væri með veði í bifreiðinni.

Í dómi Hæstaréttar, *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)* var tekist á um hvort samningur sem bar heitið „Bílasamningur kaupleiga“ í fyrirsögn samningsins, teldist til lánessamnings eða leigusamnings. Aðilar samningsins voru tilgreindir leigusali og leigutaki, samningurinn kvað á um leigu, leigutíma og leigugreiðslur, auk þess sem samningurinn bar önnur tiltekin einkenni leigusamnings. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða lánessamning og byggði þá niðurstöðu á svipuðum rökstuðningi og finna má í dómi Hæstaréttar nr. 153/2010. Hæstiréttur benti á að í texta samningsins hafi verið tiltekið að um kaupleigu hafi verið að ræða, og að leigutaki hafi gert sér grein fyrir því að lántaka í erlendri mynt væri áhættusöm þar sem gengisbreytingar gætu leitt til hækkunar á höfuðstól á lánstíma og þar með hækkun á afborgun höfuðstóls og vaxta. Þá var fjallað um afborganir í greiðslufirliti og sýnt hverjar eftirstöðvar væru eftir hverja greiðslu. Í skilmálum, sem fylgdu samningnum, var að finna ákvæði um vexti sem greiða skyldi samhliða afborgunum, en slíkt tíðkast á engan hátt í leigusamningum. Það að vanefndir heimiluðu leigusala riftun samnings og að krefjast fullra greiðslna til lok samningstíma, styrkti þá ályktun að um lánessamning væri að ræða. Þá byggði Hæstiréttur niðurstöðu sína á því að leigutaki átti að verða eigandi bifreiðarinnar gegn greiðslu á 1.000 kr. eftir að hafa innt af hendi 84 mánaðarlegar afborganir, sem tilgreindar voru

⁴⁸ Páll Sigurðsson: *Leiguréttur I*, bls. 27 og 29.

greiðslufirliti og greiðsluseðlum. Að lokum var vísað til þess að samkvæmt gögnum málsins leitaði leigutaki ekki til leigusala eftir að taka á leigu bifreið, heldur hafði hann sjálfur valið bifreiðina og samið um kaup hennar, án þess að leigusali hafi komið þar nærri. Að þessu virtu komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða lán til bifreiðakaupa, sem leigusali hafði kosið að klæða í búning leigusamnings í stað þess að kaupa af áfrýjanda skuldabréf, tryggt með veði í bifreiðinni.

Af þessu leiðir að skoða verður efni samninga þegar metið er hvort þeir falli undir nll. Líta verður til skilmála samningsins, hugtaksnotkunar og eðli samningsins, við afmörkun á því hvers konar samning er um að ræða.

3.3.3 Samningar sem eru gerðir í því skyni að halda þeim utan gildissviðs laganna

Með frumvarpi til laga nr. 101/1994 um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, var nýrri málsgrein, 2. mgr., bætt við 2. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu gilda undanþágur í 1. mgr. ákvæðisins ekki um samninga sem gerðir eru í því skyni að halda þeim utan gildissviðs laganna, þ.e. samninga sem gerðir eru í því markmiði að skerða rétt neytenda samkvæmt lögnum. Dæmi um lánessamning sem getur fallið undir umrætt ákvæði, er þegar lánveitandi ákveður að skipta lánsfjárhæðinni á fleiri en einn lánessamning svo hann komist undan ákvæðum laganna.⁴⁹ Nokkur hætta var talin vera fyrir hendi að reynt yrði að losna undan íþyngjandi ákvæðum lagana með aðferðum eins og þessari, og því var ákvæðinu ætlað að stemma stigu við slíkri samningsgerð.⁵⁰ Umrætt lagaákvæði er í samræmi við 1. mgr. 14. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE.

3.4 Samningar sem áður féllu utan gildissviðs laganna en falla nú undir lögina vegna lagabreytinga

Í eldri lögum um neytendalán voru ýmsir samningar felldir undir undanþáguákvæði 2. gr. laga um neytendalán, þannig að umræddir samningar féllu í raun utan gildissviðs laganna. Frá gildistöku laga um neytendalán, nr. 30/1993, hafa hins vegar átt sér stað umtalsverðar breytingar á gildissviði laganna. Vegna þessarar staðreyndar, þ.e. að sumir samningar voru áður undanþegnir ákvæðum laga um neytendalán, kann að reyna á ýmis lögfræðileg álitaefni

⁴⁹ Sjá *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)* og *Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)* en þeir eru gott dæmi þess að lánveitandi reyni að klæða lánessamnings í búning leigusamnings, með það að markmiði að losna undan íþyngjandi skyldum sem hvíla á lánveitanda skv. nll. Þótt ekki sé leyst úr því hvort umræddir samningar brjóti gegn ákvæðum laganna, má sjá af dómsorðunum, að lánveitandi hafi klætt samningana í búning leigusamnings. Eins og fyrr greinir falla leigusamningar utan gildissviðs laganna, og því njóta leigutakar ekki þeirrar réttarverndar sem löggin kveða á um.

⁵⁰ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2940.

við mat á réttarstöðu þeirra einstaklinga sem gerðu lánasamning á þeim tíma er samningarnir féllu utan gildissviðs laganna. Þessir neytendur geta ekki byggt einkaréttarlega kröfu um skaðabætur, sbr. 27. gr. laganna, á ákvæðum laganna, enda bar lánveitanda t.d. ekki að upplýsa neytendur um atriði sem eru tilgreind í 6. gr. nll.

3.4.1 Lánessamningar sem tryggðir voru með veði í fasteign

Samkvæmt e-lið 2. gr. laga um neytendalán, nr. 30/1993, voru lánessamningar sem tryggðir voru með veði í fasteign, undanþegnir gildissviði laganna. Með frumvarpi til laga nr. 179/2000 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, var lögð til orðalagsbreyting á ákvæðinu, þannig að ákvæðið myndi hljóða á þann veg að „lánessamningar sem Íbúðarlánasjóður gerir eða aðrir sambærilegir fasteignaveðlánssamningar sem gerðir eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis“, féllu utan gildissviðs laganna. Í framsöguræðu viðskiptaráðherra kemur fram að lögum um neytendalán hafi ekki verið ætlað að ná til langtímasamninga sem neytendur gera til öflunar íbúðarhúsnæðis og tryggðir eru með veði í fasteign, svo sem lána sem íbúðalánasjóður veittir og annarra sambærilegra lána. Breytingin átti þannig ekki að fela í sér efnisbreytingu frá gildandi lögum, heldur var ætlunin aðeins að skýra gildandi ákvæði.⁵¹ Þegar frumvarpið var til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, lagði nefndin hins vegar til að umrætt ákvæði, sem mælti fyrir um að lán tryggt með veði í fasteign félli utan gildissviðs laganna, yrði fellt á brott. Við athugun málsins kom í ljós að lánessamningar þeir sem veittir voru með veði í fasteign til lengri tíma, féllu undir gildissvið laga um neytendalán annars staðar á Norðurlöndunum. Nefndin taldi því ástæðulaust að undanskilja slíka samninga ákvæðum laganna, og um leið skyldu lánveitanda til að veita lántakanda upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar af láni.⁵²

Lán til fasteignakaupa og tryggingaráðstafanir tengdar þeim, geta verið háttáð með ýmsum hætti. Slík lán eru byggð á skuldabréfum sem eru útgefin af skuldara en því getur verið ólíkt háttáð hvaða tryggingu lánveitandi fer fram á til tryggingar réttum efndum. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu einkennum lánessamninga til fasteignakaupa, með það að markmiði að skýra hvaða lánessamninga um ræðir.

Skuldabréf er skrifleg yfirlýsing sem hefur að geyma viðurkenningu útgefandans á einhliða og skilyrðislausri skyldu sinni til að standa skil á peningagreiðslu. Skuldabréf verður að geta staðið sjálfstætt efnislega, fela í sér loforð og efni loforðsins er ávallt skuldbinding um

⁵¹ Alpt. 2000-01, B-deild, bls. 345.

⁵² Alpt. 2000-01, A-deild, bls. 2280.

að greiða peninga. Veðskuldabréf kallast það þegar veð í einhverri eign, t.d. fasteign er sett til tryggingar greiðslu bréfsins. Við veðsetningu fær veðhafi forgangsrétt í eigninni, eftir því sem veðsamningur segir til um stöðu veðsins.⁵³

Fasteignaveðlán, þ.e. lán tryggt með veði í tiltekinni fasteign, verða að teljast nokkuð algeng í viðskiptalífinu nú á dögum en lánið sjálft er þá í formi skuldabréfs. Lánin geta ýmist verið verðtryggð og óverðtryggð, en með verðtryggðu lánsfé er átt við breytingu láns í hlutfalli við innlenda verðvísitölu, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Veðsetning fasteignar hefur um langa tíð gengt þýðingarmiklu hlutverki sem trygging í fjárhagslegum samskiptum manna. Ástæður þess eru einkum þær að oft er um að ræða verðmætar eignir, ásamt því að opinber skráning réttinda yfir þeim gerir það auðvelt að fylgjast með því, hverjir eru eigendur þeirra og hvað á þeim hvílir.⁵⁴ Heimild til veðsetningar fasteigna er að finna í 1. mgr. 15. gr. laga um sanningsveð, nr. 75/1997, en þar segir að eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign, verða veðsett eftir reglum II. kafla laganna.

Sjálfsvörsluveðréttur er algengast formið á veðsetningu fasteigna en það lýsir sér í því að veðsali heldur hinni veðsettu eign í sínum vörslum og getur notað hana og hirt af henni arð, þrátt fyrir veðsetninguna.⁵⁵ Veðsetningin öðlast réttarvernd við þinglýsingu á blað réttarsala í fasteignabók, sbr. 19. gr. laganna, en þinglýsing skjala er fyrst og fremst framkvæmd í þeim tilgangi að afla þeim, sem skjölin taka til, réttarverndar gagnvart þriðja manni.⁵⁶ Svo að sjálfsvörsluveðréttur í fasteign stofnist með löglegum hætti, þarf að liggja fyrir gildur löggerningur milli veðhafa og veðsala, ásamt því að veðsali þarf að hafa heimild til veðsetningarinnar og samningurinn þarf að varða réttindi sem heimilt er að framselja og veðsetja, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um sanningsveð.

3.4.2 Lánssamningar gerðir vegna framkvæmda við fasteign

Samkvæmt g-lið 2. gr. laga um neytendalán, nr. 30/1993, voru lánssamningar sem gerðir voru í því skyni að kaupa eða viðhalda fasteignum eða til þess að reisa, endurnýja eða endurbæta byggingu, undanþegnir gildissviði laganna. Í framsöguræðu viðskiptaráðherra var svo lagt til, enda var slíkum lánssamningum ætlað að afla eða viðhalda eignarrétti á landi eða byggingu,

⁵³ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 30.

⁵⁴ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 251.

⁵⁵ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 23.

⁵⁶ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 252-253.

eða til endurnýjunar eða endurbóta slíkra bygginga.⁵⁷ Þetta ákvæði var í samræmi við a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE.

Með lögum nr. 101/1994, um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, var gerð efnisleg breyting á ofangreindu ákvæði á þann veg að lánsamningar sem gerðir voru í því skyni að stofna til eða viðhalda eignarrétti yfir fasteignum eða til að endurgera eða bæta við fasteign, skyldu undanþegnir gildissviði laganna. Ástæða þessa var sú að ákvæðið hafði valdið nokkrum vafa í framkvæmd. Þeir sem seldu vörur sem nota átti við endurbætur á fasteignum, svo sem teppi eða parket, höfðu talið að lánveitingar í því skyni ættu að falla utan við gildissvið laganna. Engin efnisrök voru talin vera til staðar til að gera undantekningu í slíkum tilvikum, enda var ætlunin með ákvæðinu eingöngu að undanskilja lánsviðskipti þegar um fjármögnun á kaupum eða nýsmíði fasteigna var að ræða, ásamt því að undanskilja tilvik sem í eðli sínu voru svipuð, svo sem endurbætur eða viðauki við fasteign.⁵⁸

Með lögum nr. 179/2000, um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, var umrætt ákvæði fellt á brott. Ákvæðið var talið óþarft ef tillögur ráðherra gengi eftir, þ.e. að gera orðalag c-liðar sem mælti fyrir um lán tryggð með veð í fasteign skýrara.⁵⁹ Eins og fyrr greinir var ákvæði c-liðar 2. gr. nll., sem mælti fyrir um að lán sem tryggð voru með veði í fasteign skyldu undanþegin gildissviði laganna, fellt á brott samkvæmt tillögu fastanefndar Alþingis. Ekki var sérstaklega fjallað um það í lögskýringargögnum hvers vegna g-liður 2. gr. laga um neytendalán, nr. 30/1993, var felldur á brott, enda var ástæða þess upphaflega sú að ákvæði e-liðar var talið nægilega skýrt og ná yfir g-liðinn. Af nefndarálitni efnahags- og viðskiptanefndar má hins vegar ráða að ákvörðun um að fella ákvæðið úr gildi, megi rekja til þess að umræddir samningar falla undir lög um neytendalán annars staðar á Norðurlöndunum, ásamt því að ástæðulaust var að undanskilja samninga þessa frá ákvæðum laganna.⁶⁰

3.4.3 Lánsamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi

Samkvæmt f-lið 2. gr. laga um neytendalán, nr. 30/1993, féllu lánsamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi, ekki undir gildissviði laganna. Með lögum nr. 179/2000, um breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, var umrætt ákvæði hins vegar fellt á brott, enda voru slíkir samningar orðnir mun algengari en áður og talið var

⁵⁷ Alþt. 1992-93, B-deild, bls. 982.

⁵⁸ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2940.

⁵⁹ Alþt. 2000-01, B-deild, bls. 345.

⁶⁰ Alþt. 2000-01, A-deild, bls. 2280.

mikilvægt að neytendur ættu rétt á upplýsingum um hlutfallslegan kostnað við slíkar lántökur.⁶¹ Þegar frumvarpið var til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, var talið nauðsynlegt að samræma 3. gr. laganna hinni fyrirhuguðu breytingu. Breytingin fólst einkum í því að tryggja neytanda rétt til upplýsinga í samningi, um árlega hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á heimildinni. Jafnframt var gert ráð fyrir að neytanda yrði árlega sendar almennar upplýsingar með dæmum um útreikning á þessum breytilega kostnaði sem heimildin gat haft í för með sér. Þrátt fyrir meginreglu 5. gr. laganna um að lánessamningar samkvæmt lögnum yrðu gerðir skriflega, lagði nefndin til að heimilt yrði að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi með munnlegri beiðni neytanda. Við þær aðstæður væri hægt að senda neytandanum eftir á skriflegan samning þar sem hlutfallstala fyrir nýju heimildina væri uppgefin.⁶² Umræddar tillögur efnahags- og viðskiptanefndar voru síðan samþykktar með lögum nr. 179/2000, um breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994.

Nánar verður gerð grein fyrir upplýsingaskyldu lánveitanda í tengslum við yfirdráttarheimild af tékkareikningi, í 4. kafla þessarar ritgerðar.

3.5 Algengustu tegundir lánessamninga hér á landi, með hliðsjón af gildissviði laganna

3.5.1 Almenn um lánsviðskipti

Lánsviðskipti eru einkennandi fyrir nútímaviðskiptahætti og fer einna mest fyrir verslun með neytendavarning. Lánsviðskiptum getur verið háttað með ýmsum hætti, t.d. þannig að seljandi gefur viðskiptavini greiðslufrest á hluta endurgjalds og að þriðji aðili, lánafyrirtæki, fjármagni kaupin og kaupandi endurgreiði honum svo innan tilskilins frests, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Um langan tíma hefur tíðkast að seljandi tiltekinna vörutegunda láni kaupanda fyrir kaupum tiltekins hlutar með afborgunarkjörum og eignarréttarfyrirvara, þ.e. að hann áskilji sér eignarrétt yfir söluhlut þar til fullnaðaruppgjör hefur átt sér stað. Í skjóli þess eignarréttar getur seljandi endurheimt söluhlutinn ef veruleg vanskil verða af hálfu kaupanda en kaupandinn getur þá ekki ráðstafað hlutnum, t.d. með sölu eða veðsetningu, fyrr en eignarréttarfyrirvarinn er fallinn niður.⁶³ Með lögum um samningsveð nr. 75/1997, voru innleiddar í íslenskan rétt heildstæðar lagareglur um söluveð, þ.e. það tryggingarúrræði sem lengst hefur þekkt sem svokallaður eignarréttarfyrirvari. Nánar verður gerð grein fyrir

⁶¹ Alþt. 2000-01, A-deild, bls. 721.

⁶² Alþt. 2000-01, A-deild, bls. 2281.

⁶³ Páll Sigurðsson: *Lagaþættir III*, bls. 351

söluveði og tengslum þess við kaup með afborgunarkjörum og eignarréttarfyrirvara í 7. kafla þessarar ritgerðar.

Margvísleg álitafni geta sprottið upp í lánsviðskiptum við neytendur þar sem réttarstaða aðilanna er ekki alltaf ljós, og því er nauðsynlegt að gera nánar grein fyrir efni og einkennum þessara samninga, ásamt réttarstöðu neytenda. Hér á eftir verður farið yfir helstu tegundir og einkenni þeirra lánessamninga sem tíðkast í viðskiptum nú á dögum, með það að markmiði að komast að niðurstöðu um það hvort þeir falli undir ákvæði laga um neytendalán, nr. 121/1994.

3.5.2 Kaup með greiðslufresti, þ.e. afborgunarkaup

Með afborgunarkaupum er átt við kaup á lausafjármunum þar sem seljandi lánar kaupanda kaupverðið eða hluta þess um tiltekinn tíma. Þótt afborgunarkaup séu nokkuð algeng héraðis eru engin almenn heildarlög til um þau. Kaupin fara venjulega fram með þeim hætti að gerður er kaupsamningur um viðkomandi lausafé, þar sem kveðið er m.a. á um fjárhæð útborgunar við afhendingu og hvernig háttu skuli greiðslu eftirstöðva. Venjulega er mælt fyrir um ákveðna mánaðargreiðslu þar sem skuldin skal að fullu greidd og samþykkir kaupandi víxla eða aðrar skuldbindingar í samræmi við það. Þá er og venjulega hafður eignarréttarfyrirvari í samningum þessum, en nánar verður gerð grein fyrir slíkum samningum í næsta kafla.⁶⁴ Sem dæmi um lausafé sem oft hefur tíðkast að selja með afborgunarkjörum og án eignarréttarfyrirvara, eru bifreiðar, bæði nýjar og notaðar. Í stað eignarréttarfyrivarans er stundum látið nægja að seljandi njóti veðréttar í hinni seldu bifreið til tryggingar skilvísri greiðslu eftirstöðva kaupverðsins.⁶⁵

3.5.3 Lánessamningur með eignarréttarfyrirvara

Á síðari árum hefur færst í vöxt, að sérstök fjármögnunarfyrirtæki annist fyrirgreiðslu með þeim hætti að lán sé veitt með eignarréttarfyrirvara, oft til hagsbóta fyrir kaupendur vöru og þjónustu. Meginregla kauparéttar er sú að seljandi söluhlutar glatar eignarétti sínum yfir honum við afhendingu, en með því að semja um eignarréttarfyrirvara getur seljandi og/eða lánveitandi gert stöðu sína öruggari ef til vanefndar kemur, enda er söluhluturinn þá áfram eign hans þar til fullnaðaruppgjör hefur farið fram.⁶⁶ Tíðkast hefur að lausafjárkaup fari fram

⁶⁴ Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín*, bls. 16.

⁶⁵ Páll Sigurðsson: *Kauparéttur*, bls. 304.

⁶⁶ Lennart Lyngé Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 85-86.

með þessum hætti, þ.e. að seljandi láni kaupanda kaupverðið eða hluta þess um vissan tíma, t.d. með þeim hætti að kaupandi greiði hluta kaupverðsins þegar í stað en eftirstöðvarnar síðan með tilteknum afborgunum á ákveðnum gjalddögum. Seljandi leitast þá við að tryggja skilvísa greiðslu eftirstöðva kaupverðsins með því að halda eignarrétti sínum yfir söluhlut, þar til kaupverðið hefur verið greitt að fullu, en kaupandi fái afnot söluhlutar þegar við kaupin. Seljandi áskilur sér m.ö.o. eignarrétt yfir söluhlut, þar til hluturinn hefur verið greiddur að fullu eða að hluta.⁶⁷

Samkvæmt f-lið 4. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, á eignarréttarfyrirvari við um kaup á vöru þegar samið er um að lánveitandi sé eigandi söluvöru þar til andvirði hennar er að fullu greitt samkvæmt lánsamningi og að lánveitandi geti tekið vöruna til sín ef neytandi stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Í V. kafla laganna er finna frekari reglur um kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar, og er vísað til umfjöllunar í 7. kafla þessarar ritgerðar varðandi þann hluta.

Samkvæmt tilskipun nr. 87/102/EBE ber aðildarríkjum að tryggja að þegar hlutir eru seldir með eignarréttarfyrirvara og lánveitandi eða seljandi endurheimtir söluhlutinn aftur, að lánveitandi eða seljandi hagnist ekki óeðlilega mikið á því.⁶⁸

3.5.4 Verslun með kreditkortum

3.5.4.1 Almenn

Segja má að verslun með kreditkort sé nú á dögum stór þáttur í almennum lánsviðskiptum, þ.e. þar sem kortið sjálft er andlag lánsviðskipta. Kreditkort eru fyrst og fremst lánskort þar sem korthafinn fær afhenta vöru eða þjónustu gegn framvísun kortsins, og greiðir fjárhæðina síðar til útgefanda kortsins eftir samningi þeirra á milli. Með þessum hætti er hinni eiginlegu greiðslu kaupandans fyrir vöruna eða þjónustuna frestað. Greiðslufrestur notandans er þannig almennt talið vera lán, sem honum ber að greiða síðar til útgefanda kortsins eftir fyrirfram gerðum samningi. Takmörk eru sett fyrir því hversu háa upphæð megi hefja í peningum, en þær reglur geta verið mismunandi eftir hverjum útgefanda og samningi þeim er liggur til grundvallar kortinu.⁶⁹

Neytandi sækir um kreditkort til banka eða sparisjóðs, nefndur útgefandi, en færsluhirðir annast færslur vegna kortsins og skilum á greiðslum fyrir vöru og þjónustu, sbr. 1. gr. reglna

⁶⁷ Páll Sigurðsson: *Kauparéttur*, bls. 302-303.

⁶⁸ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 534.

⁶⁹ Þórður Ólafsson: „Kreditkort og aðrir nútíma greiðslumiðlar“, bls. 182-188.

um greiðsluuppgjör kortaviðskipta, nr. 849/2009. Útgefendur kortanna eru ábyrgir fyrir uppgjöri við færsluhirða, sem er aftur ábyrgur fyrir uppgjöri gagnvart seljendum vöru og þjónustu, sbr. 3. gr. reglnanna.⁷⁰ Að baki viðskiptum með kreditkortum liggja einkum tveir samningar sem varða neytendur með beinum hætti. Annars vegar er það samningur korthafa við útgefanda, banka eða sparisjóð, og hins vegar samningur færsluhirðis við seljanda vöru eða þjónustu. Útgefandi kortsins annast eins og áður segir uppgjör við færsluhirða og er sá aðili sem korthafi á helst í samskiptum við, enda er kortið eign útgefanda. Færsluhirðir er ábyrgur fyrir uppgjöri gagnvart söluaðilum, en á grundvelli samningssambands þeirra getur söluaðili boðið korthöfum ýmsar greiðsluleiðir í tengslum við viðskipti þeirra á milli t.d. lán eða afborgunarkaup, og þá með nokkrum útfærslum. Þessir samningar styðjast við almenna viðskiptaskilmála söluaðila og gilda um samstarf færsluhirðis við söluaðila á sviði greiðslukortaviðskipta. Eftirfarandi umfjöllun um tegundir þeirra lánsamninga sem korthöfum stendur til boða hérlendis, styðst við viðskiptaskilmála færsluhirða við seljendur sem finna má á vefsíðum hinna fyrrnefndu.⁷¹

3.5.4.2 Boð- og léttgreiðslur

Boðgreiðslur nefnist það greiðsluúrræði þegar innheimta á með rafrænum hætti reglubundnar greiðslur, eins og t.d. áskriftir, tryggingar og símreikninga. Boðgreiðslur teljast ekki til afborgunarkaupa, enda hefur hver greiðsla sinn eigin gjalddaga og korthafi fær ekki „lánaða“ tiltekna fjárhæð í ákveðinn tíma.

Samkvæmt vefsíðum félaganna eru léttgreiðslur ætlaðar fyrir söluaðila við dreifingu á greiðslum vegna smærri innkaupa, í jafnar mánaðarlegar og vaxtalausar afborganir. Léttgreiðslusamningur felur í sér að heildarupphæð viðskiptanna skiptist jafnt á tiltekinn fjölda afborgana. Helsti kosturinn við léttgreiðslur er sá að engir vextir eru á léttgreiðslum, þótt korthafi þurfi að greiða færslugjald samkvæmt verðskrá færsluhirðis.⁷² Léttgreiðslur teljast til afborgunarkaupa, í ofangreindum skilningi, en þar sem korthafar þurfa ekki að greiða vexti af lánsfjárhæðinni, fellur léttgreiðslusamningur ekki undir lög um neytendalán, nr. 121/1994, sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. laganna.

⁷⁰ Sjá nánar skilmála VISA kreditkorta t.d. á vefsíðu Landsbankans, sbr. eftirfarandi vefslóð <http://www.landsbanki.is/einstaklingsthjonusta/greiðslukort/kreditkort%28visa%29/skilmalar/> og skilmála Mastercard hjá sama útgefanda <http://www.landsbanki.is/einstaklingsthjonusta/greiðslukort/kreditkort%28mastercard%29/skilmalar/>

⁷¹ Hér má nálgast viðskiptaskilmála Borgunar: <https://www.borgun.is/Fyrirtaekjathjonusta/Vidskiptaskilmalar> og skilmála Valitor: <http://www.valitor.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4148>

⁷² Sjá vefsíðu Valitor: <http://www.valitor.is/?PageID=1074>

3.5.4.3 Kortalan hjá Valitor hf.⁷³

Í viðskiptaskilmálum Valitor við söluaðila á sviði greiðslukortaviðskipta er kveðið á um réttindi og skyldur beggja aðila í því samstarfi. Í 5. kafla sérstakra viðskiptaskilmála Valitor við söluaðila er fjallað um kortalan sem söluaðilar geta boðið korthöfum upp á vegna viðskipta. Með kortaláni er átt við lánssamning milli Valitor og korthafa sem felur í sér jafnar afborganir, sem geta annað hvort borið vexti eða verið vaxtalausar. Lán þessi eru útbúin af seljanda vöru og frá undirritun samstarfssamnings seljanda og Valitor um kortalan, er söluaðili skuldbundinn sérstökum viðskiptaskilmálum Valitor. Kortalan þessi eru einungis veitt gegn mánaðarlegum endurgreiðslum korthafa og þau eru innheimt með notkun lánakerfis féhirðis. Heimilt er að dreifa greiðslum í 3-36 mánuði og skal mánaðarleg fjárhæð ekki vera lægri en 1.000 kr., auk vaxta og kostnaðar.

Seljandi annast afgreiðslu kortalána gagnvart korthafa en við afgreiðslu þessara lána er söluaðila ávallt skylt að nota þjónustuvef Valitor. Höfuðstóll kortaláns skal miðast við staðgreiðsluverð söluaðila og ef einungis er greitt fyrir hluta af andvirði vöru eða þjónustu með kortaláni, skal draga útborgun frá höfuðstól. Vextir kortalána, lántökugjald, færslugjald og önnur gjöld, sé um þau að ræða, reiknast samkvæmt auglýstri verðskrá féhirðis eins og hún er á hverjum tíma.

Sé umsókn um lán samþykkt skal seljandi prenta út tvö samhljóða eintök af lánssamning, ásamt greiðsluáætlun, og skulu korthafi og seljandi undirrita bæði eintök kortalánsins. Korthafi fær annað eintakið afhent ásamt greiðsluáætlun, í samræmi við lög nr. 121/1994, um neytendalán. Valitor greiðir seljanda andvirði kortalánsins, sem er staðgreiðsluverð vöru að frádreginni útborgun. Reynist nauðsynlegt að rifta kaupum sem greitt hefur verið fyrir með kortaláni, er seljanda óheimilt að endurgreiða korthafa í reiðufé heldur þarf hann að hafa samráð við Valitor. Valitor tekur ekki að sér milligöngu eða ábyrgð vegna ágreinings sem rísa kann á milli seljanda og korthafa vegna gæða vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með kortaláni, en komi slíkur ágreiningur upp á milli aðila, ber korthafa að snúa sér beint til söluaðila. Umrædd kortalan sem Valitor býður upp á, teljast til neytendalán í skilningi laganna.

⁷³ Sjá viðskiptaskilmála Valitor við söluaðila: <http://www.valitor.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4148>

3.5.4.4 Staðgreiðslulán og Neytendalán hjá Borgun⁷⁴

Með staðgreiðsluláni Borgunar stendur seljendum vöru eða þjónustu sú leið til boða að bjóða korthöfum greiðsludreifingu í allt að 48 mánuði. Seljendum ber ekki að greiða þjónustugjöld til féhirðis, uppgjör Borgunar til seljanda fer fram tveimur virkum dögum eftir að kaupin fóru fram og jafngildir því staðgreiðsluláni, ásamt því að Borgun ábyrgist uppgjör til söluaðila. Á vefsíðu Borgunar segir að hægt sé að bjóða vaxtalaus staðgreiðslulán en ekki er að finna nánari skýringu á þeim gjöldum sem korthöfum ber að standa skil á gagnvart féhirði.⁷⁵ Eðlilegt er þó að áætla að lán þessi beri almennt vexti og ef gengið er út frá því að lánin falli ekki undir undanþáguákvæði 2. gr. nll. þá teljast lánin til neytendalána í skilningi laga um neytendalán, nr. 121/1994.

Í viðskiptaskilmálum Borgunar, sem gilda í samskiptum Borgunar hf. við seljendur, er að finna nánari skýringu á neytendalánum sem seljendur geta sótt um að nýta sér. Uppfylli seljandi ákveðin skilyrði félagsins, getur hann boðið korthöfum að greiða fyrir vöru og/eða þjónustu með neytendaláni, sem er ýmist innheimt í gegnum kreditkort eða með greiðsluseðli. Lántaki verður að undirrita lánasamning vegna viðskiptanna, ásamt því að greiðsluáætlun skal fylgja samningnum, sbr. 6. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994. Borgun hf. greiðir seljanda andvirði lánsamnings eigi síðar en á þriðja virka degi frá því að samningur var gerður og leggur þá andvirði hins selda inn á uppgjörreikning seljanda.

3.5.4.5 Krafa neytanda á hendur framsalshafa, þ.e. Borgun og Valitor, ef seljandi er gjaldþrota

Ef seljandi vöru eða þjónustu verður gjaldþrota, kann að reyna á álitaefni um réttarstöðu korthafa vegna kröfu á hendur seljanda, t.d. vegna galla á vöru eða þjónustu. Þegar um er að ræða Kortalán hjá Valitor eða Staðgreiðslu- eða Neytendalán hjá Borgun, greiða félögin seljanda lánsfjárhæðina eftir að seljandi hefur gengið frá láninu til neytanda, og því er í raun um að ræða framsal á kröfurétti til Borgunar eða Valitor. Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. nll. er framsalshafi, Borgun eða Valitor, meðábyrgur lánveitanda, sem jafnframt er seljandi vöru, eða þjónustunnar. Ef neytandi á kröfu á hendur lánveitanda sem hefur t.d. verið lýstur gjaldþrota, getur neytandi krafist úrbóta úr hendi Borgunar eða Valitor í formi skaðabóta á grundvelli fyrrnefnds ákvæðis.

⁷⁴ Sjá vefsíðu Borgunar hf.: <https://www.borgun.is/Fyrirtaekjathjonusta/Vidskiptaskilmalar>

⁷⁵ Sjá vefsíðu Borgunar: <https://www.borgun.is/Pages/63>

3.5.5 Eignarleigusamningar eða eignarleigusamningar (leasing)

Með eignarleigu er átt við leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þegar leigusali selur leigutaka hið leigða gegn fyrirfram umsömdu leigugjaldi, yfir tiltekinn lágmarkstíma og samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum.⁷⁶

Með lögum um eignarleigustarfsemi, nr. 19/1989, var sett rammalöggjöf um samninga sem á ensku nefnast „leasing“ og var hugtakið „eignarleiga“ valin sem samheiti yfir þá samninga sem undir lögin falla. Þrátt fyrir að eignarleiga sé yfirleitt ákveðin tegund leigu, gilda um hana mörg mikilvæg frávík sem leiða til þess að hún nýtur sérstöðu, samningaréttarlega séð, vegna þeirra sérstöku skilmála sem í samningnum þessum er að finna. Það er einkennandi fyrir eignarleigusamninga að þeir hafa að geyma sérstaka skilmála um eignar- eða afnotarétt, og eru aldrei ótímabundnir, þ.e. að leigutaki geti t.d. skilað hlut að nokkrum dögum liðnum eins og tíðkast um bílaleigu, heldur er ávallt samið um tiltekinn lágmarksleigutíma. Jafnframt eru í skilmálunum ákvæði sem flytja ýmsar eignarréttarlegar skyldur frá formlegum eiganda hlutarins til leigutakans, þannig að staðan getur orðið sú að leigusali hafi í raun aðeins eignarrétt sem svarar til veðréttar í hinu leigða. Vegna samningsákvæðanna verður réttarstaða leigutakans svipuð og væri hann eigandi hlutarins, að því undanskildu að hann nýtur ekki formlegs eignarréttar og um leið ráðstöfunarheimildar en hún helst hjá leigusala.⁷⁷ Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um eignarleigustarfsemi, nr. 19/1989, merkir eignarleiga í skilningi laganna leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum, þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarkstíma, samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að leigutíma liðnum.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 2. gr. nll. falla eignarleigusamningar undir gildissvið laganna. Samkvæmt frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, var orðalag d-liðar (þá c-liður) með eftirfarandi hætti: „Leigusamningar, nema eignarleigusamningar, sbr. lög nr. 19/1989“, en umrædd lög sem vísað var til voru lög um eignarleigustarfsemi, nr. 19/1989. Ákvæðinu var breytt í núverandi mynd með lögum nr. 179/2000 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, en það var mat efnahags- og viðskiptanefndar að slíkt væri til hagræðingar svo ekki þyrfti að breyta lögum um neytendalán á ný ef lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði fengju nýtt númer.⁷⁸

Með lögum nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, voru lög um eignarleigustarfsemi, nr. 19/1989 felld úr gildi. Lög nr. 123/1993 voru síðan leyst af hólmi

⁷⁶ Alpt. 1988-89, A-deild, bls. 28.

⁷⁷ Alpt. 1988-89, A-deild, bls. 28.

⁷⁸ Alpt. 2000-01, A-deild, bls. 2280.

með lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og verður því að kanna þau lög til að afmarka hvaða samningar eru eignarleigusamningar og falla því undir gildissvið laga um neytendalán. Í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur fram að með eignaleigu sé átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma. Það sem vekur athygli hér er að umræddir samningar bera nú heitið eignaleigusamningar en ekki eignarleigusamningar, eins og kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 2. gr. nll. Samkvæmt athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, var með frumvarpinu gerð sú breyting að umræddir samningar skyldu framvegis kallaðir eignaleiga en ekki eignarleiga. Eignarleiga var ekki talið réttnefni fyrir þá starfsemi sem orðið lýsir, enda merkir eignarleiga leigu á einhverju sem leigutaki eignast síðan. Með eignaleigu er hins vegar átt við leigu á eign sem er óháð því hvort leigutaki eignast hið leigða í lok samningstímans. Þessi breyting er í betra samræmi við sum form eignaleigu þar sem leigutaki þarf skilyrðislaust að skila hinu leigða í lok leigutímans, og verður því ekki eign hans. Eignaleigu er gjarnan skipt í þrennt, þ.e. fjármögnunarleigu, kaupleigu og rekstrarleigu. Þegar um er að ræða fjármögnunarleigu helst eignarrétturinn hjá leigusala en í kaupleigu er leigutaka veittur réttur til að eignast hið leigða í lok leigutímans. Með rekstrarleigu er átt við eignaleigu sem hvorki telst til fjármögnunarleigu eða kaupleigu.⁷⁹ Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna getur starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða tekið til m.a. útlánastarfsemi, svo sem neytendalána og langtímaveðlána. Þá getur starfsemin jafnframt tekið til fjármögnunarleigu en í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi laganna kemur fram að umræddur listi, þ.e. sá listi sem tilgreinir þá þætti sem starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða geta tekið til, eigi að vera víðtækur og til þess gerður að hann taki til allra helstu þjónustubátta lánastofnana á EES-svæðinu.⁸⁰ Þar sem umræddum lögum var ætlað að leysa af hólmi eldri lög, þ.e. lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993, og lög nr. 19/1989 um eignarleigustarfsemi, er rétt að leita nánari skýringa á hugtakinu „eignar- eða eignaleigusamningur“ í ákvæði eldri laga. Telja verður að forsaga lagaákvæðis sé góð vísbending um skýringu gildandi ákvæðis,⁸¹ enda má ekki leiða af lögskýringargögnum að vilji löggjafans hafi staðið til að hverfa frá þessum skilgreiningum.

Með ákvæðum laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993, voru lögfestar sams konar reglur um lánastofnanir og giltu innan Evrópubandalagsins, í samræmi við skuldbindingar Íslands er fylgdu aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Meðal

⁷⁹ Alþt. 2002-03, A-deild, bls. 1099.

⁸⁰ Alþt. 2002-03, A-deild, bls. 1107-1108.

⁸¹ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 418.

tilskipana Evrópubandalagsins á þessu sviði eru tilskipun 77/1980/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana, og tilskipun 89/646/EBE um samræmingu laga og stjórnarsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana. Með lánastofnunum í skilningi laganna var átt við félög og stofnanir sem veittu lán í eigin nafni og fjármögnuðu starfsemi sína með innlánnum eða útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldbindingum til almennings. Jafnframt var þeim heimiluð ýmiss konar önnur fjármálaþjónusta, svo sem fjármögnunarleiga, greiðslumiðlun, útgáfa greiðslukorta og ferðatékka, veiting ábyrgða og trygginga, viðskipti með verðbréf, svo dæmi séu tekin.⁸² Samkvæmt 9. gr. laganna var eignarleigufyrirtæki skilgreint sem lánastofnun sem hafði eignarleigu að meginstarfsemi sinni, óháð því hvernig sú starfsemi var fjármögnuð. Með eignarleigu var átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir, þar sem leigusali seldi leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- og afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Í athugasemdum frumvarps því er varð að lögum nr. 123/1993, kemur fram að í lögum um starfsemi eignarleigufyrirtækja, lögum nr. 19/1989, hafi verið að finna skilgreiningu á eignarleigu sem hafi verið skilgreind með sama hætti og í 9. gr. frumvarpsins. Þá var jafnframt tiltekið að í þeim lögum væri að finna skilgreiningar á mismunandi flokkum eignarleigu og þau atriði sem fjalla skuli um í eignarleigusamningum.⁸³

Í 1. gr. laga um eignarleigustarfsemi, nr. 19/1989, var að finna skilgreiningar á eignarleigusamningum og flokkum eignarleigu. Samkvæmt téðu ákvæði merkir eignaleiga í skilningi laganna leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma, samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Til eignarleigu telst því fjármögnunarleiga, kaupleiga og rekstrarleiga, en nánar verða gerð skil á þessum samningum í næstu köflum hér á eftir.

Þrátt fyrir að því sé mismunandi háttáð í lögum, hvort þessir samningar beri heitið eignarleigusamningar eða eignaleigusamningar, telur höfundur að rétt sé að miða við síðara hugtakið þar sem slíkt sé betur til þess fallið að lýsa eðli þessara samninga. Til þess að eyða öllum vafa um það hvaða samningar falla undir gildissvið nll., væri rétt að gera breytingu á orðalagi d-liðar 1. mgr. 2. gr. nll. Það að tilgreina hugtakið eignaleigusamningar í stað eignarleigusamningar, ásamt því að gæta rétttra lagatílvísana yrði að teljast mikil réttarbót og

⁸² Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 5021.

⁸³ Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 5026.

kostur. Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði voru felld úr gildi með lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og því er tilvísunin í d-lið 1. mgr. 2. gr. nll. röng.

Eftirfarandi samningar teljast til algengustu tegunda eignar- eða eignaleigusamninga í nútíma viðskiptum aðila á milli, en þeir hafa hver sín einkenni sem nú verður gerð nánar grein fyrir hér.

3.5.5.1 Fjármögnunarleiga (e. financial leasing)

Samningur um fjármögnunarleigu stofnar til réttarsambands, sem segja má að hafi bæði einkenni leigusamnings og kaupsamnings, þ.e. kaupsamnings með afborgunarkjörum. Um er að ræða sérstakt leiguform þar sem leigugjald og lágmarksleigutími er ákvörðuð með hliðsjón af því að leigusali geti fengið í sinn hlut upphaflegt kaupverð leigumunar, auk vaxta og kostnaðar, við lok lágmarksleigutíma.⁸⁴ Eignarrétturinn helst hjá leigusala en hann afsalar sér áhættu af hinu leigða til leigutaka, svo og rétti til arðs af hinu leigða. Leigutaka ber að standa skil á leigugreiðslum til leigusala en nýtur ekki eins og áður segir eignaréttar yfir hinu leigða. Að leigutíma loknum getur leigutaki ýmist skilað hinu leigða, leigt það áfram, og þá oft gegn lægra endurgjaldi, eða keypt lausaféð, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um eignarleigu, nr. 19/1989.

Í svonefndri „hreinni“ fjármögnunarleigu hefur leigusali það hlutverk að fjármagna kaup viðskiptavina sinna á hlutum eða tækjum, án þess að leigusali afsali sér formlegum eignarrétti. Á leigutaka hvíla verulegar skyldur sem tengjast eignarrétti leigusalans en hann nýtur þó jafnframt flestra réttinda sem eigandi nýtur almennt. Fjölbreytni fjármögnunarleigusamninga er mikil, sem getur valdið ruglingi við túlkun samnings, einkum vegna mismunandi skattmeðferðar.⁸⁵

Það verður að teljast frekar ósennilegt að fjármögnunarleiga falli undir gildissvið laga um neytendalán, nr. 121/1994, þar sem eignarrétturinn helst hjá leigusalanum. Að leigutíma loknum ber leigutaka venjulega að skila hinu leigða, nema hann geri nýjan leigusamning eða kaupi lausaféð. Umræddir samningar hafa því meiri samstöðu með leigusamningum heldur en lánessamningum, enda eru þeir oftast gerðir í atvinnurekstri.⁸⁶

⁸⁴ Páll Sigurðsson: *Leiguréttur I*, bls. 31-32.

⁸⁵ Alþt. 1988-89, A-deild, bls. 28.

⁸⁶ Sjá í þessu samhengi rökstuðning Hæstaréttar í *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)* og *Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)*, en þessir dómur eru reifaðir ofar í þessum kafla.

3.5.5.2 Kaupleiga

Með kaupleigusamningi afsalar leigusali sér áhættu og arði til leigutaka, auk þess sem leigutaki skuldbindur sig til að kaupa hið leigða við lok leigutímans eða öðlast rétt til þess að eignast hið leigða. Kaupleigusamningur gefur annað hvort kost á að eignarrétturinn færist til leigutaka í lok leigutímans eða að hann færist sjálfkrafa til hans að lágmarksleigutíma liðnum.⁸⁷ Samkvæmt ákvæðum laga um neytendalán falla kaupleigusamningur undir gildissvið þeirra. Kaupleiga felur í sér kaup með lánskilmálum, sem svipar til leigusamnings þar sem oft er talað um leigusamning, leigutíma og leigufjárhæð, ásamt því að aðilar samnings eru nefndir leigusali og leigutaki. Litið er til tiltekinna atriða við afmörkun á því hvort um er að ræða lánsamning, en tilurð viðskiptanna telst mikilvæg vísbending í því efni, þ.e. að kaupandi söluhlutar þurfi að afla sér lánsfjár til þess að kaupin geti átt sér stað.⁸⁸

Í dómi *hérð. Rvk. 3. desember 2009 (E-4501/2009)* byggði neytandi á því að kaupleigusamningur félli undir lög nr. 121/1994 um neytendalán samkvæmt d-lið 2. gr. laganna. Í niðurstöðu dómsins er ekki fjallað sérstaklega um það hvort gengistryggt lán, sem lá til grundvallar samningnum, félli undir lögina eður ei en þar sem niðurstaðan er byggð á því að umræddur samningur væri lánsamningur, má ganga út frá því að kaupleigusamningar falli undir lögina. Kaupleigusamningar samræmast ákvæði 1. gr. nll. sem mælir fyrir um gildissvið laganna, ásamt því að umræddir samningar eru ekki sérstaklega undanþegnir lögnum í 1. mgr. 2. gr. laganna. Af þeirri ástæðu er rétt að draga þá ályktun að kaupleigusamningar falli undir lög um neytendalán, nr. 121/1994.

Í dómi *hérð. Rvk. 12. febrúar 2010 (E-7206/2010)* er í niðurstöðu dómsins byggt á því að kaupleigusamningur væri í raun lánasamningur, þótt samningurinn fjalli um leigu bifreiðar, leigutíma og leigugreiðslur. Samningurinn hafði þó meiri samstöðu með lánsamningum heldur en leigusamningum, og því var hann talinn vera lán.

3.5.5.3 Rekstrarleiga (e. operating lease)

Með rekstrarleigu er átt við þá eignarleigu sem ekki telst vera fjármögnunarleiga, en sú skilgreining er í samræmi við erlendar skilgreiningar á rekstrarleigu.⁸⁹

Með eignarleigusamning er hlutur sé seldur á rekstrarleigu en á ensku nefnast slíkir samningar „operating lease“. Rekstrarleiga svipar til „venjulegrar leigu“, en hér skilur þó á milli hinir sérstöku skilmálar rekstrarleigusamninga þar sem eigandi hlutarins áskilur sér rétt til þess að veita tiltekna þjónustu varðandi hlutinn, svo sem viðhalds- og viðgerðarþjónustu. Þá er leigutíminn yfirleitt stuttur þar sem gert er ráð fyrir að þessir hlutir verði endurnýjaðir með skömmu millibili.⁹⁰

⁸⁷ Alþt. 1988-89, A-deild, bls. 28-29.

⁸⁸ Lennart Lynge Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 90.

⁸⁹ Alþt. 1988-89, A-deild, bls. 28-29.

⁹⁰ Alþt. 1988-89, A-deild, bls. 28.

Þegar um er að ræða rekstrarleigu um atvinnutæki, fellur rekstrarleigusamningur utan gildissviðs laga um neytendalán, enda getur leigutaki þá ekki talist vera neytandi í skilningi laganna, sbr. a-lið 4. gr. laganna.

3.5.6 Smálán (svokölluð SMS-lán)

Í kjölfar skorts á lánsfé, sem fylgdi hruni stærstu íslensku bankanna árið 2008, komu ný fyrirtæki á lánsmarkaðinn sem hófu að bjóða upp á nýja tegund af lánum. Lán þessi ganga oft undir heitinu „smálán“ og lánskjörin eru almennt með þeim hætti að neytendum stendur fyrst til boða lán að fjárhæð 10.000 kr. en miðað við þá fjárhæð eru nafnvextir á ársgrundvelli tæplega 608%. Fyrir 10.000 kr. lán þarf neytandi að greiða 2.500 kr. Þóknun en hlutfallsleg þóknun lánveitanda lækkar lítillega með hækkandi lánsfjárhæð. Samningsgerðin gengur þannig fyrir sig að neytendur skrá sig á heimasíðu fyrirtækjanna og senda svo SMS-skeyti í tiltekið númer, þegar þeir vilja að yfirfærsla lánsins verði framkvæmd. Lán þetta þurfa neytendur svo að greiða til baka innan 15 daga, ella ræðst lánveitandi í hefðbundnar innheimtuaðgerðir.⁹¹

Fyrirmynd þessara lána kemur erlendis frá en þau eru nokkuð algeng í Bandaríkjunum⁹² og á Norðurlöndunum. Síðan þess háttar lánveiting kom á markaðinn hérlandis hafa Neytendasamtökin ítrekað lýst áhyggjum sínum vegna tilkomu lánanna, ásamt því að hafa hvatt efnahags- og viðskiptaráðherra til að grípa til aðgerða gegn lánastarfsemi af þessu tagi.⁹³ Neytendasamtökin hafa varað neytendur við lántökum sem þessum, enda er kostnaðurinn við lægsta lánið 25% sem svarar til 600% kostnaðar á ársgrundvelli, án þess að kostnaður við lántökuna sjálfa auk vaxta sé nánar sundurgreindur.⁹⁴

Umboðsmaður neytenda í Danmörku hefur fjallað töluvert um þessi lán, ásamt því að hafa unnið samkomulag við helstu hagsmunaaðila þarlandis.⁹⁵ Samkomulag þetta ber nafnið „Markedsføring af kortfristede eller mindre lån indgået som fjernsalgsaftaler“ og tók gildi 1. mars 2009. Samkomulagið hefur m.a. að geyma nánari reglur um markaðssetningu lánanna, upplýsingaskyldu lánveitanda, upplýsingagjöf um heildarlántökukostnað og árlega

⁹¹ „SMS okurlán“, <http://ns.is/>

⁹² „Payday loans/RALs“ <http://www.consumerfed.org/>

⁹³ „SMS okurlán“, <http://ns.is/>

⁹⁴ Neytendablaðið: „SMS-lánin komin til Íslands“, bls. 12.

⁹⁵ Nálágast má umrætt samkomulag á eftirfarandi vefslóð: http://www.forbrugerombudsmanden.dk/Love-og-regulering/Retningslinjer-og-vejledninger/Markedsfoeringsloven/~/_media/Forbrugerombudsmanden/lovereleger/retningslinjer/RetningslinjerKorteLaan01032009.ashx

hlutfallstölu kostnaðar. Þá hafa neytendur jafnframt rétt til að falla frá fjarsölusamningi vegna lánanna.⁹⁶

Smálán eru dæmi um lánessamninga sem falla utan gildissviðs laga um neytendalán samkvæmt a-lið 1. mgr. 2. gr. nll. þar sem lánessamningarnir gilda almennt til fimmtán daga í senn með fyrirfram ákveðinni fjárhæð. Neytandi á því ekki rétt á upplýsingum um lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar á grundvelli laga um neytendalán, nr. 121/1994, en það verður að teljast vera nokkuð slæmt þar sem neytandinn getur ekki verið nægilega upplýstur um helstu ókosti lánanna áður en gengið er frá samningsgerðinni. Rökin fyrir því að umræddir lánessamningar séu undanþegnir gildissviði dönsku laganna, eru þau að um er að ræða lágar fjárhæðir, ásamt því að tæknin gerir það kleift að veita neytendum mikilvægar upplýsingar áður en lánið er samþykkt, t.d. með rafrænum hætti eða símleiðis. Lántaki hefur því tök á því að fræða sjálfan sig um skilmála og kosti og galla lánsins, og þannig að hann á að geta tekið vel ígrundaða ákvörðun um það hvort umrætt lán henti sér.⁹⁷

3.5.7 Gengistryggð lán

Á undanförunum árum hefur það tíðkast í ríkum mæli að veitt hafi verið peningalán þar sem lántakar hafi fengið afhentar íslenskar krónur og endurgreitt svo lánin í íslenskum krónum, miðað við gengi erlendra gjaldmiðla á greiðsludegi einstakra afborgana. Stundum hefur þessum lánnum verið lýst sem „lánnum í erlendri mynt“ eða „myntkölfúlán“ en sú orðnotkun er villandi ef erlend mynt skiptir ekki um hendur í viðskiptum lánveitanda og lántaka. Þegar um er að ræða „lán í erlendri mynt“ skiptir erlend mynt raunverulega um hendur, þannig að lántaki fær lánsfjárhæðina greidda út í tilteknum myntum. Ekki verður þó fjallað um slík lán hér, heldur um lán þar sem lánsfé í íslenskum krónum tekur mið af gengi erlendra gjaldmiðla.⁹⁸

Fullyrða má að gengistryggð lán falli innan gildissviðs laga um neytendalán, enda samræmast þau skilgreiningu c-liðar 4. gr. laganna. Reynt hefur undanfarið á ýmis álitaefni tengd þessum lánessamningum, og þá helst hvort gengistrygging sé lögleg verðtrygging í skilningi laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, en áhrif ólöglegar verðtryggingar á réttarstöðu neytenda í skilningi laga um neytendalán, nr. 121/1994 hafa lítið verið skoðuð. Í 4. kafla ritgerðarinnar verður sérstaklega gerð grein fyrir áhrifum ólöglegar verðtryggingar á

⁹⁶ „Kortfristede eller mindre lån indgået som fjernsalgsaftaler“, <http://www.forbrugerombudsmanden.dk/>

⁹⁷ Lennart Lyngge Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 100.

⁹⁸ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 316.

rétt neytenda til upplýsinga, með það að markmiði að skýra hvort lánveitandi hafi hagað upplýsingagjöfni með réttum hætti við gerð lánsamnings.

3.6 Samantekt

Eins og fyrr greinir er gildissvið laga um neytendalán afmarkað með neikvæðum hætti, sem þýðir að flestir lánsamningar falla undir lögina, að því gefnu að þeir samræmast 1. gr. laganna og skilgreiningunni á lánsamningi í c-lið 4. gr. laganna, og séu ekki sérstaklega undanþegnir lögnum í 2. gr. nll.

Vegna lagabreytinga sem átt hafa sér stað á lögum um neytendalán, bæði upphaflegu lögum nr. 30/1993 og nr. 121/1994, hafa vissir lánsamningar verið felldir undir gildissvið laganna og veita lögina því neytendum nú ríkari réttarvernd en áður. Þeir samningar sem veita neytendum nú betri rétt en áður, eru lánsamningar tryggðir með veði í fasteign, lánsamningar vegna framkvæmda við fasteign og lánsamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi. Neytendur sem hafa fengið umrædd lán eftir að lánsamningarnir voru felldir undir gildissvið laganna, njóta þeirrar réttarverndar sem nll. kveða á um. Þess ber þó að geta að neytendur sem fengu umrædd lán þegar samningarnir voru undanþegnir lögnum, geta ekki byggt rétt sinn á ákvæðum laganna, enda voru lánsamningarnir sérstaklega undanþegnir lögnum á þeim tíma er samningarnir voru undirritaðir. Ef ný lög koma eftir stofnun lögsambands, sem leiðir til breytinga á reglum þeim er áður giltu um lögsambandið, verða yngri lögnum almennt ekki beitt með afturvirkum hætti.⁹⁹

Fullyrða má að nútíma viðskiptahættir einkennast í æ ríkari mæli af lánsviðskiptum af ýmsu tagi, en lánsviðskipti eru töluvert algeng í tengslum við neytendavarning. Form og efni þessara lánsamningar er með ýmsum hætti, en flestir eiga þeir það sameiginlegt að veita neytanda greiðslufrest á a.m.k. hluta endurgjaldsins, þannig að neytandi endurgreiðir lánveitanda lán í samræmi við skilmála lánveitanda. Lánsviðskiptin geta byggst á söluveði í skilningi 35. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, viðskiptum með kreditkort og hinum ýmsum tegundum eignaleigusamninga.

Upp á síðkastið hefur borið mikið á svokölluðum smálánum eða SMS-lánum, en þau lán hafa fengið talsvert neikvæða umfjöllun frá m.a. Neytendasamtökunum, þar sem lántökukostnaðurinn er að mati margra óeðlilega hár og lánin falla utan gildissviðs laga um neytendalán. Lántaki á ekki rétt á mikilvægum upplýsingum við samningsgerðina, og því má segja að lántakar standi nokkuð höllum fæti þegar kemur að réttarstöðu þeirra, samanborið við þá lántaka sem falla undir gildissvið laga um neyrendalán, nr. 121/1994.

⁹⁹ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 326.

4. Upplýsingaskylda lánveitanda

4.1 Almenn

Segja má að upplýsingaskylda lánveitanda samkvæmt nll. sé einn mikilvægast þáttur laganna, sem hefur það að markmiði að tryggja stöðu neytandans við samningaborðið. Í 5. gr. laganna er tiltekið að lánssamning skuli gerður skriflega, þar sem fram skulu koma mikilvæg grundvallar atriði sem varða upplýsingar m.a. um höfuðstól lánsins, lánskjör, kostnað í tengslum við lánssamninginn, og það sem er einna mikilvægast, upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, heildarlántökukostnað og heildarupphæð þá sem greiða skal. Í 6. gr. nll. koma fram nánar tilgreind atriði sem upplýsa ber neytanda um áður en gengið er frá lánssamningi, en rétt er þó að greina frá því að neytendur hafa hag af því að fá ítarlegri upplýsingar en þar er tiltekið, eins og t.d. upplýsingar um kröfur lánveitanda til trygginga eins og ábyrgða o.fl. Vitneskja neytanda um ákveðna grundvallar þætti er varða lánssamninginn, er talin forsenda þess að hann geti borið saman mismunandi lánstilboð, ásamt því að rík upplýsingaskylda er til þess fallin að auka samkeppni á lánamarkaðnum.

Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir þeim atriðum sem lánveitanda ber að upplýsa neytanda um í lánssamningi, ásamt því hvernig honum ber að standa að útreikningi árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnaðar.

4.2 Yfirdráttarheimild af tékkareikningi og sambærilegir lánssamningar með breytilegan höfuðstól

4.2.1 Atriði sem tilgreina ber í samningi

Í 3. gr. nll. er kveðið á um þær upplýsingar sem neytanda skulu veittar við samningsgerð um yfirdráttarheimild og sambærilegum lánssamningum með breytilegum höfuðstól. Upplýsa skal neytanda um hvaða takmörk eru á lánsfjárhæðinni, ef um slíkt er að ræða, sbr. a-lið 1. mgr., og hvaða gjöld falli á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningi, svo og hvaða skilyrði séu fyrir að breyta þeim, sbr. b-lið. Neytandi á rétt á upplýsingum um það hvort breytingar geti orðið á umsömdum gjöldum á samningstímanum, ásamt því með hvaða hætti breytingar verða tilkynntar honum en slíkt má gera með því að vekja sérstaklega athygli á breytingunum í reikningsyfirliti, með auglýsingum í fjölmiðlum eða á annan sambærilegan hátt, sbr. d-lið 1. mgr. Samkvæmt c-lið á neytandi rétt á upplýsingum um það með hvaða hætti samningi skuli sagt upp. Í samningi um skal veita neytanda upplýsingar um árlega

hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á heimildinni og árlega skal senda neytanda almennar upplýsingar með dæmum um útreikning kostnaðar. Heimilt er þó að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi að munnlegri beiðni neytandans, sbr. e-lið 1. mgr. 3. gr.

Í frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, voru lánsamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi undanþegnir gildissviði laganna, en þrátt fyrir undanþáguna hvíldi ákveðin upplýsingaskylda á lánveitanda eða fjármálastofnunum ef um var að ræða lánveitingu í formi heimildar til fyrirframúttektar af tékkareikningi, þó ekki greiðslukortareikningi. Þau atriði sem lánveitanda eða fjármálastofnun bar að veita neytanda upplýsingar um áður en gengið var frá samningum, voru sambærileg við þau atriði sem nú eru tiltekin í a- til d-lið 1. mgr. 3. gr. nll, fyrir utan það að neytandi átti ekki rétt á upplýsingum um árlega hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á heimildinni, sbr. e-lið 1. mgr. 3. gr. nll. Grein þessi svarar til 6. gr. tilskipunar nr. 87/102/EBE, en ekki er að finna nánari skýringu fyrir því að þessi sérregla í 3. gr. laganna ætti ein við um yfirdrátt af tékkareikningi, enda voru slíkir lánsamningar undanþegnir gildissviði laganna.

Með lögum nr. 101/1994, um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, voru gerðar nokkrar efnislegar breytingar við 3. gr. laganna, án þess þó að breytingarnar hafi verið stórvægilegar. Þar sem samningar um yfirdráttarheimildir eru iðulega framlengdir oftar en einu sinni, og samningsfjárhæðinni jafnvel breytt, var talið eðlilegt að lánveitandi þyrfti aðeins að veita umræddar upplýsingar í upphafi viðskipta, en ekki í hvert sinn sem samningurinn var framlengdur eða honum breytt. Helstu efnislegu breytingarnar á ákvæðinu, sem fylgdu frumvarpinu, voru í fyrsta lagi þær að neytanda bar að tilkynna við upphaf viðskipta hvort vextir og umsamin gjöld gætu tekið breytingum á samningstímanum, og þá með hvaða hætti honum yrði tilkynnt um slíkar breytingar. Ekki var kveðið á um þetta í frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, heldur var þar aðeins mælt fyrir um hvernig tilkynningum um breytingar skyldi háttáð. Í öðru lagi fól breytingin í sér að ekki var lengur þörf á að auglýsing í fjölmiðlum þyrfti að vera með áberandi hætti, eins og var áður, enda væri það matsatriði hvenær þeirri kröfu yrði fullnægt.¹⁰⁰

Með frumvarpi því er varð að lögum nr. 179/2000, um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, var gerð sú efnisbreyting á 2. gr. laganna að lánsamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi voru felldir undir gildissvið laganna. Til að gæta samræmis við önnur ákvæði laganna, var upplýsingaskylda lánveitanda rýmkuð þannig að nú bar honum að greina neytanda frá árlegri hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á

¹⁰⁰ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2941.

heimildinni, en ljóst var að sú tala kynni að vera breytileg eftir því hvernig heimildin var notuð. Þá var jafnframt kveðið á um að neytanda yrði árlega sendar almennar upplýsingar með dæmum um útreikning kostnaðarins. Þrátt fyrir meginreglu 5. gr. laganna, um að lánsamningar samkvæmt lögnum skuli vera gerðir skriflega, var ákveðið að heimila undanþágu frá henni þegar verið var að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi, að því tilskildu að munnleg beiðni komi frá neytanda. Við þær aðstæður væri hægt að senda neytanda skriflegan samning eftir á, þar sem hlutfallstala fyrir nýju heildina yrði gefin upp.¹⁰¹

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. nll. þarf lánveitandi aðeins að veita neytanda upplýsingar þær er tilgreindar eru í a- til d-lið 1. mgr. 3. gr. laganna, einu sinni og þá við upphaf slíkra viðskipta. Eins og fyrr segir er ástæðan fyrir þessu sú að yfirdráttarheimildir eru iðulega framlengdar oft og samningsfjárhæðinni jafnvel breytt án mikillar fyrirhafnar. Þetta á þó að sjálfsgöðu ekki við upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á heimildinni, sbr. e-lið 1. mgr. 3. gr. nll., en við útreikning hennar ber lánveitanda að fylgja ákvæðum 10.-12. gr. laganna. Reynt hefur á þetta atriði á sviði Evrópuréttar, en eftirfarandi dómur EB-dómstólsins tók m.a. á umfangi upplýsingaskyldu lánveitanda skv. 6. gr. tilskipunar nr. 87/102/EBE.

EBD, mál C-264/02, ECR 2004, bls. I-2157 (Cofinoga). Cofinoga (C) hafði veitt Sachithanathan (S) lán í formi fyrirframúttektar af hlaupareikningi, þó ekki greiðslukortareikningi, þannig að neytandinn gat reglulega dregið út peninga af korti. Neytandanum bar að endurgreiða lán þetta með mánaðarlegum afborgunum, en samkvæmt samningi er lá til grundvallar viðskiptunum var árleg hlutfallstala kostnaðar tilgreind sem breytileg. S stóð ekki í skilum með afborganirnar og C stefndi því S til greiðslu eftirstöðva, ásamt gjaldföllum kostnaði. Álitaefnið snérist m.a. um túlkun 6. gr. tilskipunar og hvort ákvæðið leiddi til þess að við endurnýjun lánsamningsins hafi lánveitanda borið skylda til að upplýsa lántaka með skriflegum hætti um árlega hlutfallstölu kostnaðar, sem og við hvaða aðstæður hún kynni að taka breytingum. Þrátt fyrir meginreglu 4. gr. tilskipunarinnar, um að lánsamningar skulu gerðir skriflegir, hafði 6. gr. tilskipunarinnar að geyma sérreglu um þess háttar lánsamninga sem yrði að skýra þröngt, enda eru slíkir samningar undanþegnir gildissviði tilskipunarinnar skv. e-lið 1. mgr. 2. gr. Að þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að lánveitanda bar ekki að upplýsa neytanda með skriflegum hætti um árlega hlutfallstölu kostnaðar og þær aðstæður sem kunna að leiða til breytinga á henni, við endurnýjun upphaflegs samnings. Lánveitandi hafði því ekki brotið gegn ákvæðum tilskipunar nr. 87/102/EBE.

Þar sem ákvæði 3. gr. nll. gengur lengra en 6. gr. tilskipunar nr. 87/102/EBE, um rétt neytanda til upplýsinga um árlegrar hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á heimildinni, má fullyrða að lánveitanda ber að veita neytanda þær upplýsingar í té með nánar tilgreindum hætti. Þetta má leiða af skýru orðalagi ákvæðisins, en fyrrnefndur dómur EB-dómstólsins styrkir þá skýringu.

¹⁰¹ Alþt. 2000-01, A-deild, bls. 2281.

4.2.2 Innheimta svokallaðs FIT-kostnaðar

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. nll. er fjármálafyrirtæki aðeins heimilt að innheimta kostnað vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi ef slík gjaldtaka hefur stoð í samningi. Þrátt fyrir að þessi gjaldtaka hafi stoð í samningi, verður kostnaður vegna óheimils yfirdráttar að vera hóflegur og endurspeglar kostnað vegna yfirdráttarins.

Ákvæði þetta kom inn í lögum með lögum nr. 63/2008 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum. Rekja má tilurð ákvæðisins til skýrslu sem unnin var af starfshópi á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl., og hafði það hlutverk að gera úttekt á lagaumhverfi að því er varðar viðskipti neytenda og banka, í ljósi nútímaviðskiptahátta.

FIT-kostnaður hefur sætt töluverðri gagnrýni, hvað varðar fjárhæð hans og forsendur við útreikning, en fjármálafyrirtæki gera engan greinarmun á ástæðum óheimils yfirdráttar, þ.e. hvort um sé aðræða gáleysi eða ásetning. Tilkynningar um óheimilan yfirdrátt berast venjulega í pósti, mögulega nokkrum dögum eftir að óheimill yfirdráttur hefur átt sér stað, og því er hætt við að grandlausir viðskiptamenn verði krafdir um FIT-kostnað vegna margra færsla áður en hann fær vitneskju um þennan óheimilaða yfirdrátt. Það að FIT-kostnaðurinn skuli vera strax færður til skuldar á reikningi korthafa, hefur sérstaklega verið gagnrýnt.¹⁰²

Samkvæmt athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi þessu, var á þessum tíma nokkuð algengt að fjármálafyrirtæki innheimtu kostnað þegar viðskiptavinir eyddu um efni fram með óheimilum yfirdrætti, hvort sem slíkt var með útgáfu tékka eða greiðslukortafærslu. FIT-kostnaður stendur fyrir færsluskra innstæðulausra tékka, og hefur það að markmiði að koma í veg fyrir óheimilan yfirdrátt. Innheimtan byggist á meginreglunni um samningsfrelsi, og grundvallast á skilmálum fjármálafyrirtækja um notkun tékkareikninga þar sem reikningseigandi ábyrgist að fylgjast með stöðu inneignar og koma í veg fyrir að óheimill yfirdráttur geti átt sér stað. Í framtíðinni munu væntanlega öll greiðslukort geyma upplýsingar um inneign, stöðu eða úttektarheimild tékkareikning í sérstöku minni (örgjörvakort), en slíkt á að koma í veg fyrir óheimilan yfirdrátt og FIT-kostnað. Þar sem örgjörvakort eru hins vegar ekki enn komin í umferð hérlendis, verða neytendur að nýta sér þau úrræði sem eru fyrir hendi til þess að sporna við óheimilum yfirdrætti, svo sem með færslubók eða stöðuyfirliti í gegnum þjónustusíma eða bankaþjónustu á internetinu.¹⁰³

¹⁰² Skýrsla starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl., bls. 39.

¹⁰³ Þskj. 838, 135. lögþ. 2007-08, bls. 3.

Rétt þótti að lögfesta ákvæði 3. mgr. 3. gr. nll., sem mælir fyrir um takmörkun fjárhæðar kostnaðar vegna óheimils yfirdráttar, til að stuðla að því að kostnaðurinn yrði hóflegur og myndi endurspegla þann kostnað sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki verður fyrir vegna yfirdráttarins. Með slíkri kostnaðartengingu var ætlunin að tryggja að innheimta gjalda vegna brota á viðskiptaskilmálum með óheimilum yfirdrætti myndi ekki byggjast á gróðasjónarmiðum fjármálafyrirtækis.¹⁰⁴

4.2.3 Heimild til að kveða nánar á um upplýsingaskylduna í reglugerð

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. nll. hefur ráðherra heimild til að kveða nánar á um framkvæmd á upplýsingaskyldu samkvæmt lagagreininni í reglugerð, sbr. 13. gr. laganna. Í 13. gr. laganna er fjallað um það með hvaða hætti auglýsingar skulu vera úr garði gerðar, ásamt því að lánveitanda ber að veita neytanda upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar við lánsamning á starfsstöð hans, svo og í auglýsingum og tilboðum. Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur ekki enn sem komið er nýtt þessa heimild til setningu reglugerðar. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um 13. gr. síðar í þessari ritgerð.

4.3 Skriflegur lánsamningur og efni samnings

Í 5. gr. nll. er mælt fyrir um rétt neytanda til að fá skriflegan lánsamning sem hefur að geyma nánar tilgreindar upplýsingar, sbr. 6. og 8. gr. laganna, ásamt því að neytandinn á að fá í hendur eintak af lánsamningnum. Fyrir lögfestingu ákvæðisins var ekki að finna neina reglu í íslenskum rétti sem mælti fyrir um að lánsamningar ættu að vera skriflegir, en það var hins vegar talið vera nauðsynlegt í framkvæmd vegna reglna um sönnunarbyrði.¹⁰⁵ Ákvæði 5. gr. nll. var lögfest með lögum nr. 30/1993, um neytendalán, en ákvæðið var ekki talið fela í sér miklar breytingar á fyrri framkvæmd, enda tíðkuðust munnlegir lánsamningar almennt ekki í lánsviðskiptum. Samkvæmt lögum um neytendalán, nr. 121/1994, er skriflegur samningur ekki skilyrði fyrir gildi samnings. Munnlegir samningar eru eftir sem áður gildir en að sjálfsögðu er erfitt fyrir lánveitanda að sýna fram á að hann hafi fullnægt áskilnaði 6. og 8. gr. laganna, þegar um munnlegan samning er að ræða.¹⁰⁶ Í danskri réttarframkvæmd hafa dómstólar talið að gera megí óbeint þá kröfu að lánsamningar séu skriflegir, þrátt fyrir

¹⁰⁴ Þskj. 838, 135. lögþ. 2007-08, bls. 3.

¹⁰⁵ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 535.

¹⁰⁶ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 535.

að skriflegur samningur sé ekki talinn nauðsynlegur fyrir gildi sammingsins. Það að samningur sé gerður skriflegur verður að teljast nauðsynlegt, enda getur ella verið örðugt fyrir lánveitanda að sanna að hann hafi fullnægt áskilnaði laganna hvað varðar þær upplýsingar sem hann látið neytanda í té.¹⁰⁷

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. nll. skal lánveitandi við gerð lánssammings, veita neytanda upplýsingar um nánar tiltekin atriði sammings, talin upp í 9 tölulíðum. Lánveitanda ber að veita neytanda upplýsingar m.a. um höfuðstól lánsins án nokkurs kostnaðar, fjárhæð útborgunar, vexti, heildarlántökukostnað í krónum, árlega hlutfallstölu kostnaðar, heildarupphæð þá sem neytanda ber að greiða, fjölda einstakra greiðslna, gildistíma lánssammings og skilyrði uppsagnar hans og heimild til að greiða lánið fyrir lokagjalddaga. Gerð verða nánari skil á upplýsingaskyldu lánveitanda varðandi heildarlántökukostnað samkvæmt 7. gr., árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt 10.-12. gr. og heimild neytanda til að greiða fyrir lokagjalddaga, sbr. 16. gr., í næstu köflum.

Undanfarið hafa eftirlitsstjórnvöld fjallað talsvert um inntak upplýsingaskyldunnar skv. 6. og 7. gr. laganna, og þá hvort upplýsingar í lánssamningi sé nægilegar svo neytandi geti áttað sig á réttarstöðu sinni og meginefni sammingsins. Eftirfarandi ákvarðanir Neytendastofu skýra nánar umfang upplýsingaskyldunnar skv. tédum lagagreinum.

Ákvörðun Neytendastofu 3. ágúst 2010 (35/2010). Til Neytendastofu leitaði neytandi með kvörtun vegna upplýsinga í bílasamningi SP-Fjármögnunar, auk þess sem hann kvartaði yfir framkvæmd sammingsins. Kvörtunin varðaði m.a. það að ekki kæmi skýrt fram hvort vextir af íslenskum hluta lánsins væru fastir eða breytilegir, auk þess sem upplýsingar um prósentuhlutfall vaxta hafi verið villandi. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. ber lánveitanda að greina frá vöxtum lánsins með skriflegum hætti við sammingsgerðina. Séu vextir breytilegir, ber lánveitanda jafnframt skv. 9. gr. laganna að greina frá því með hvaða hætti og við hvaða aðstæður vextir geti breyst. Þar sem í lögnum er hins vegar ekki gerð krafa um að greina frá því hvort vextir séu fastir eður ei, taldi Neytendastofa að þessi liður kröfunnar bryti ekki beint gegn ákvæðum laganna. Þar sem ekki var greint frá því að vextirnir gætu breyst, taldi Neytendastofa rétt að ganga ætti út frá því að þeir væru fastir. Þá kvartaði neytandi jafnframt yfir álagi á Libor vexti, þar sem hvorki í skilmálum lánssammingsins né í fylgiskjöllum hafi verið greint frá því að greiða skuli sérstakt álag á Libor vexti eða hversu hátt slíkt álag skuli vera. Að mati Neytendastofu eru upplýsingar um það hversu hátt hlutfall vaxta sé tengt Libor og hversu hátt hlutfall þeirra sé álag á Libor, sem annað hvort er fast eða breytilegt, mikilvægar fyrir neytanda við töku lánsins og hluti af upplýsingaskyldu hans. Sé álagið breytilegt er jafnframt nauðsynlegt að tilgreina við hvaða aðstæður og með hvaða hætti það getur breyst, sbr. 9. gr. laganna. Neytendastofa taldi því að SP-Fjármögnun hafi brotið gegn 5. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, með því að tilgreina ekki á lánssamningi í erlendri mynt að greiða skuli vaxtaálag á Libor vexti og með því að greina ekki frá því hversu hátt slíkt vaxtaálag sé. Rétt er að geta þess að Neytendastofa fór jafnframt yfir samsetningu myntkórfunnar, sem var reiknuð út frá fjölda eininga en ekki hlutfalli hversrar myntar. Neytendastofa taldi þetta ekki andstætt ákvæðum nll. þar sem upplýsingaskylda lánveitanda skv. nll. væri ekki það rík að 6. gr. laganna leiði til þess að greina þurfi ítarlega frá reikningsaðferðum sem almennt tíðkast á lánamarkaði.

¹⁰⁷ Lennart Lynge Andersen: *Lov om kreditaftaler*, bls. 98-99.

Ákvörðun Neytendastofu 30. júlí 2010 (34/2010). Í máli þessu var m.a. kvartað yfir því að í bílasamningi hafi ekki verið að finna upplýsingar um fjárhæð vaxta á íslenska hluta lánsins, ásamt því að þess var ekki getið hvort vextirnir væru fastir eða breytilegir í lánsamningi og fylgiskjölum, en lánveitandi hélt því fram að þeir væru breytilegir. Að mati Neytendastofu eru upplýsingar um vexti og þá hvort þeir séu fastir eða breytilegir, afar mikilvægar upplýsingar fyrir neytendur. Þar sem ljóst lág fyrir að neytanda var ekki veitt upplýsingar um að lánið bæri breytilega vexti, sem og með hvaða hætti og við hvaða aðstæður vextirnir gætu breyst, taldi Neytendastofa að Lýsing hafi brotið gegn ákvæðum 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. nll.¹⁰⁸

Með frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 101/1994, voru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar á 6. gr. laganna, með það að markmiði eyða vafa um túlkun ákvæðisins og að samræma notkun hugtaka í lögnum. Þá var jafnframt bætt nýjum tölulið við ákvæðið, 9. tölulið, er mælir fyrir um rétt neytanda til upplýsinga um heimild til að greiða fyrir lokagjalddaga. Eðlilegt þótt að neytanda væri veittur upplýsingar um þennan rétt sinn skv. 16. gr. laganna, en áður var ekki talin sérstök þörf á að veita neytanda umræddar upplýsingar. Þess ber þó að geta að við vissar aðstæður er hægt að tryggja að neytandi fá þær upplýsingar sem kveðið er á um í nll., þótt ekki sé stofnað til viðskiptanna með skriflegum hætti. Þannig getur lánveitandi t.d. lagt inn umsókn um lán með rafrænum hætti, en þrátt fyrir það verður að gera þá kröfu að lánveitandi fullnægi áskilnaði laganna um upplýsingaskyldu, áður en stofnað er til samningssambandsins.¹⁰⁹

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. nll. skal lánveitandi greina neytanda frá við hvaða aðstæður breytingar geta orðið á lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara á samningstímanum, ef slík breyting stendur til. Ef ekki er unnt að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar, ber lánveitanda þess í stað að skýra neytanda frá því hverjir vextir eru, hvaða gjöld falla á lánið og við hvaða aðstæður breytingar geti orðið. Ef lánveitandi fullnægir ekki þessum áskilnaði, getur slíkt skapað honum bótaábyrgð samkvæmt 15. gr., sbr. 27. gr. nll. Reynt hefur á þetta álitaefni fyrir eftirlitsstjórnvöldum, þ.e. hvenær lánveitandi hefur veitt neytanda fullnægjandi upplýsingar þegar ekki er unnt að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar við samningsgerðina. Eins og eftirfarandi ákvarðanir Neytendastofu og úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála sýna, eru miklar kröfur gerðar til þessara upplýsinga svo neytandinn geti metið gæði og/eða kosti lánsins við samningsgerðina.

Ákvörðun Neytendastofu 30. júlí 2010 (34/2010). Neytandi sem gerði samning um bílalán kvartaði m.a. yfir því að hann var krafinn um verðtryggingu af íslenskum hluta lánsins, þótt ekki mátti ráða með skýrum hætti af samningi að sá hluti lánsins væri verðtryggður. Í niðurstöðu Neytendastofu kemur fram að skv. 2. mgr. 6. gr. nll. skuli greina frá því í samningi

¹⁰⁸ Ekki liggur fyrir hvort ákvarðanir Neytendastofu nr. 35/2010 og 34/2010 hafi verið bornar undir áfrýjunarnefnd neytendamála til endurskoðunar, þegar þessi ritgerð er skrifuð.

¹⁰⁹ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2941.

við hvaða aðstæður breytingar geti orðið, ef heimilt er að breyta lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara. Í lánsamningnum var hins vegar aðeins greint frá því hvernig leigugreiðslur áttu að reiknast séu þær gengistryggðar, verðtryggðar eða óverðtryggðar, þ.e. almennur og staðlaður skilmáli. Neytendastofa taldi samninginn ekki bera með sér að íslenski hluti lánsins væri verðtryggður, og þar sem mistök lánveitanda hafi leitt til þess að þessu staðlaða skilmála hafi ekki verið breytt, verður lánveitandi að bera ábyrgð á þeim mistökum. Lýsing var því talin hafa brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. nll. með því að tilgreina ekki með fullnægjandi hætti í samningi að íslenskur hluti lánsins væri verðtryggður. Það var niðurstaða Neytendastofu að Lýsing gæti því ekki krafið lántaka um greiðslu verðbóta samkvæmt samningnum, sbr. 2. mgr. 6. gr. nll.

Í ákvörðun Neytendastofu 12. mars 2009 (6/2009) kvartaði neytandi yfir skilmálum á myntkörfuláni sem hann hafði fengið hjá Kaupþing banka í maí 2005. Að mati neytandans hafði Kaupþing brotið m.a. gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, þar sem hvergi í skilmálum lánsins hafi komið fram að við útreikning kjörvaxta hafi átt að miða við LIBOR millibankavexti auk álags, sem kallað var kjörvaxtaálag og ákveðið af bankanum á hverjum tíma. Í niðurstöðu Neytendastofu kemur fram að tilgangur 9. gr. laganna sé sá að fá lánveitanda til að fullnægja upplýsingaskyldu sinni og því er meginreglan sú að lánveitandi beri ábyrgð á því ef hann fullnægir ekki skyldu sinni skv. 6. gr. laganna. Þrátt fyrir takmarkaðar upplýsingar í greinargerð frumvarps því er fylgdi lögunum, taldi Neytendastofa að gera yrði þá kröfu til lánveitanda að hann veitti nægilegar upplýsingar við gerð lánsamnings svo lántaki gæti áttað sig á því að til breytinga gæti komið, og við hvaða aðstæður vextirnir kynnu að breytast. Lántaka var ekki tilkynnt að kjörvextirnir samanstóðu af mörgum þáttum og að veigamestu þættir kjörvaxta hafi verið millibankavextir, LIBOR, og fjármögnunarkostnaður bankans á hverjum tíma. Neytendastofa taldi að rík skylda hvíldi á Kaupþing til að skýra aðstæður sem leiða til breytinga á vöxtum, sér í lagi þar sem framkvæmd Kaupþings var ekki í samræmi við framkvæmd annarra stofnanna eða þá framkvæmd sem almennt tíðkast á lánamarkaði. Af þessum ástæðum taldi Neytendastofa að með því að breyta kjörvöxtum lánsins, án þess að tilgreina í skilmála lánsins með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust, hafi Kaupþing brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laganna. Með vísan til 26. gr. laganna, þótti Neytendastofu rétt að banna notkun Kaupþings á því ákvæði skilmála lánsamningsins sem kvartað var yfir.

Kaupþing sætti sig ekki við þessa niðurstöðu og skaut því ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. *úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 25. september 2009 (9/2009)*. Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti ákvörðun Neytendastofu, en byggði niðurstöðu sína fyrst og fremst á því að Kaupþing hafi brotið gegn 9. gr. nll. með ófullnægjandi upplýsingum um þær aðstæður sem kynnu að heimila breytingu vaxta.

Í eftirfarandi ákvörðun Neytendastofu fjallað Neytendastofa sérstaklega um 2. mgr. 6. gr. nll., til að ákvarða umfang upplýsingaskyldu lánveitanda samkvæmt greininni, þ.e. hversu miklar kröfur yrðu gerðar til frumkvæðis lánveitanda.

Ákvörðun Neytendastofu 5. febrúar 2010 (1/2010). Neytendastofu barst erindi frá neytanda þar sem kvartað var yfir gengistryggðum bílasamningi við Avant hf. Kvartað var yfir því að Avant hafi ekki greint aðila frá þeirri áhættu sem í því fólst að gera gengistryggðan samning, og að fyrirtækið hafi þvert á móti fullyrt að um örugga og góða fjárfestingu væri að ræða. Þá hafi kvartandi jafnframt talið að lánið bæri breytilega vexti en um var að ræða kaupleigusamning í erlendri mynt. Í gögnum málsins kom fram að lántaki hafi sótt um lánið á vefsíðu Avant og fengið nokkurs konar seðil sem er loforð fyrir lánveitingu. Niðurstaða Neytendastofu byggði m.a. á skýringu 2. mgr. 6. gr. nll. og taldi að ákvæði nll. legði ríka upplýsingaskyldu á

lánveitendur til við gerð lánssamnings, svo tryggt væri að neytendur fengju fullnægjandi upplýsingar við samningsgerðina. Það að lán taki hafi sótt um lán á vefsíðu félagsins, án aðkomu starfsmanna Avant, leiðir ekki til þess að neytandi geti velt allri ábyrgðinni yfir á lánveitanda um að kynna að eigin frumkvæði fyrir lántaka öll atriði samningsins og afleiðingar hans. Lántaka bar að kynna sér skilmála samningsins áður en hann var undirritaður, og óska eftir frekari upplýsingum ef eitthvað var óljóst. Þá taldi Neytendastofa jafnframt að Avant hf. hafi ekki getað, áður en samningurinn var gerður, varað lántaka við þeim breytingum sem gátu orðið á gengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Að þessu virtu, taldi Neytendastofa að Avant uppfyllti áskilnað 6. gr. nll. um upplýsingaskyldu lánveitanda, og því var ekki tilefni til frekari aðgerða af hálfu Neytendastofu. Umræddri ákvörðun Neytendastofu var ekki skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála.

Með lögum nr. 63/2008 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, var nýrri málsgrein, 3. mgr., bætt við 6. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu skal tilkynna neytanda um breytingar á gjaldtöku vegna lánssamninga samkvæmt lögnum, að lágmarki einni viku fyrir gildistöku þeirra, ef þær eru ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. laganna má fullnægja upplýsingaskyldunni með ýmsum hætti, svo sem með birtingu á heimasíðu lánveitanda, í netbanka á vegum lánveitanda eða með tölvupósti. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. másl. getur neytandi óskað eftir því að upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein verði veittar skriflega. Í frumvarpi til laga nr. 63/2008 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, var lagt til að upplýsingagjöfinni væri fullnægt meðal annars með skriflegum hætti, en að neytandinn hefði val um þann hátt. Þegar frumvarpið var til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, var hins vegar lögð til sú breytingatillaga að upplýsingarnar skyldu aðeins veittar skriflega hafi neytandi óskað þess. Þessi breyting byggðist á tillögum starfshóps sem viðskiptaráðherra skipaði til að gera úttekt á lagaumhverfi að því er varðar viðskipti neytenda og fjármálafyrirtækja í ljósi nútímaviðskiptahátta.¹¹⁰ Starfshópurinn taldi að gæta yrði meðalhófs við val á varanlegum miðli til upplýsingagjafar, enda væri bæði tímafrekt og kostnaðarsamt fyrir fjármálafyrirtæki að þurfa að beina hvers konar upplýsingum til viðskiptavinar skriflega á pappír. Þorri almennings hefur aðgang að tölvupósti og heimabankapjónustu, og á auðvelt með að nálgast upplýsingar á vefsíðum þjónustuveitenda. Í ljósi nútímaviðskiptahátta og tölvuvæðingar þjóðarinnar, þótt rétt að leggja af þann fyrirvara að viðskiptavinur þyrfti að óska eftir því eða veita samþykki um veitingu upplýsinga á öðrum varanlegum miðli en pappír. Meginreglan yrði því sú að notast mætti við annan varanlegan miðil en pappír, en ef viðskiptavinur óskar sérstaklega eftir upplýsingum á pappírformi, ber fjármálafyrirtæki að verða við þeirri beiðni.¹¹¹ Upplýsingaskylda samkvæmt ákvæðinu var ekki aðeins ætlað að

¹¹⁰ Þskj. 1090, 135. lögþ. 2007-08, bls. 1.

¹¹¹ *Skýrsla starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl.*, bls. 36.

taka til nýrra lánessamninga, heldur var því ætlað að gefa öllum neytendum sem voru þá þegar í viðskiptum við lánveitendur, færi á að velja á milli fyrrgreindra boðleiða.¹¹²

Telja verður að hugtakið „lánessamningur“ nái ekki aðeins yfir þann samning sem sammingsaðilar undirrita, heldur jafnframt fylgiskjöl með honum, eins og t.d. greiðslufirlit, og staðlaða skilmála sem finna má t.d. á vefsíðu lánveitanda og vísað er skýrlega til í samningnum. Þannig getur lánveitandi fullnægt áskilnaði laganna með upplýsingum á vefsíðu sinni, án þess að sú krafa sé gerð að hann hafi sérstaklega samband við neytanda og athugi hvort sá síðarnefndi hafi kynnt sér þær upplýsingar til hlítar.

Í *Ákvörðun Neytendastofu 5. febrúar 2010 (1/2010)* komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að ákvæði 2. mgr. 6. gr. nll. leggði ekki það ríka upplýsingaskyldu á lánveitanda, að hann yrði að hafa samband við lántaka til þess að vera fullviss um að upplýsingar á vefsíðu fyrirtækisins kæmust til skila. Það að lántaki hafi sótt um lán á vefsíðu félagsins, án aðkomu starfsmanna Avant, leiðir ekki til þess að neytandi geti velt allri ábyrgðinni yfir á lánveitanda um að kynna fyrir lántaka, að eigin frumkvæði, öll atriði sammingsins og afleiðingar hans. Þessari ákvörðun var ekki skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála.

Dæmi er um það að dómstólar, sem og eftirlitsstjórnvöld, vísi til fylgiskjala og annarra gagna við mat á efni lánessammings og upplýsingaskyldu lánveitanda, og því má ganga út frá því að ef framsetning upplýsinganna sé með skýrum hætti, geti lánveitandi fullnægt áskilnaði laganna um upplýsingagjöf í fylgiskjölum.¹¹³

Ekki er tekið á því með beinum hætti í 5. gr. nll. hvaða afleiðingar það hefur ef lánveitandi veiti neytanda ófullnægjandi upplýsingar í skriflegum samningi, en rétt er þó að álykta að við slíkt framferði stofnast réttur neytandans til skaðabóta skv. 1. mgr. 27. gr. nll.¹¹⁴

¹¹² Þskj. 838, 135. lögþ. 2007-08, bls. 4.

¹¹³ Sjá t.d. *Ákvörðun Neytendastofu 3. ágúst 2010 (35/2010)* en þar studdist Neytendastofa m.a. við skilmála og upplýsingar í fylgiskjölum með upphaflegum samningi aðilanna, við mat á því hvort lánveitandi hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.

¹¹⁴ Í *áliti dönsku neytendakærunefndarinnar sem birt var í Jurdisk Árbog 1999, bls. 188*, hafði neytandi keypt húsgögn með afborgunarkjörum fyrir 2500 DKK, og greitt 600 DKK um hver mánaðarmót, án þess þó að hafa fengið skriflegan lánessamning í hendurnar. Seljandi reiknað mánaðarlega vexti upp á 8% af útistandandi skuld og kostnað, sem neytandi taldi óeðlilega háan kostnað. Kærunefndin taldi viðskiptin falla undir lög um neytendalán, og að seljandi/lánveitandi hafi brotið gegn 8.-9. gr. laganna, og því gæti seljandi aðeins lagt lágmarkspóknun ofan á heildsöluverð vörunnar.

4.4 Lántökukostnaður

4.4.1 Almenn

Samkvæmt d-lið 4. gr. nll. er með heildarlántökukostnaði neytanda átt við allan þann kostnað sem hlýst af töku lánsins og neytanda ber að greiða, þar með taldar vaxtagreiðslur og önnur gjöld. Upplýsingar um lántökukostnað skipta miklu máli fyrir neytanda, þar sem sú fjárhæð hefur væntanlega áhrif á mat neytanda á kostum láns, ásamt því að heildarlántökukostnaðinn eru nauðsynlegar svo reikna megi út árlega hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 10. gr. nll. Lántökukostnaðurinn getur annaðhvort verið fastákveðinn eins og t.d. þegar um er að ræða óverðtryggt lán með fastan höfuðstól, eða breytilegur eins og t.d. þegar um er að ræða verðtryggt lán, sbr. 12. gr. nll.

Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir þeim reglum er gilda um útreikning lántökukostnaðar, hvort sem um er að ræða breytilegan lántökukostnað eður ei, ásamt því að ítreka mikilvægi þessara upplýsinga fyrir neytandann.

4.4.2 Útreikningur lántökukostnaðar

Í 7. gr. nll. er mælt fyrir um útreikning lánveitanda á lántökukostnaði neytandans en ákvæði svarar til a-liðar 1. gr. í tilskipun nr. 87/102 EBE. Í 1. mgr. 7. gr. nll. er lántökukostnaður skilgreindur sem allur sá kostnaður af láninu, þar með taldir vextir og önnur gjöld, sem lántakandi verður að greiða fyrir lánið, með þeim undantekningum sem greinir í 3. mgr. ákvæðisins. Af 3. mgr. 7. gr. nll. má ráða að kostnaður vegna yfirfærslu fjár og kostnaður vegna viðskiptareiknings sem ætlað er að taka við afborgunum af láninu, falli undir lántökukostnað í skilningi 1. mgr. ákvæðisins, ef neytandi hefur ekki haft hæfilegt valfrelsi um það með hvaða hætti yfirfærsla fjárins eða endurgreiðslan fari fram, svo og ef kostnaðurinn er óeðlilega hár.

Í 2. mgr. 7. gr. nll. er tiltekið hvaða kostnaðarliðir skal ekki taka tillit til þegar árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð út. Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. nll. ber lánveitanda ekki að taka með kostnað vegna vanskila. Kostnaður sem neytandi verður fyrir vegna kaupa á lausafé eða þjónustu, á ekki að reiknast með samkvæmt 2. tölul., en sem dæmi um slíkan kostnað má nefna afhendingarkostnað. Samkvæmt 3. tölul. á ekki að taka með í útreikninginn kostnað vegna yfirfærslu á peningum, en með því er átt við t.d. kostnað vegna yfirfærslu

peninga til lánveitanda með gíróseðli eða póst- eða bankaávísun.¹¹⁵ Þetta gildir þó aðeins ef neytandi hefur haft hæfilegt valfrelsi um það með hvaða hætti yfirfærsla fjárins fari fram, svo og að kostnaðurinn sé ekki óeðlilega hár, sbr. 3. mgr. 7. gr. nll.

Samkvæmt 4. tölul. á ekki að taka með í útreikninginn kostnað vegna viðskiptareiknings sem ætlað er að taka við afborgunum af láninu að undanskildum kostnaði við innheimtu endurgreiðslna, hvort heldur um er að ræða staðgreiðslu eða annað greiðslufyrirkomulag. Þannig ber lánveitanda við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar að reikna með kostnað vegna innheimtu endurgreiðslna, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna. Kostnaður vegna viðskiptareiknings sem ætlað er að taka við afborgunum af láni, skal aðeins undanþeginn í útreikningnum ef neytandi hefur hæfilegt valfrelsi um það með hvaða hætti yfirfærsla fjárins eða endurgreiðslan fer fram, svo og að kostnaðurinn sé ekki óeðlilega hár, sbr. 3. mgr. 7. gr. nll. Ekki á að reikna með félagsgjöldum sem rekja má til ótengds sammings, jafnvel þótt það hafi áhrif á skilyrði lánsammings, sbr. 5. tölul. Sem dæmi um slíkar aðstæður má nefna það skilyrði fyrir lánveitingu í lífeyrissjóði, að lántaki þurfi að hafa greitt félagsgjöld til sjóðsins. Að lokum er í 6. tölul. gert ráð fyrir að ekki skuli reikna með kostnað vegna trygginga og ábyrgða nema þær eigi að tryggja endurgreiðslu lánsins.

Í athugasemdum þeim er fylgdi frumvarpi til laga nr. 30/1993, um neytendalán, er gert nánar grein fyrir þeim kostnaði sem getur fallið undir töluliðinn og ber að reikna með í heildarlántökukostnaðinum. Taka skal tillit til útreikninga, t.d. trygginga vegna kaupa með eignarréttarfyrirvara eða bifreiðaláns þar sem veð er stofnað í bifreiðinni til að tryggja endurgreiðslu lánveitanda ef söluhlutur glatast. Þá skal jafnframt taka tillit til trygginga sem eiga að gera endurgreiðslu lánsins öruggari en ella, sem lagðar eru þannig fram í öryggisskyni til að tryggja endurgreiðslu á láninu. Aðalreglan er sú að kostnaður vegna þinglýsingar veðskuldabréfa á að taka með í útreikningana.¹¹⁶

4.4.3 Réttur neytanda á skriflegum upplýsingum við sammingsgerðina

Þegar samningur er gerður er lánveitanda skylt að gefa neytanda upplýsingar um þann kostnað sem tilgreindur er í 2. – 6. tölul. 2. mgr. 7. gr., ásamt því að tilgreina hvenær slíkur kostnaður fellur á, sbr. 1. málsl. 8. gr. nll. Eins og fyrr greinir er ólöglegt að reikna

¹¹⁵ Sjá ákvörðun Neytendastofu 30. júlí 2010 (34/2010). Í máli þessu kvartað neytandi m.a. yfir því að Lýsing hafi innheimt seðilgjöld af hverjum greiðsluseðli án þess að heimild væri fyrir því í samningi. Neytendastofa gerði ekki athugasemd við að fjárhæð gjaldsins kæmi aðeins fram í gjaldskrá, sem vísað var til í lánsamningi. Þá taldi Neytendastofa að Lýsing hafi haft heimild til töku gjaldsins, enda teldust seðilgjöld ekki til þeirra kostnaðarliða sem notast skal við við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 7. gr. nll.

¹¹⁶ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 536.

lántökukostnaðinn með við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, en lánveitanda ber þó að veita lántaka sérstaka vitneskju um þessa kostnaðarliði í samningnum. Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/1993, um neytendalán, kemur fram að lánveitandi skuli taka kostnaðarliðina fram í samningnum, ef hann þekkir fjárhæð þeirra. Ef kostnaðurinn er óþekktur skal lánveitandi ef kostur er, veita neytanda upplýsingar um hvernig hann er reiknaður út eða áætla hver hann er, sbr. 2. málsl. 8. gr. nll. Í mörgum tilvikum er geta lánveitanda til að miðla umræddum upplýsingum háð upplýsingum frá þriðja aðila. Þetta á t.d. við þegar sett er það skilyrði fyrir veitingu bílaláns að bifreiðin sé kaskótryggð, því þá ræðst fjárhæð iðgjalda af ákvörðun tryggingafélags. Vegna þess er talið nægilegt að lánveitandi gefi upp kostnaðinn með dæmi, t.d. með því að gefa upp verð á tryggingu fyrir ákveðna bifreiðategund og ákveðinn áhættuflokk.¹¹⁷

4.4.4 Breytilegur lántökukostnaður

Samkvæmt 9. gr. nll. geta aðilar samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir, þrátt fyrir ákvæði laganna um rétt neytanda til upplýsinga um vexti og fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr. nll. Ef samið er á þann hátt um breytilega vexti, verður lánveitandi að greina neytanda frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreina með hvað hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast. Leggja verður sjálfstætt mat á það hverju sinni hvort upplýsingagjöfin fullnægi áskilnaði ákvæðisins, en reynt hefur á þetta álitaefni fyrir eftirlitsstjórnvöldum, eins og eftirfarandi úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála ber með sér:

Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 25. september 2009 (9/2009). Í máli þessu byggði Kaupþing á því að lánskilmálarnir hafi uppfyllt skilyrði 9. gr. nll. þar sem tekið var fram í samningnum að heimilt hafi verið að breyta vöxtum á þriggja mánaða fresti til samræmis við þá vexti sem giltu gagnvart nýjum sambærilegum og/eða hliðstæðum lánum. Áfrýjunarnefnd féllst ekki á að skilmálar sammingsins nægi sem þær „aðstæður“ sem 9. gr. laganna mælir fyrir um og tilgreina skuli í samningi um lán með breytilega vexti. Að mati nefndarinnar felur lánskilmálinn bankanum sjálfsdæmi um það hverjir vextirnir áttu að vera, en ekki var getið þess hvaða aðstæður gátu leitt til breytinga á vöxtum, eins og ákvæði 9. gr. kveður skýrlega á um að skylt sé. Í lánsamningnum hafi ekki verið getið þess að kjörvextirnir hafi verið samsettir úr a.m.k. tveimur þáttum sem voru báðir breytilegir, þ.e. Libor-vöxtum og vaxtaálagi, sem lánveitandi kallaði kjörvaxtaálag. Að mati áfrýjunarnefndar eru upplýsingar um fyrr nefnt til þess fallið að fullnægjan áskilnaði 9. gr. nll. og að Kaupþingi hafi verið skylt að gera grein fyrir þeim í lánsamningnum. Niðurstaða áfrýjunarnefndar byggðist m.a. á tilgangi laga um neytendalán, nr. 30/1993, sem var m.a. að bæta möguleika lántakenda til að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda og þar með gera lántakanda auðveldara að meta hvort hann vilji taka lánið. Nefndin taldi vandséð að ná mátti fram þessum tilgangi nema ákvæði 9. gr. laganna yrðu skýrð svo að lánveitanda sé skylt að upplýsa lántaka um allar

¹¹⁷ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 537.

breytur sem áhrif hafa til hækkunar eða lækkunar hlutfalla vaxtanna. Þó að vera kunnir að hlutfall kjörvaxta ráðist af fleiri atriðum en millibankavöxtum og álagi á þá, breytir það engu um þá skyldu sem 9. gr. laganna leggur á herðar bankans. Ákvæði í lánessamningnum var talið veita engar leiðbeiningar um þær aðstæður sem leitt gátu til breytinga á vöxtum og því staðfesti áfrýjunarnefnd neytendamála ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 6/2009.

Mikilvægt er að neytandi fái umræddar upplýsingar skriflega og við samningsgerðina, sbr.

5. gr. nll., enda samræmast munnleg upplýsingagjöf um þennan mikilvægan þátt lánsins, hvorki tilgangi laga um neytendalán, nr. 121/1994, né markmiðum og kjarna tilskipunar nr. 87/102/EBE.

Ákvörðun Neytendastofu 28. apríl 2010 (21/2010). Í máli þessu var kvartað yfir bílaláni frá Avant, sem var skuldabréf í íslenskum krónum, tryggt með vísitölu neysluverð og með breytilega vexti. Lánið var tekið í tengslum við bifreiðakaup lántaka. Samkvæmt samningnum skuldbatt lántaki sig til að greiða tilgreinda ársvexti, sem áttu að vera vextir samkvæmt gildandi vaxtaskrá Avant hf., um bílalán, eins og hún var á hverjum tíma fyrir verðtryggð skuldabréf. Ekki var þess þó getið í lánessamningi við hvaða aðstæður vextirnir gætu breyst, heldur þurfti lántaki að bera fram ósk um að vera upplýstur um þær aðstæður. Við eftirgrennslu lántaka kom í ljós að breytilegir vextir fylgdu breytingum á stýrivaxtaálagi Seðlabanka Íslands, þó svo að í samningi væri ekki beint vísað til þess. Avant bar fyrir sig að 9. gr. nll. krefðist þess ekki fortakslaust að upplýst væri með skriflegum hætti í lánessamningi, við hvaða aðstæður vextir gætu breyst, heldur að það væri óljóst í lögnum hversu nákvæm útlitun þyrfti að vera á þeim aðstæðum sem varðað gæti breytingum á vöxtum. Avant taldi því nægjanlegt að gera munnlega grein fyrir vaxtabreytingarástæðum þegar samið var um lánið, og taldi slíkt helgast m.a. af samkeppnissjónarmiðum. Að mati Avant var tilgangur laga um neytendalán sá að tryggja aðgang neytenda að upplýsingum um þær almennu ástæður sem leitt geta til vaxtabreytinga, en ekki að veita neytanda aðgang að viðkvæmum rekstrarupplýsingum er lúta að fjármögnun fyrirtækisins. Í niðurstöðu Neytendastofu var litið til tilgangs tilskipunar 87/102/EBE og komist að þeirri niðurstöðu ákvæði 9. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. feli í sér fortakslausa skyldu lánveitanda til að upplýsa neytanda skriflega við samningsgerðina, um það með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir geti breyst. Neytendastofa bannaði því Avant notkun samningsskilmála um breytilega vexti án þess að tilgreina með hvaða hætti og við hvaða aðstæður vextir væru breytilegir. Avant féllst ekki á niðurstöðu Neytendastofu og kærði því ákvörðunina til áfrýjunarnefndar neytendamála. Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 16. júlí 2010 (6/2010) var hin kærða ákvörðun Neytendastofu staðfest.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. frumvarps til laga nr. 30/1993, um neytendalán, átti tilkynningarskyldan að gilda á sama hátt um aðra liði lánskostnaðar en vexti. Lánveitanda bar að tilkynna lántakanda um allar breytingar sem yrðu á árlegum nafnvöxtum eða öðrum kostnaðarliðum þegar breytingarnar urðu. Þegar frumvarpið var hins vegar til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, var umrædd málsgrein felld á brott í meðförum þingsins. Talið var að ákvæðið legði of ríka tilkynningarskyldu á lánveitendur sem erfitt gæti reynst að uppfylla. Efnahags- og viðskiptanefnd taldi nægilegt að neytendur fengju skýrar og ótvíræðar upplýsingar við samningsgerðina, sbr. 6. gr. laganna. Þá lagði nefndin jafnframt til að 3. málsl. 1. mgr. greinar frumvarpsins yrði felldur á brott, en þar sagði að einungis hafi mátt semja um að vextir skyldu fylgja að hluta til eða að öllu leyti meðalvöxtum sem Seðlabanki

Íslands auglýsti eða vöxtum annarra lánastofnana sem lánveitandi gat ekki haft áhrif á. Að mati nefndarinnar fól umrætt ákvæði í sér takmörkun á heimild aðila til að semja um lánskjör.¹¹⁸ Frumvarpið var samþykkt á Alþingi með umræddum breytingartillögum efnahags- og viðskiptanefndar.

4.5 Árleg hlutfallstala kostnaðar í prósentum

4.5.1 Almenn

Meginatriðið í tilskipun nr. 87/102/EBE og frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, var að tryggja lántakanda upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar í prósentum, en fram að setningu laganna var ekki að finna sambærilega kröfu í íslenskum rétti um upplýsingaskyldu lánveitanda. Með árlegri hlutfallstölu kostnaðar er gefið upp samanlagt verð fyrir lántöku í eitt ár í senn, þannig að gefinn er upp kostnaður við lánið án tillits til fjárhæðar eða greiðsluskilmála o.s.frv.¹¹⁹ Árleg hlutfallstala kostnaðar er skilgreind sem heildarlántökukostnaður sem hlýst af gerð lánsamnings, lýst sem árlegri prósentu af upphæð lánsins og reiknuð út í samræmi við ákvæði 10.-12. gr. nll., sbr. e-lið 4. gr. laganna.

Tilgangur þessarar upplýsingaskyldu er að gefa lántakanda færi á að meta hversu mikill kostnaður fylgir láninu, þannig að hann eigi auðveldara að bera saman mismunandi lánstilboð og um leið að stuðla að samkeppni á lánsmarkaði.¹²⁰

4.5.2 Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar

Samkvæmt 10. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, er árleg hlutfallstala kostnaðar það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánsamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar er lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstól lánsins, og hún skal reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkingu eða formúlu sem finna má í fylgiskjali við reglugerð nr. 377/1993 um neytendalán, ásamt síðari breytingum og II. viðauka tilskipunar nr. 90/88/EBE.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 90/88/EBE er árleg hlutfallstala kostnaðar tiltekið hlutfall af núvirðis skuldbindingum, þ.e. hlutfall af lánsfjárhæð, endurgreiðslum og kostnaði, sem lánveitandi og neytandi hafa samið um, hvort sem um er að ræða

¹¹⁸ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 4681-4682.

¹¹⁹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 533.

¹²⁰ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 533.

skuldbindingar sem til kunna að koma eða eru þegar fyrir hendi. Árleg hlutfallstala kostnaðar er síðan reiknuð út í samræmi við ofan greinda stærðfræðiformúlu en fyrst þarf að finna út heildarlántökukostnaðinn skv. 1. mgr. 7. gr. nll., en samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 90/88/EBE skal við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar ekki taka tillit til þeirra kostnaðarliða sem tilgreindir eru í 2. mgr. 7. gr., þ.e. þegar fundinn er út heildarlántökukostnaðurinn.

Hugtakið „vaxtaígildi“ í 1. málsl. 10. gr. nll. er ekki nánar skilgreint í lögskýringargögnum, en með vöxtum er hins vegar almennt átt við endurgjald fyrir peningalán, þar sem vextir eru oftast ákveðnir sem tiltekið hundraðsgildi lánsfjárhæðar á ári.¹²¹ Ígildi vaxta eru því endurgjald fyrir lán sem jafna má til vaxta, í skilningi laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, eins og t.d. skuldaálag sem ætlað er sem nokkurs konar endurgjald fyrir lán.¹²² Þar sem almennir vextir, aðrir en dráttarvextir, eru hins vegar ekki undanþegnir sem kostnaður sem taka ber tillit til við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 2. mgr. 7. gr. nll., eru vextir taldir með í útreikningi á lántökukostnaði, og um leið við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga nr. 101/1994, um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, kemur fram að árleg hlutfallstala kostnaðar sé í rauninni sá vaxtafótur sem jafnar annars vegar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda, sem felst oftast í útborgun höfuðstólsins þegar lán er tekið, og hins vegar greiðsluskuldbindingum neytanda, sem felst í greiðslu afborgana, vaxta og annarra gjalda á lánstímanum. Núvirðið skiptir miklu máli í þessu samhengi þar sem lánveiting annars vegar og afborgun láns og greiðsla vaxta hins vegar, falla til á ólíkum tíma. Þetta hugtak hefur jafnframt verið nefnt virkir vextir, en þetta var ekki talið ljóst fyrir umrædda breytingu.¹²³

Fullyrða má að umrædd stærðfræðilíking sé ekki auðveld viðureignar fyrir aðra en fræðimenn í stærðfræðivísindum og því má ætla að venjulegur kaupmaður þurfi að fjárfesta í sérstöku tölvuforriti, sem leysir þrautina fyrir hann, en þessi tölvuforrit eru fánleg á markaði hérlandis.¹²⁴

Með frumvarpi því er varð að lögum nr. 101/1994, um breyting á lögum neytendalán, nr. 30/1993, var gerði breyting á orðalagi ákvæðisins með það að markmiði að eyða þeim vafa

¹²¹ Páll Sigurðsson: *Kröfuréttur*, bls. 353.

¹²² Sjá ákvörðun *Neytendastofu frá 11. júní 2008 (12/2008)* en þar var skuldaálag tilgreint í auglýsingu, sem var í raun kostnaðarliður sem reikna átti með við útreikning á lántökukostnaði, og um leið árlegar hlutfallstölu kostnaðar.

¹²³ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2942.

¹²⁴ Páll Sigurðsson: *Lagaþættir III*, bls. 354-355.

sem komið hafði fram um það hvort miða skuli við staðgreiðsluverð eða afborganaverð, við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og frágang lánessamnings. Tekið er fram í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi laganna, að við fyrrnefndan útreikning skipti miklu máli við hvort verðið sé miðað. Árleg hlutfallstala kostnaðar verður hærri ef notað er staðgreiðsluverð og lántökukostnaðurinn tiltekinn sérstaklega, en ef notast er við afborgunarverð, þ.e. staðgreiðsluverð að meðtöldum lántökukostnaði. Með frumvarpinu var lagt til að skýrt yrði kveðið á um að höfuðstóllinn miðist við staðgreiðsluverð, þegar um er að ræða lánveitingu í tengslum við kaup á vöru eða þjónustu. Með staðgreiðsluverði er átt við uppgefið verð á vöru, hvort heldur er á sölustað eða í auglýsingu, sem neytanda stendur almennt til boða gegn greiðslu í reiðufé. Samkvæmt þessu verður lántökukostnaðurinn ávallt að koma sérstaklega fram og má ekki vera innifalinn í verði vöru eða þjónustu. Sama regla gildir ef hluti vöru er greiddur en eftirstöðvar lánaðar.¹²⁵ Í 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. nll. kemur nú fram að þegar lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu, skuli höfuðstóll lánsins jafngilda staðgreiðsluverði vörunnar eða þjónustunnar.

Samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 87/102/EBE dugði aðildarríkjum þeim sem ekki gerðu kröfu um tilgreinda hlutfallstölu lánkostnaðar eða höfðu ekki komið sér upp aðferð til að reikna hann út, að krefjast þess að heildarlántökukostnaður neytandans væri tilgreindur. Ástæða þess var sú að beðið var ákvörðunar um samþykktu aðferð sem gilda átti í bandalaginu öllu, sem kom með tilskipun 90/88/EBE. Með 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 90/88/EBE var fyrrnefnt ákvæði tilskipunar nr. 87/102/EBE fellt úr gildi og aðildarríkjunum bannað að undanþiggja annan kostnað en þann sem er tilgreindur í tilskipuninni, við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, eftir að samræmd stærðfræðiformúla um útreikninginn hefur verið samþykkt af Ráðinu. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir því að alltaf skuli, í tengslum við lánessamning, hafa upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar í prósentum, þ.e. samanlagðan kostnað vegna lánsins, lýst sem árlegri hundraðstölu sem reiknuð er út samkvæmt sérstakri stærðfræðiformúlu.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 90/88/EBE er heildarlántökukostnaður neytandans skilgreindur sem allur kostnaðar, þ.á.m. vextir og annar kostnaður, sem neytandi þarf að greiða fyrir lánið. Með árlegri hlutfallstölu kostnaðar, er átt við heildarkostnað af neytendaláni, tilgreindur sem árleg hlutfallstala af þeirri fjárhæð sem veitt er að láni og reiknuð samkvæmt ákvæði 2. mgr. 1. gr. tilskipunar. Þessar skilgreiningar eru í samræmi við d. og e. lið 1. mgr. 4. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994.

¹²⁵ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2941-2942.

Í aðfararorðum tilskipunar nr. 90/88/EBE kemur fram að það sé æskilegt að styðjast við eina aðferð við reikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar í öllum aðildarríkjum EES, svo hægt sé að stuðla að sameiginlegum innri markaði. Meðan á aðlögunartímanum stóð, máttu þau aðildarríki sem fyrir gildistöku tilskipunar studdust við aðrar stærðfræðiformúlur við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, halda áfram að nota styðjast við þá formúlu. Í aðfararorðum tilskipunar nr. 87/102 EBE kemur fram að mismunandi reglur við útreikninginn eftir aðildarríkjum, geti dregið úr samkeppni milli lánveitanda á hinum sameiginlega markaði, takmarkað möguleika neytenda á að fá lán frá öðrum aðildarríkjum, ásamt því að hafa áhrif á verslun með vörur og þjónustu milli landa. Það sé því hagur af því að hafa sameiginlega stærðfræðiformúlu, enda myndi slíkt leiða til aukinnar sölu á vöru og þjónustu milli aðildarríkja.

4.5.3 Upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar skulu liggja fyrir við samningsgerðina

Í 1. málsl. 11. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, segir að árleg hlutfallstala kostnaðar sé reiknuð út á þeim tíma sem lánsamningur er gerður. Samkvæmt athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, er tilgangur ákvæðisins sá að gefa neytanda færi á að meta hve mikill kostnaður fylgir láninu, þannig að hann eigi auðveldar með að bera saman mismunandi lánstilboð. Þessar upplýsingar geta komið að gagni í samkeppni og þar af leiðandi haft áhrif til lækkunar á lántökukostnaði.¹²⁶ Samkvæmt 2. málsl. 11. gr. nll. skal við útreikninginn ganga út frá því að lánsamningur gildi umsaminn tíma og að lánveitandi og neytandi standi við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum samningsins. Ef ekki væri tekið tillit til þessara þátta, má ganga út frá því að lántökukostnaðar yrði mun hærri, ásamt því að slíkt yrði seint talið sanngjarnt með hliðsjón af stöðu lántakandans við samningsgerðina.

4.5.4 Upplýsingagjöf þegar lánsamningur heimilar breytingar á gjöldum sem teljast til árlegrar hlutfallstölu kostnaðar

Í 1. mgr. 12. gr. nll. er tiltekið að ef lánsamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þær forsendur að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka

¹²⁶ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 533.

lánstímans. Með lögum nr. 101/1994, um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, var gerð orðalags breyting á ákvæðinu, þannig að hugtakið „verðtrygging“ kom í stað orðanna „vísitölubinding og verðlagsviðmið“. Ástæða breytinganna var sú að gera ákvæðið skýrara, enda er hugtakið verðtrygging notuð í víðtækari merkingu og nær til hvers konar verðtryggingu sem heimiluð er hér á landi.¹²⁷

Ef stuðst er við óheimilaða verðtryggingu við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og þær aðstæður leiða til þess að árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð of lág, verður lánsamningurinn að fullnægja áskilnaði 10.-11. gr. laganna. Lánveitanda ber þá að reikna árlega hlutfallstölu kostnaðar út við samningsgerðina, sbr. 11. gr. laganna, en hafi hann ekki gert það getur það skapað honum bótaábyrgð, enda hafi neytandi mátt ætla að lánskjör væru hagstæðari en þau síðar reyndust vera, sbr. 15. gr. laganna. Nú hefur gengistrygging lánsfjár verið dæmd sem ólögleg verðtrygging, sbr. *dómar Hæstaréttar nr. 92/2010 og 153/2010*, og verður lánsamningurinn því að fullnægja áskilnaði 10.-11. gr. laganna varðandi árlega hlutfallstölu kostnaðar. Í lánsamningum þar sem lánsfjárhæðin var gengistryggð, hefur lánveitandi reiknað árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld yrðu óbreytt til loka lánstímans. Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 14. gr. nll. er lánveitanda óheimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gefur hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar, ef hann hefur reiknað árlega hlutfallstölu kostnaðar of lága. Ef lánveitandi hefur þannig tilgreint ranga hlutfallstölu kostnaðar á lánsamninga, getur verið að hann þurfi að sitja uppi með þann kostnað sem til fellur vegna þessara mistaka.

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 féll gengi íslensku krónunnar með þeim afleiðingum að höfuðstóll þessarar tegundar lána hækkaði umtalsvert. Lögmæti þeirra samningsákvæða, sem batt endurgreiðslu lánanna við gengi erlendra gjaldmiðla, var í kjölfarið dregið í efa af fræðimönnum. Úrlausn um lögmæti lánanna valt einkum á því hvort gengistrygging var verðtrygging í skilningi laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, og ef svo er hvort þá sé löglegt að miða fjárskuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla.¹²⁸

Verðtrygging nefnist það þegar verðgildi peninga er tengt við einhvers konar vísitölu eða gengi. Hvorki í lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, né forvera þeirra, vaxtalögum nr. 25/1987, er að finna efnislega skilgreiningu á hugtakinu verðtrygging en þó kemur fram í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu að með verðtryggingu lánsfjár og sparfjár sé átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu. Af fyrrnefndu ákvæði má ráða að VI. kafli laganna taki til sparifjár og lánsfjár í íslenskum krónum, þ.e. þegar lántaki

¹²⁷ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2942.

¹²⁸ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 316.

fær afhentar íslenskar krónur. Um heimild til verðtryggingar fer samkvæmt 14. gr. laganna nema lög kveði á um annað. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna getur vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar út samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda, orðið grundvöllur verðtryggingarinnar. Í lánsamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennum verðlagi, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna. Með framangreint í huga er ljóst að með verðtryggingu er almennt átt við þegar verðgildi peninga er tengt við einhvers konar vísitölu eða gengi, án tillits þess mælikvarða eða vísitölu sem stuðst er við, til að tryggja verðgildi fjárskuldbindinga, sparifjár, lánsfjár o.s.frv.¹²⁹ Gengistrygging er því verðtrygging í skilningi laganna en til að komast að niðurstöðu um það hvort gengistrygging sé ólögleg, þarf að leysa úr því hvort heimilt sé að miða fjárskuldbindingar í íslenskum krónum við erlent gengi gjaldmiðla. Af 2. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, má ráða að óheimilt sé að víkja frá ákvæðum VI. kafla laganna, sem mælir fyrir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir skuldara. Þótt gengistryggð lán hafi almennt borið lægri vöxtum en verðtryggð eða óverðtryggð lán, og hafi því að vissu leyti verið til hagsbóta fyrir skuldara, fólu lánin í sér aukna áhætta á greiðsluþroti ef greiðslubyrðin sveiflast óháð tekjum. Það er því eðlileg ályktun að ákvæði VI. kafla laganna séu ófrávíkjanleg og því sé óheimilt að verðtryggja skuldbindingar í íslenskum krónum með öðrum hætti en löggin heimila, þ.e. að óheimilt sé að verðtryggja skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Almenn lögskýring, sem og huglægar lögskýringarkenningar¹³⁰ um löggjafarviljann, renna stoð undir þessa ályktun.¹³¹

Ástæða þess að gerð er svo ítarlega grein fyrir gengistryggðum lánnum í ritgerð þessari er sú að dómur Hæstaréttar, *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)* og *Hrd. 16. júní (153/2010)* staðreyna að um var að ræða lánsamninga í skilningi laga um neytendalán, nr. 121/1994. Neytandi getur því krafist lánveitanda um skaðabætur vegna ólögætrar verðtryggingar, sbr. 15. og 27. gr. laganna.

Ef samningsaðilar semja ekki um tiltekinn lánstíma, greiðsludag eða hámarksupphæð í lánsamningi, er mælt fyrir um hvaða viðmið skulu höfð við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar í 2. mgr. 12. gr. nll. Þegar engin hámarksfjárhæð er tilgreind í lánsamningi skal

¹²⁹ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 316-318.

¹³⁰ Með huglægum lögskýringarkenningum er leitast við að finna þá skýringu sem best samræmist vilja löggjafans og tilgangi laganna. Þær byggjast á því að kanna það sem nefna má hug eða vilja löggjafans, þ.e. hvaða hugmyndir löggjafinn hafi sjálfur gert sér um tiltekna löggjöf þegar hún var sett. Sjá Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 38-39.

¹³¹ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 322-325.

hámarksupphæð þess lánsins teljast 150.000, kr. Ef lánstíminn er ekki ákveðinn og ekki er unnt að ráða hann af samningi, skal hann talinn vera eitt ár. Ef kveðið er á um fleiri en einn greiðsludag í samningi, skal ganga út frá endurgreiðslu á þeim tíma sem samningurinn kveður fyrst á um, þ.e.. Ákvæði þetta svarar til 7. tölul. a-liðar 1. gr. tilskipunar nr. 90/88/EBE.

4.6 Auglýsingar um lán og lánaþyrirgreiðslu

Samkvæmt 13. gr. nll. skal á starfsstöð lánveitanda, svo og í auglýsingum og tilboðum, upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar við lánsamninga sem lög þessi taka til. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal einnig gefa upp staðgreiðsluverð þess selda.

Tilgangur ákvæðisins er að gefa neytendum færi á kynna sér kostnað í tengslum við lán og bera hann saman við önnur lánstilboð, áður en hann ákveður að taka tiltekið lán.¹³² Í frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, var orðalag ákvæðisins þannig að í auglýsingum um lán og lánaþyrirgreiðslu, skuli gefa upp vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Með frumvarpi til laga nr. 179/2000, um breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, var ákvæðinu breytt í núverandi mynd. Samkvæmt athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga nr. 179/2000, áttu breytingarnar að miða að því að gera ákvæði laganna skilvirkari, þannig að neytendur hefðu ávallt aðgang að þeim upplýsingum sem löggin mæla fyrir um. Við mat neytenda á hagstæðum kaupum á vörum og þjónustu þegar um er að ræða kaup með greiðslufresti þurfa neytendur að hafa greinargóðar upplýsingar um allan þann kostnað sem lántökunni fylgir þegar um er að ræða kaup með greiðslufresti. Við útfærslu ákvæðisins var tekið mið af dönsku lögnum um sama efni, þar sem settar voru skýrari reglur um hvernig upplýsingaskyldunni samkvæmt lögum skyldi fullnægt. Með frumvarpinu var bætt við heimild til handa ráðherra til að setja nánari reglur í reglugerð um framkvæmd upplýsingaskyldunnar. Þá var gert ráð fyrir að á grundvelli ákvæðisins yrðu settar nánari reglur um ýmiss framkvæmdaratriði, þannig t.d. að seljendur vöru yrðu gert skylt að setja upp skilti við hverja vörutegund sem þeir bjóða til sölu. Skyldan tæki aðeins til þess að þeim bæri að gefa upp dæmi um lán sem neytendum stæði til boða við kaup á vöru eða þjónustu í viðkomandi verslun.¹³³

Eins og fyrr segir ber lánveitanda að upplýsa neytanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar við lánsamninga sem falla undir lög þessi. Samkvæmt 10. gr. nll. er árleg hlutfallstala

¹³² Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 533.

¹³³ Alþt. 2000-01, A-deild, bls. 721.

kostnaðar það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánsamningi þeirra. Eins og fyrr segir er með vaxtaígildi átt við gjöld sem jafna má til vaxta, og hafa því hlutverki að gegna að vera nokkurs konar endurgjald fyrir peningalán. Þetta endurgjald getur gengið undir ýmsum heitum, eins og t.d. skuldaálag og lántökugjald, en samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. nll. ber lánveitanda að gefa neytanda upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, þ.e. heildarlántökukostnað sem er lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins. Sá árlegi kostnaður sem hlýst af láninu, ber lánveitandi að upplýsa neytanda um á starfsstöð sinni, og í auglýsingum og tilboðum, sbr. 13. gr. nll.

Dæmi er um að Neytendastofa hafi tekið ákvörðun um auglýsingu um neytendaláni í skilningi laganna, án þess þó að vísað hafi verið til 13. gr. laganna. Eftirfarandi ákvörðun er lýsandi dæmi um það þegar í auglýsingu skortir upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, ásamt því að framsetning hennar er með villandi hætti og talin brjóta í bága við lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ákvörðun Neytendastofu 11. júní 2008 (12/2008). Að eigin frumkvæði sendi Neytendastofa bréf til BT, þar sem gerð var athugasemd við auglýsingar í bæklingi BT með fyrirsögninni „Vaxtalaus veisla“, ásamt því að farið var fram á skýringu við framsetningunni. Í umræddri auglýsingu var boðið til sölu Panasonic 32“ LCD sjónvarp á kr. 99.999 kr. við staðgreiðslu eða með láni með 0% vöxtum með afborgunum að fjárhæð 9.331 kr. á mánuði í tólf mánuði. Ef afborgunarverð lánsins var framreiknað var verð sjónvarpsins kr. 111.972 kr. og þótt tiltekið hafi verið að vextir væru 0%, kom fram á annarri blaðsíðu bæklingins að inn í útreikning mánaðarlegra greiðslna bættist við 5,8% skuldaálag, 3% lántökugjald og 250 kr. mánaðarlegur færslukostnaður. Að mati Neytendastofu var framsetningin villandi þar sem neytendur máttu ætla að 0% vextir þýddu í raun engan viðbótarkostnað. Af þessari ástæðu taldi Neytendastofa að auglýsingin bryti m.a. gegn 4. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum, nr. 21/1995. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglnanna bar að gefa upp staðgreiðsluverð og heildarverð sem greiða átti, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, miðað við tiltekinn lánstíma, ef einhverjar upplýsingar voru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir. Að mati Neytendastofu gaf BT ekki upp heildarverð vörunnar, ásamt því að framsetning auglýsingarinnar um að þetta væri vaxtalaus lán, var mjög villandi. Auglýsingin var því talin brjóta gegn ákvæði 4. gr. reglna nr. 21/1995, ásamt 6. gr. laga nr. 57/2005, þar sem framsetning hennar var villandi. Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005, bannaði Neytendastofa Árdegi, eiganda BT, að auglýsa lán með 0% vöxtum án þess að birta heildargreiðslu lánsins.

Eftirfarandi mál er skýrt dæmi um brot lánveitanda á ákvæði 13. gr. nll., þar sem upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar skorti í auglýsingabæklingi.

Ákvörðun samkeppnisráð 1. apríl 2004 (11/2004). Neytendasamtökun kvörtuðu til Samkeppnistofnunar vegna útgáfu auglýsingabæklingss bauð Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) hafði gefið út. Í auglýsingabæklingnum bauð SPRON upp á hagstæð langtímalán gegn veði í fasteign, án þess þó að tilgreina lánakjör. Auglýsingin hafði ekki að geyma upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, heldur voru neytendur aðeins hvattir til að leita sér frekari upplýsinga hjá þjónustufulltrúa fyrirtækisins. Í bæklingnum sagði að 50% afsláttur væri veittur af lántökugjaldi og að verðmat fasteignar væri frítt. Í bréfi

Samkeppnisstofnunar til Neytendasamtakanna kom fram að stofnunin taldi að auglýsingabæklinginn innihéldi almennar upplýsingar um lánamöguleika, og gat ekki séð að upplýsingarnar brytu í bága við ákvæði laga um neytendalán, nr. 121/1994. Að mati samkeppnisráðs féll auglýsingabæklingurinn tvímælalaust undir ákvæði laga um neytendalán. Samkeppnisráð taldi ljóst að tilgangur 13. gr. nll. væri að tryggja neytendum sem greiðastan aðgang að upplýsingum um árlega hlutfallstölu kostnaðar, og að því markmiði yrði náð með því að skylda lánveitendur til að veita þær upplýsingar bæði á starfsstöð og í auglýsingum. Niðurstaða samkeppnisráðs varð sú að það væri fortakslaus skylda lánveitanda að upplýsa neytanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar, bæði á starfsstöð og í auglýsingum. Ekki væri nægilegt að tiltaka í auglýsingum að upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar lægju fyrir á starfsstöðu lánveitanda, þó svo að þær væru aðgengilegar þar fyrir neytendur. Að þessu virtu bar SPRON að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar í auglýsingabæklingi sínum, og því hafi SPRON brotið gegn ákvæðum 13. gr. nll.

Um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein skal nánar mælt fyrir í reglugerð er ráðherra setur, sbr. 3. másl. 13. gr. nll., en það hefur verið gert með eftirfarandi reglum sem settar voru af Neytendastofu, ásamt því að hún sinnir eftirlit með þeim.

4.6.1 Reglur um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008

Í 7. gr. reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008, er nánar mælt fyrir um upplýsingaskyldu lánveitanda. Samkvæmt ákvæðinu skal í tilboðum eða auglýsingum lánveitanda um neytendalán, tilgreina árlega hlutfallstölu kostnaðar, svo og höfuðstól, vexti, lántökukostnað og áætlaða heildarfjárhæð til greiðslu. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal hann til viðbótar gefa upp staðgreiðsluverð vörunnar, en sú kvöð að gefa upp staðgreiðsluverð er í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. nll., þ.e. að lánsfjárhæðin skuli jafngilda staðgreiðsluverði vörunnar eða þjónustunnar.

Í 3. mgr. 6. gr. reglnanna segir enn fremur að ef gefnar eru upplýsingar um greiðslukjör eða afborganir í auglýsingum, skal gefa upp staðgreiðsluverð og þá heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og kostnaðar miðað við þann lánstíma sem auglýstur er. Umrætt ákvæði var efnislega sambærilegt og ákvæði sem áður var að finna í reglum nr. 21/1995, og sem dæmi um það að stjórnvöld hafi talið að fyrirtæki bryti gegn ákvæðinu má benda á *ákvörðun Neytendastofu frá 11. júní 2008 (ákvörðun nr. 12/2008)*, sem reifuð var hér að framan.

Í *ákvörðunum samkeppnisráðs 2. október 2000 (29/2000)* og *16. febrúar 1995 (12/1995)* er að finna ákvarðanir er varða skýringu á hugtakinu „staðgreiðsluverð“, en þessar ákvarðanir sýna hversu mikilvægt er fyrir fyrirtæki að gæta að orðalagi auglýsinga.

Ákvörðun samkeppnisráðs 2. október 2000 (29/2000). Neytendasamtökin höfðu kvartað yfir tilboðsauglýsingum BT á farsímum. Umrætt tilboð hafði birst í auglýsingabæklingi BT, og innihélt tilboð á Nokia 5110 farsímum og gaf auglýsingin til kynna að símararnir fengjust á eina

krónu. Í auglýsingunni var áberandi gulur verðmiði sem á stóð „1 kr.“ en fyrir neðan verðmiðann stóð „Tal12“ sem féll, að hluta til, inn í mynd af farsíma í bæklingnum. Umrætt tilboð fól í sér 12 mánaða GSM áskrift, greidda með greiðslukorti, ásamt því að neytandi þurfti að greiða 400 kr. á mánuði, fast áskriftargjaldi og gjald fyrir símkort og símanúmer sem kostaði 1.999. kr. Samkeppnisstofnun beindi ítrekuðu tilmælum til BT að hætta fyrrgreindum auglýsingum, ella teldi stofnunin sig knúna til að fara fram á við samkeppnisráð að viðurlögum XIII. kafla samkeppnislaga yrði beitt til að stöðva auglýsingarnar. Að mati Samkeppnisstofnunar voru auglýsingarnar ekki í samræmi við reglur um verðupplýsingar í auglýsingum, nr. 21/1995. Eftir ítrekaðar athugasemdir Samkeppnisstofnunar, tók samkeppnisráð eftir því að sú breyting hafði orðið á auglýsingum BT að nú var tilgreint „fullt verð“, sem virtist hafa verið staðgreiðsluverð símans, þ.e. staðgreiðsluverð án símakorts eða áskriftar að símaþjónustu. Samkeppnisráð taldi að það verð sem BT sló upp sem aðalatriði auglýsinga á farsímum væri í ósamræmi við raunverð símanna til neytenda, og að auglýsingarnar brytu því gegn fyrrnefndum reglum. Samkeppnisráð taldi því nauðsynlegt að banna fyrirtækinu birtingu auglýsinganna, ásamt því að notkun BT á orðunum „fullt verð“ þegar átt er við staðgreiðsluverð, sé villandi.

Ákvörðun samkeppnisráðs 16. febrúar 1995 (12/1995). Í auglýsingu frá Radíóbúðinni var uppgæfið afborgunarverð á mánuði í 36 mánuði, án þess að birta upplýsingar um vexti og annan kostnað. Samkeppnisráð sendi í kjölfarið bréf til fyrirtækisins þar sem bent var á að þá kröfu yrði að gera, þegar um gefnar væru upplýsingar um afborgunarverð, að jafnframt yrði uppgæfið heildarupphæð þá sem greiða skuli, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, auk staðgreiðsluverðs. Þeim tilmælum var beint til fyrirtækisins að birta auglýsinguna ekki aftur nema með fullnægjandi upplýsingum. Seinna birti Radíóbúðin aftur umrædda auglýsingu, þar sem upplýsingunum var ábótavant, og sendi Samkeppnisstofnun fyrirtækinu því bréf í kjölfarið þar sem fyrirtækinu var kynnt gildandi reglur. Á fundi auglýsinganefndar, þ.e. ráðgjafarnefndar sem hafði það hlutverk að fjalla um þau auglýsingamál sem borin voru undir samkeppnisráð, var komist að þeirri niðurstöðu að auglýsingarnar höfðu að geyma villandi og ófullnægjandi upplýsingar sem brytu í bága við reglur um verðupplýsingar í auglýsingum. Í framhaldinu bannaði samkeppnisráð auglýsingar frá Radíóbúðinni með heimild í 51. gr. þágildandi samkeppnislaga, þegar ekki koma fram upplýsingar um heildarupphæð þá sem greiða skal auk staðgreiðsluverðs, ef upplýsingar koma fram um afborgunargreiðslur á mánuði, sbr. 5. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum.

Að lokum er rétt að ítreka að auglýsingarnar verða að sjálfsögðu að standast þær kröfur sem settar eru fram í ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Ekki verður þó nánar vikið að þessum reglum laganna þar sem sú umfjöllun fellur utan efni þessarar ritgerðar.

4.7 Vanræksla á upplýsingaskyldu

Í tilskipun nr. 87/102/EBE er ekki að finna reglur um afleiðingu þess að lánveitandi láti hjá líða að upplýsa neytanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Með frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, var lagt til að þegar árleg hlutfallstala kostnaðar er of lágt tilgreind í lánsamningum með fastri fjárhæð, geti lánveitandi ekki krafist hærri kostnaðar en samningurinn kveður á um. Talið var að slík regla myndi leiða til varkárni af hálfu lánveitanda við upplýsingagjöfina, þar sem hann myndi ella sitja uppi með óhagstæðan

samning ef ekki yrði vandað til verks við samningsgerðina.¹³⁴ Þessi nálgun er í samræmi við þá viðurkenndu meginreglu í rétti flestra þjóða, að samning skuli halda eða efna (í Rómarrétti var hún orðuð sem „pacta sunt servanda“), en segja má að allt traust og tiltrú í viðskiptalífínu byggist á þessari reglu.¹³⁵ Þrátt fyrir ofangreint var talið ógerlegt að setja almennt ákvæði um áhrif rangra upplýsinga um árlega hlutfallstölu á skyldu neytanda til að greiða lántökukostnað, enda þyrfti að athuga slíkt sérstaklega við túlkun hvers samnings.¹³⁶

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. nll. getur lánveitandi ekki krafist neytanda um greiðslu vaxta eða annars lántökukostnaðar, ef hann er ekki tilgreindur í lánessamningi. Að öðru leyti fer um vexti af neytendalánum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga.

Með almennum vöxtum er átt við þá vexti sem peningaskuld ber fram að gjalddaga og eru þeir hugsaðir sem nokkurs konar endurgjald vegna skuldar, sem ákveðið er sem tiltekinn hundradshluti af höfuðstól skuldarinnar, fyrir afmarkað tímabil.¹³⁷ Með dráttarvöxtum er átt við þá vexti sem skuldara ber að greiða af peningaskuld frá gjalddaga hennar og þar til greiðsla, sem dregist hefur, er innt af hendi. Segja má að dráttarvextir séu bætur sem skuldara ber að greiða vegna greiðslufalls, og þeir eru ákveðnir sem tiltekinn hundradshluti af höfuðstól skuldarinnar miðað við tiltekið tímabil. Dráttarvextir hafa því tvíþættu hlutverki að gegna, annars vegar að bæta kröfuhafa það tjón sem almennt má ætla að greiðsludráttur baki honum, og hins vegar er þeim ætlað að hvetja til lögmætra efnda á peningakröfum.¹³⁸

Samkvæmt frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, miðaði ákvæðið við að neytandinn þurfti að greiða höfuðstól og ársvexti af honum sem samsvaraði vöxtum af almennum skuldabréfum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands, þ.e. ef honum var ekki veittar fyrrgreindar upplýsingar. Þetta þótti stríða gegn meginreglu vaxtalaga sem mælir fyrir um að vextir skuli einungis reiknaðir ef um þá er samið, ásamt því að vera í andstöðu við almennar reglur kröfuréttar.¹³⁹ Af þeirri ástæðu var ákvæðinu breytt í núverandi mynd með lögum nr. 101/1994 um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán.

Þessi meginregla birtist í 3. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, en þar segir að almenna vexti skuli aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Af lögum þessum má ráða að í samningi nægir að tilgreina að skuld beri vexti, án þess að tilgreina þurfi hundradshluta vaxta eða vaxtaviðmiðun, sbr. 4. gr. laganna. Við þær

¹³⁴ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 533-5534.

¹³⁵ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 23-24.

¹³⁶ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 533-534.

¹³⁷ Páll Sigurðsson: *Kröfuréttur*, bls. 353.

¹³⁸ Páll Sigurðsson: *Kröfuréttur*, bls. 356.

¹³⁹ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2938.

aðstæður skulu vextir vera á hverjum tíma jafn háir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og eru birtir í Lögbirtingablaði fyrir lok hvers mánaðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna. Ef um er að ræða verðtryggða kröfu, skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir með ofangreindum hætti.

Samkvæmt 5. gr. laganna er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi, hafi gjalddagi verið fyrirfram ákveðinn. Dráttarvextir skulu vera samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, þ.e. grunnur dráttarvaxta, auk sjö hundraðshluta álags, svo kallað vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Þegar um er að ræða neytendalán í skilningi laga um neytendalán, nr. 121/1994, er hvorki heimilt að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta né fastan hundraðshluta dráttarvaxta, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Þegar þannig er um að ræða neytendalán, í fyrrnefndum skilningi, er aðferðin við ákvörðun dráttarvaxta lögákveðin. Ákveðið réttarfarshagræði fylgir því að hafa aðferð við ákvörðun dráttarvaxta fastákveðna í lögum, því ef grunnur dráttarvaxta væri breytilegur og færi ekki eftir opinberlega birtum vöxtum, þyrfti að tilgreina vaxtahæð á hverjum tíma, auk álags við kröfugerð í dómsmálum. Þetta kynni að oft á tíðum að verða mjög umfangsmikið í kröfugerðum í dómsmálum.¹⁴⁰ Rökin fyrir því að takmarka samningsfrelsið með þessum hætti eru sú að ekki var talið vera jafnræði milli samningsaðila í neytendalánsviðskiptum.¹⁴¹ Að öðru leyti eru ákvæði laganna frávíkjanleg, skuldara til hagsbóta, sbr. 3. másl. 2. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. nll. er lánveitanda óheimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur er í samningi skv. 4.tölul. 1. mgr. 6. gr. nll., en umrætt ákvæði mælir fyrir um að neytandi skuli vera upplýstur um heildarlántökukostnað í íslenskum krónum, reiknaðan út skv. 7. gr. nll. Ef árleg hlutfallstala kostnaðar er of lágt reiknuð er lánveitanda óheimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar.¹⁴² Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, kemur fram að það sé meginregla að ekki sé hægt að krefjast frekari lántökukostnaðar í prósentum en samningurinn kveði á um. Ef ekki eru veittar upplýsingar um lántökukostnað

¹⁴⁰ Alþt. 2000-01, A-deild, bls. 3681-3682.

¹⁴¹ Alþt. 2000-01, A-deild, bls. 5036.

¹⁴² Sjá í þessu samhengi ákvörðun *Neytendastofu* 30. júlí 2010 (34/2010). Þar höfðu mistök lánveitanda leitt til þess að ekki var getið þess í lánsamningi að lán væri verðtryggt, og því taldi Neytendastofa að lánveitanda væri óheimilt að krefja lántaka um greiðslu verðbóta, sbr. 2. mgr. 6. gr. nll.

ber neytanda aðeins að greiða höfuðstól og ársvexti í samræmi við 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.¹⁴³

Þrátt fyrir fyrrgreinda meginreglu er gerð undantekning frá meginreglunni, þannig að 1. og 2. mgr. ákvæðisins gilda ekki ef lánveitandi getur sannað að neytanda hefði mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn átti að vera, sbr. 1. másl. 3. mgr. 14. gr. nll. Ef ákvæði 1. eða 2. mgr. leiða til lækkunar eftirstöðva skal neytandi greiða þær samkvæmt samningnum og skal lækkunin koma fram á síðustu afborgunum, sbr. 2. másl. 3. mgr. 14. gr. nll.

Ef lánveitandi hefur ekki fullnægt upplýsingaskyldunni samkvæmt 6. gr., sbr. 5. gr. nll., getur það skapað honum bótaábyrgð, enda hafi neytandi mátt ætla að lánskjör væru hagstæðari en þau síðar reyndust vera, sbr. 15. gr. nll. Samkvæmt frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, átti lánveitandi ekki að geta krafist greiðslu kostnaðar sem annars félli á lántakanda vegna vanskila. Tilgangur ákvæðisins var að fá lánveitanda til að fullnægja upplýsingaskyldunni og festa í sessi þá meginreglu að lánveitandi þyrfti að bera afleiðingarnar ef hún væri ófullnægjandi. Kostnaðurinn átti að falla á lánveitandann og dómara bar að taka tillit til þess af sjálfsdáðum, þ.e. án kröfu málsaðila.¹⁴⁴ Þegar frumvarpið var til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, var ákvæðið hins vegar þrengt þar sem það var talið geta leitt til óþarfa málalenginga sem myndu tefja venjulegt innheimtuferli krafna.¹⁴⁵

Í dómi Hæstaréttar, *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)*, var um að ræða 100% gengistryggðan lánsamning, þar sem vextir fyrir hverja mynt voru aðeins ákveðnir til eins mánaðar í senn, og áttu að breytast í samræmi við gengi erlends gjaldeyris. Þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ólöglegt hafi verið að miða lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, reynir á álitaefni um það hver staða neytandans er við slíka lántöku, þar sem vextir eru tilgreindir í lágir. Er lánveitandi bundinn af samningi, í samræmi við meginregluna um að samninga skuli efna, eða getur hann t.d. krafist þess að fundin sé sanngjörn niðurstaða um vaxtahlutfall, í samræmi við ákvæði laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936? Ganga má út frá því að lánveitendur gengistryggðra lána hafi nýtt sér heimild í 12. gr. nll., og miðað útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld yrðu óbreytt til loka lánstímans, enda hafi þeir talið að um löglega verðtryggingu hafi verið að ræða. Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar hefur því verið of lágur, enda var um ólöglega verðtryggingu að ræða. Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 14. gr. nll. er lánveitanda óheimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gefur hærri árlega

¹⁴³ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 538.

¹⁴⁴ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 538.

¹⁴⁵ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 4682.

hlutfallstölu kostnaðar, ef árleg hlutfallstala kostnaðar hefur verið of lágt reiknuð. Þar sem hvorki er að finna svör við þessum álitaefnum í lögum um neytendalán, nr. 121/1994, né lögskýringargögn, verða dómstólar vafalaust að skera úr um það hvort röng lagatúlkun sem leiddi til þess að útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar hafi verið of lágur, hafi þau áhrif að lánveitandi geti ekki krafist hærri heildarlántökukostnaðar en tilgreindur er í lánessamningi.

5. Greiðsla fyrir gjalddaga

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. nll. er neytanda tryggður réttur til að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánessamningi fyrir þann tíma sem umsaminn er. Ákveði neytandi að nýta sér þessa heimild á hann rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði sem nemur þeim vöxtum og öðrum gjöldum sem greiða átti eftir greiðsludag. Neytandi verður því að standa skil á greiðslu vaxta og kostnaðar fram að greiðsludegi þegar að uppgjöri kemur. Neytandi getur þó ekki krafist endurgreiðslu eða lækkunar á gjöldum sem eru óháð því hvenær greiðsla er innt af hendi. Sem dæmi um slík gjöld má nefna gjöld vegna sammingsgerðar, þinglýsingar ef um er að ræða veðtryggt lán, kostnað vegna yfirfærslu lánsfjár og áfallinn innheimtukostnað.

Í frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, var ákvæðið útfært á þann veg að neytandi gat krafist lækkunar í stað þess að hann ætti rétt á slíku. Með frumvarpi til laga nr. 101/1994 um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, var ákvæðinu breytt á fyrrnefndan hátt, þ.e. að neytandi eigi rétt á lækkun heildarlántökukostnaðar ef hann ákveður að greiða fyrir umsaminn tíma, í stað þess að hann þyrfti að krefjast lækkunar eins og áður var. Lánveitanda ber því að veita neytandanum þessa lækkun án þess að neytandinn þurfi að óska sérstaklega eftir henni. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort lán sé greitt upp fyrir lokagjalddaga eða greitt meira en umsaminni afborgun nemur, þannig að eftirstöðvar lækki frá því sem gert var ráð fyrir í lánessamningi.¹⁴⁶

Þótt neytanda sé tryggður ofangreindur réttur til greiðslu fyrir gjalddaga og lækkun á heildarlántökukostnaði við nánar tilteknar aðstæður, mælir 2. mgr. 16. gr. nll. fyrir um frávik frá þeim rétti. Samkvæmt ákvæðinu á 1. mgr. ekki við um greiðslu sem innt er af hendi fyrir gjalddaga þegar hún tengist ekki uppgreiðslu láns fyrir umsaminn lokagjalddaga eða annarri breytingu á umsömdum afborgunum láns. Með þessu er lögð áherslu á það að greiðsla neytanda verður að leiða til breytinga á umsömdum afborgunum lánsins, annaðhvort að þær falli niður þegar lán er greitt upp fyrir lokagjalddaga eða lækki þegar greitt er inn á skuld. Ákvæði 1. mgr. gildir því ekki um þau tilvik þegar neytandi greiðir af láni nokkrum dögum fyrir reglulegan gjalddaga, þ.e. þegar greiðsla leiðir ekki til breytinga á þeim afborgunum sem eftir eru.

Notfæri neytandi sér þessa heimild á hann rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði sem nemur þeim vöxtum og öðrum gjöldum sem greiða átti eftir greiðsludag. Áður en frumvarp til laga nr. 63/2008 um breyting á lögum um neytendalán, með síðari breytingum, var samþykkt, var ekki að finna sérstakt ákvæði um uppgreiðslugjald. Með *ákvörðun samkeppnisráðs 7. júní*

¹⁴⁶ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2938.

2005 (19/2005) og úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála 6. október 2005 (11/2005) var talið að 16. gr. nll. takmarkaði ekki sammingsfrelsi um sérstakt uppgreiðslugjald við fyrrnefndar aðstæður.¹⁴⁷ Á þeim tíma tíðkaðist að setja skilmála í lánsamning um að neytanda bar að greiða sérstakt gjald sem var ákveðið hlutfall af lánsfjárhæðinni, eiginlega þóknun til handa lánveitanda, fyrir það eitt að greiða lánið upp áður en lánstíminn var liðinn.

Í ákvörðun samkeppnisráðs 7. júní 2005 (19/2005) voru málsatvik með þeim hætti að Neytendasamtökin og Alþýðusamband Íslands höfðu sent Samkeppnisstofnun erindi þar sem óskað var úrskurðar um hvort uppgreiðslugjald Landsbanka Íslands hf. stæðist ákvæði laga nr. 121/1994 um neytendalán. Samkvæmt 16. gr. laganna er neytendum veitt heimild til að greiða upp skuldir sínar fyrir gjalddaga, en flest fjármálafyrirtæki höfðu gert það að skilyrði fyrir uppgreiðslu að greitt yrði uppgreiðslugjald sem var ákveðið hlutfall af láninu. Í gjaldskrá Landsbankans hafði gjaldið verið 2% og fyrir fasteignalán 0,2% fyrir hvert ár sem eftir var af láninu en að hámarki 2%. Að mati kvartenda höfðu neytendur ótvíræðan lagalegan rétt til að greiða lánin upp fyrir gjalddaga, sbr. 16. gr. nll. en hvergi hafi komið fram að heimilt væri að skilyrða þann rétt á nokkurn hátt. Þá hafi komið fram í 24. gr. laganna að ekki megi með samningi víkja frá ákvæðum laganna neytanda í óhag. Niðurstaða samkeppnisráðs byggðist m.a. á því að tilskipun EB-ráðsins 87/102/EBE, leiddi ekki til þess að óheimilt væri að krefjast uppgreiðslugjalds og að í 19. gr. frumvarps sem lagt var fram á Alþingi 1992, hafi komið fram að lánveitandi gæti ekki krafist bóta vegna greiðslu fyrir gjalddaga. Í meðförum þingsins hafi greinin hins vegar tekið breytingum og ákvæðið fellt niður um að lánveitanda væri óheimilt að krefjast bóta af hendi neytanda fyrir greiðslu fyrir gjalddaga. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar um greinina segir að nægilegt sé að styðjast við almenna reglu kröfuréttar í þessum efnunum. Ein meginregla kröfuréttar er sú að sammingsaðilar skuli efna skyldur sínar með þeim hætti sem samið er um hverju sinni. Ekki er að finna ákvæði um uppgreiðslugjald í lögum um neytendalán en í 16. gr. laganna og því leiðir meginreglan um sammingsfrelsi til þess að heimilt sé semja um efni löggerninga. Samkeppnisráð taldi ekkert í lögunum banna innheimtu uppgreiðslugjalds en benti þó á að skýrt yrði að koma fram í upphaflegum lánsamningi aðila að uppgreiðslugjald yrði innheimt greiði neytandi lán upp fyrir gjalddaga, sbr. 8-lið 2. mgr. 6. gr. laganna. Þá bar lánveitendum jafnframt að kynna fyrir neytendum alla skilmála lána með fullnægjandi hætti, sbr. II. kafla nll. Samkeppnisráð sá því ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.

Neytendasamtökin og Alþýðusamband Íslands skutu ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem staðfesti niðurstöðu samkeppnisráðs.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála 6. október 2005 (11/2005) er tekið fram að í ljósi meginreglunnar um sammingsfrelsi og forsögu ákvæðisins, yrði ekki talið að ákvæði laganna legðu bann við uppgreiðslugjaldi eins og því sem hér um ræðir. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með hliðsjón af niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar, var ákvörðun samkeppnisráðs staðfest.

Fyrrnefnd ákvörðun Samkeppnisráðs og úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála leiddi til breytinga á lögum um neytendalán, þannig að 1. mgr. 16. gr. a. nll. var felld inn í lögum með frumvarpi til laga nr. 63/2008. Með frumvarpi því er varð að lögum nr. 63/2008 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, voru gerðar þær

¹⁴⁷ Þskj. 838, lögþ. 2007-08, bls. 4-5.

breytingar sem vörðuðu m.a. heimildir lánveitenda til gjaldtöku og skyldu til upplýsingagjafar gagnvart neytendum. Með lagafrumvarpinu var 16. gr. a. nll. bætt við lögina en ákvæði frumvarpsins byggðist á tillögu starfshóps sem viðskiptaráðherra skipaði, með það að markmiði að gera úttekt á lagaumhverfi að því er varðaði viðskipti neytenda og fjármálafyrirtækja í ljósi nútímaviðskiptahátta, einkum með tilliti til gjaldtöku. Helstu niðurstöður starfshópsins voru þær að bankar og sparisjóðir heimiluðu ekki fyrirtækjum eða öðrum kröfuhöfum að bæta fylgikröfum við aðalkröfu gagnvart neytendum, og starfshópurinn lagði til að lögfestar yrðu reglur um takmarkanir á álagningu uppgreiðslugjalda.¹⁴⁸ Talið var ljóst að fjármálafyrirtæki gætu orðið fyrir verulegu tjóni, vegna endurfjármögnunar, þegar um væri að ræða langtímalán og lántaki greiðir lán upp fyrir umsaminn gjalddaga. Sjónarmið um sanngirni voru rædd á fundum starfshópsins, og þá einkum að sanngjarnt væri að fjármálafyrirtæki fengju bætt það sannanlega tjón eða kostnað sem það yrði fyrir við slíkar aðstæður. Þessi sjónarmið voru einkum áberandi gagnvart lánnum í íslenskum krónum með föstum vöxtum og lánnum í erlendri mynt, þ.e. með tilliti til endurfjármögnunaráhættu lánveitanda. Þá var jafnframt litið til mögulegra áhrifa uppgreiðslu á framboð lánsfjár gagnvart neytendum, þ.e. ef uppgreiðslugjöld væru afnumin með öllu. Starfshópurinn ræddi það álitaefni hvort þak ætti að setja á uppgreiðslugjald, en skiptar skoðanir voru um kosti slíks og meirihluti starfshópsins ákvað að láta slíkt ógert.¹⁴⁹ Nefndin leit til þess að fyrir lá tillaga að nýrri tilskipun um neytendalán, á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem mælti fyrir um samræmdar reglur á öllu EES-svæðinu, og var tillöguninni ætlað að taka m.a. á uppgreiðslugjöldum. Samkvæmt tillögunni yrði heimilt að greiða upp lán hvenær sem er yfir samningstímamann, en settar yrðu samhæfðar reglur um þær bætur sem lánveitendum yrðu heimilt að krefjast vegna uppgreiðslu lána. Búast má því við að samræmdar reglur taki gildi innan tíðar, sem hafa að geyma ákvæði um fjárhæð bóta til handa lánveitanda vegna uppgreiðslu lántaka.¹⁵⁰

Í 1. mgr. 16. gr. a. nll. segir að lánveitanda sé óheimilt að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds ef lánið er greitt upp fyrir þann tíma sem umsaminn er, ef lánið er í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum og upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 milljónir kr. eða minna.

Lánveitandi getur ekki krafist uppgreiðslugjalds ef ástæða uppgreiðslu er gjaldfelling láns af hans hálfu, sbr. 2. mgr. 16. gr. a. nll. Ástæða þess að höfuðstóll láns er gjaldfelldur má

¹⁴⁸ Þskj. 1090, 135. lögþ. 2007-08, bls. 1-2.

¹⁴⁹ Skýrsla starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl., bls. 37-38.

¹⁵⁰ Skýrsla starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl., bls. 24.

yfirleitt rekja til vanefndar af hálfu neytandans, en telja verður að kostnaður annars vegar vegna vanefnda og hins vegar vegna uppgreiðslu sé ekki eðlislíkur, og því rökrétt að lögfesta þessa reglu.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. a. nll. skal kveðið á um uppgreiðslugjald í lánessamningi, þegar heimilt að semja um slíka gjaldheimtu, þ.e. í öðrum tilfellum en þeim sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. 16. gr. a. nll. Tilgreina skal upplýsingar um hvernig uppgreiðslugjald er reiknað út og hvenær slíkur kostnaðar fellur á. Fjárhæð gjaldsins má að hámarki vera það tjón sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar fyrir þann tíma sem umsaminn er. Ef kveðið er á um heimild til endurskoðunar vaxta í lánessamningi með föstum vöxtum skal miða útrekning uppgreiðslugjalds við tímann fram að næsta endurskoðunardegi vaxta, sbr. 2. másl. 3. mgr. 16. gr. a. nll. Ráðherra skal setja nánari reglur um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu, sbr. 3. másl. 4. mgr. 16. gr. a. nll. en slík reglugerð hefur ekki verið sett.¹⁵¹

Af ofangreindri umfjöllun má ráða að heimilt sé að semja um uppgreiðslugjald í öðrum lánessamningum en 1. mgr. 16. gr. a. nll. tilgreinir, að því tilskyldu að sérlög takmarki ekki sammingsfrelsi um uppgreiðslugjald.¹⁵² Við sammingsgerðina verður þó að fylgja ákvæði 3. mgr. 16. gr. a. nll., þ.e. tilgreina skal tiltekna upplýsingar í samning, ásamt því að tiltekið þak er sett á hámarks fjárhæð gjaldsins. Lánveitandi getur orðið fyrir verulegu tjóni þegar um ræðir langtímalán og neytandi greiðir lán fyrir umsaminn gjalddaga. Það verður því að teljast sanngjarnt að lánveitandi fái bætt það sannanlega tjón sem hann kann að verða fyrir við þessar aðstæður, en þetta sjónarmið þótti sérstaklega eiga við þegar um er að ræða lán í íslenskum krónum með föstum vöxtum og lánnum í erlendri mynt, með tilliti til endurfjármögnunaráhættu lánveitandans.¹⁵³

¹⁵¹ Þskj. 838, 135. lögb. 2007-08, bls. 2.

¹⁵² Þskj. 838, 135. lögb. 2007-08, bls. 4-5.

¹⁵³ Þskj. 838, 135. lögb. 2007-08, bls. 4-5.

6. Framsal kröfuréttinda

6.1 Meginreglan um að neytandi glati ekki mótbárum við framsal kröfu

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. nll. glatar neytandi ekki rétti sínum til að halda uppi sömu mótbárum við þriðja aðila og hann gat haldið uppi við upphaflegan eiganda kröfunnar, ef lánveitandi framselur kröfurétt sinn samkvæmt láni sem veitt er samkvæmt lögnum. Sama á við ef kröfuhafi hefur sett kröfuna að veði eða fjárnám hefur verið gert í henni. Þetta gildir þó ekki ef neytandi innir greiðslu af hendi til lánveitanda og veit eða má vita að lánveitandi hefur ekki rétt til að taka við greiðslu eða gera samning þar af lútandi, sbr. 2. mgr. 17. gr. nll.

Ef neytandi á kröfu á hendur lánveitanda, sem jafnframt er seljandi, vegna kaupa og kröfuna má t.d. rekja til galla, er framsalshafi meðábyrgur lánveitanda, sbr. 3. mgr. 17. gr. nll. Ákvæði þetta svarar til 9. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE og hefur það að markmiði að tryggja rétt neytanda til að geta borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila hverja þá mótbáru sem honum var tiltæk gagnvart upphaflegum lánveitanda. Neytandi getur þannig m.a. byggt á skuldajöfnuði en þessi réttur er þó háður því skilyrði að neytandi hafi slíkan rétt gagnvart lánveitanda áður en kröfuhafaskipting fóru fram. Hér er því um að ræða breytingu á almennum reglum kröfuréttar þar sem framsal kröfuréttar á ekki að leiða til verri stöðu skuldara.¹⁵⁴

Á sviði Evrópuréttar hafa fallið dómar sem varða réttarstöðu lántaka þegar lánveitandi og seljandi hefur framselt kröfu sína samkvæmt lánsamningi, og sá síðarnefndi hefur vanefnd skyldur sínar samkvæmt samningi. Í eftirfarandi dómi EB-dómstólsins er m.a. fjallað um rétt neytenda til að beina kröfu sinni um úrbætur, á hendur framsalshafa lánsamnings.

EBD, mál C-509/07, ECR 2009, bls. I-3311. Málsatvik voru með þeim hætti að gengið var frá lánsamningi í tengslum við kaup á mótörhjól, sem aldrei var afhent kaupanda. Kaupandi hafði fengið lán frá tilteknum banka, ásamt því að hann greiddi útborgun til seljandans vegna lánsins. Krafa lánveitanda var framseld þriðja aðila og neytandi greiddi honum mánaðarlegar afborganir af láninu, yfir 24 mánuði, þar til hann hélt eftir greiðslum þar sem seljandi afhenti honum ekki hjólið. Framsalshafi krafðist þess að lántaki greiddi útistandandi skuld og tilheyrandi kostnað, meðan lántaki gerði kröfu um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem hann hafði þegar innt af hendi. Með hliðsjón að tilgangi tilskipunar nr. 87/102/EBE, þ.e. að stuðla að sameiginlegum innri markaði og efla neytendavernd í lánsviðskiptum, taldi EB-dómstóllinn að rétt væri að ógilda lánsamninginn vegna vanefnda seljanda og heimila lántaka endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem hann hafði þegar innt af hendi.

¹⁵⁴ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 538-539.

6.2 Sérreglur um viðskiptabréfskröfur

Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. nll. nær 17. gr. laganna ekki til viðskiptabréfakrafna enda sé til staðar trygging, sbr. 18. gr. laganna. Ekki er að finna almenna reglu um það í íslenskum lögum hvaða bréf teljast viðskiptabréf, en í framkvæmd hefur viðskiptabréfum verið skipt í þrennt, eftir því á hvaða grundvelli sú ályktun er dregin að um sé að ræða viðskiptabréf. Það getur komið fram í lögum með beinum eða óbeinum hætti að um sé að ræða viðskiptabréf, bréf getur haft að geyma þá eiginleika sem einkennir almennt viðskiptabréf og er notað í viðskiptum sem slíkt, ásamt því að aðilar geta samið um að skjal skuli hlíta viðskiptabréfsreglum, þótt það teldist að öðru jöfnu ekki til viðskiptabréfa.¹⁵⁵ Þegar um er að ræða viðskiptabréf í ofangreindum skilningi, gilda þær sérreglur sem einkenna viðskiptabréf um réttarstöðu neytenda við framsalið. Það er einkennandi fyrir viðskiptabréf að framsalshafi fær almennt þann rétt sem bréfið bendir til að framseljandi eigi. Grandlaus framsalshafi getur því öðlast meiri rétt en framseljandinn átti gagnvart skuldara, enda þarf framsalshafi aðeins að rannsaka bréfið sjálft þar sem réttur hans ræðst af því.¹⁵⁶ Sú regla gildir um viðskiptabréfskröfur að kröfur á hendur framseljanda verða almennt ekki notaðar til skuldajafnaðar gegn viðskiptabréfskröfu eftir að hún hefur verið framseld grandlausum framsalhafa. Við þær aðstæður getur skuldari aðeins lýst yfir skuldajöfnuði við viðskiptabréfskröfuna með kröfu á hendur framseljanda, ef framsalshafi vissi annars vegar að skuldarinn átti kröfu sem hann gat notað til skuldajafnaðar hins vegar skuldarinn myndi verða fyrir tjóni ef skuldajafnaðarréttur hans yrði skertur.¹⁵⁷ Af þessari reglu leiðir að neytandi sem á kröfu á hendur framsalhafa, lánveitanda og/eða seljanda, glatar rétti til skuldajafnaðar ef krafan er ekki stofnuð áður en kröfuhafaskiptin eiga sér stað, þ.e. áður en krafa lánveitanda er framseld til þriðja aðila.

Með frumvarpi því er varð að lögum nr. 101/1994, um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, var gerð orðalagsbreyting á 17. gr. nll. Tilgangur breytinganna var sú að skerpa á inntaki greinarinnar, svo ekki færi á milli mála að það tæki ekki til framsals á öllum kröfum lánveitanda til þriðja aðila heldur einungis til framsals á kröfurétti samkvæmt láni sem veitt er samkvæmt lögnum.¹⁵⁸

¹⁵⁵ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 25.

¹⁵⁶ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 12.

¹⁵⁷ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 14.

¹⁵⁸ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2938.

6.3 Skylda seljanda til að taka tryggingu, ef lán er í formi viðskiptabréfs

6.3.1 Almenn

Seljandi sem veitir neytanda lán samkvæmt nll. í formi viðskiptabréfs, er skylt að tryggja sig fyrir hugsanlegri vanefndakröfu neytanda vegna þeirra viðskipta sem að baki viðskiptabréfi standa, sbr. 1. mgr. 18. gr. nll. Ef lánið er í öðru formi en viðskiptabréfi, t.d. sem kaupsamningur, þá gildir ákvæði 17. gr. laganna. Ákvæði 17. gr. laganna gildir jafnframt þegar lán er veitt í formi viðskiptabréfs og ekki er til staðar trygging, sbr. 4. mgr. 18. gr. laganna. Við þær aðstæður getur kaupandi borið fram mótbárur, t.d. að bréfið sé ekki viðskiptabréf, og komi til framsals viðskiptabréfs undir slíkum kringumstæðum er framsalshafi meðábyrgur framseljanda. Með þessu er vikið frá meginreglum er gilda um viðskiptabréf, enda getur neytandi haft uppi mótbárur sem lotið geta að viðskiptum þeim sem að baki bréfunum standa. Ef seljandi framselur bréfið koma ákvæði 4. mgr. 17. gr. laganna einnig til skjalanna.¹⁵⁹

Með frumvarpi til laga nr. 101/1994, um breyting á lögum um neytendalán, nr. 30/1993, var 4. mgr. 18. gr. nll. bætt við greinina. Fyrir breytinguna var engin leið til að hafa eftirlit með því hvort lánveitandi, sem jafnframt var seljandi, hafði gilda tryggingu eða ekki, þegar framsal á viðskiptabréfi til þriðja aðila átti sér stað. Með ákvæðinu var komið í veg fyrir að neytendur nytu mismunandi verndar við framsalið, ásamt því að það var talið hagkvæmt fyrir seljanda að hafa í gildi tryggingu samkvæmt ákvæðinu því ella lyti bréfið ekki reglum um viðskiptabréf. Með ákvæðinu ætti réttarstaða neytenda að vera trygg hvað varðar bætur t.d. vegna galla á söluhlut, hvort sem seljandi hefur tryggingu vegna hugsanlegrar vanefndakröfu neytandans eður ei.¹⁶⁰

6.3.2 Vanefndakrafa neytandans er vegna viðskipti þeirra sem að baki viðskiptabréfi standa

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. nll. er tryggingu seljanda ætlað að bæta neytanda það tjón sem hann kann að verða fyrir vegna vanefnda seljandans, þegar lán er veitt í formi viðskiptabréfs. Neytandi getur orðið fyrir tjóni ef seljandi vanefnir samningsskyldur sínar og/eða ef söluhluturinn er t.d. gallaður í skilningi IV. kafla laga um neytendakaup, nr. 48/2003, enda þarf neytandinn þá að greiða áfram af láninu til framsalshafa. Við þessar aðstæður getur neytandi krafist bóta úr tryggingu seljandans, enda leiða sérreglur þær er gilda um

¹⁵⁹ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2938.

¹⁶⁰ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2939.

viðskiptabréf til þess að neytandi glatar rétti til að halda uppi mótbárum gagnvart framsalshafa.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nll. nær tryggingartímabilið yfir eitt ár og skal tryggingarfjárhæðin innan hvers tryggingartímabils nema 5.000.000 kr. Neytandi á að gera kröfu um greiðslu tryggingafjár innan tveggja ára frá afhendingu vöru eða þjónustu, eða innan fimm ára ef söluhlut er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti frá því að honum var veitt viðtaka.

Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga nr. 101/1994, um breyting á lögum um neytendalán, nr. 30/1993, kemur fram að kröfur um greiðslu tryggingafjárhæðar skyldu koma fram innan árs frá lokum tryggingartímabilsins sem er eitt ár skv. 2. mgr. 18. gr. nll. Þetta var talið nauðsynlegt vegna þeirrar almennu reglu kaupalaga að gallar skuli bættir komi þeir fram innan árs frá kaupum, sbr. 54. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 39/1992.¹⁶¹ Samkvæmt ákvæðinu glataði kaupandi rétti til að bera fyrir sig að söluhlut hafi verið ábótavant, ef liðið var meira en ár frá því að hann fékk söluhlutinn afhentan. Af þessari ástæðu var tryggingin aðeins látin gilda fyrir eitt ár í senn. Með frumvarpi til laga nr. 63/2008 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, var ákvæði 18. gr. laganna breytt þannig að frestur neytanda til að gera kröfu um greiðslu tryggingafjár var lengdur úr einu ári í tvö ár frá afhendingu vöru eða þjónustu, eða í fimm ár þegar um er að ræða söluhlut sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Þessi breyting þótti heppileg til að gætt yrði samræmis við lög um neytendakaup, nr. 48/2003, og lög um þjónustukaup, nr. 42/2000.¹⁶² Tryggingartímabilið er ennþá tilgreint eitt ár í 2. mgr. 18. gr. nll. en tryggingarfjárhæð innan hvers tímabils skal nema 5.000.000 kr.

Þótt þess sé ekki getið sérstaklega í greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpi til laga nr. 63/2008 um breyting á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, má gera ráð fyrir því að réttur kaupanda til greiðslu tryggingafjár gildi jafnframt um kaup sem falla undir lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 4. gr. nll. getur lánveitandi verið einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem veitir lán. Lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000, gilda um kaup að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir í lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, og þar sem kaup milli tveggja einstaklinga falla utan gildissviðs laga um neytendakaup, nr. 48/2003, er rétt að álykta að þau falli undir kaupalögin. Samkvæmt 1. gr. nll. gilda lögin um lánssamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur, en skv. b-lið 4. gr. nll. getur lánveitandi m.a. verið einstaklingur. Ef einstaklingur

¹⁶¹ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2939.

¹⁶² Þskj. 838, 135. lögþ. 2007-08, bls. 5-6.

stendur að lánveitingu sem er í nánum tengslum við atvinnurekstur hans, t.d. ef hann persónulega lánar neytanda lánsfjárhæð svo hinn síðarnefndi geti keypt vöru af fyrirtæki lánveitanda, má gera ráð fyrir því að lánsamningurinn falli undir gildissvið nll. Einstaklingur sem stendur þannig að lánveitingu verður að útvega tryggingu í samræmi við 18. gr. laganna, enda nýtur kaupandi samkvæmt lögum nr. 50/2000 rétt til greiðslu tryggingarfjár vegna vanefndakröfu.

Með frumvarpi því er varð að lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, hefur tímafrestur kaupanda til bera fyrir sig galla verið lengdur. Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laganna hefur kaupandi að lágmarki tvö ár frá afhendingu söluhlutar til þess að bera fyrir sig galla. Ef hins vegar er um að ræða sölu á byggingarefni, sem ætlað er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, er fresturinn fimm ár frá því að efninu var veitt viðtaka, sbr. 3. mgr. 32. gr. laganna. Þegar um er að ræða kaup í skilningi laga um neytendakaupum, nr. 48/2003, nýtur neytandi enn rýmri réttar til að bera fyrir sig galla á söluhlut. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laganna hefur neytandi í skilningi 3. mgr. 1. gr. laganna rétt til að leggja fram kvörtun innan tveggja ára frá afhendingu söluhlutar, ef hann ætlar að bera gallann fyrir sig. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er hins vegar ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er fresturinn til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtöku.

Þessi regla um fimm ára kvörtunarfrest er ætlað að styrkja rétt neytenda, enda getur tveggja ára reglan verið ströng í garð neytanda þegar um er að ræða leynda galla við kaup á hlut sem á að endast í lengri tíma. Verulegir gallar geta komið í ljós löngu eftir afhendingu söluhlutar og því getur verið ósanngjarnt ef neytanda er með öllu ómögulegt að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir um gallann innan hæfilegs tíma frá því að hann varð hans var.¹⁶³ Þessir tímafrestitir gilda þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú, sbr. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna er um að ræða ófrávíkjanlegan rétt neytandans til úrbóta við fyrrgreindar aðstæður, og því er seljanda óheimilt að semja um lakari rétt neytandans en getur þó í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma, sbr. 3. másl. 2. mgr. 27. gr. laganna. Innan ofangreindra tímamarka getur neytandi, í skilningi nll., beint vanefndakröfu að seljanda vöru eða þjónustu þegar um er að ræða viðskiptabréfakröfu, og krafist greiðslu bóta úr tryggingu, enda á hann ekki kröfu á hendur framsalshafa vegna vanefnda seljanda skv. 4. mgr. 17. gr. nll.

¹⁶³ Alþt. 2002-03, A-deild, bls. 3819-3820.

6.3.3 Skilyrði fyrir greiðslu tryggingarfjárhæðar

Verði krafa til tryggingarfjárhæðar greidd út, gengur tryggingarfjárhæðin í þeirri röð sem kröfur koma fram, sbr. 2. mgr. 18. gr. nll. Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að greiðsluskylda þess er veitir tryggingu verði virk þegar tveimur skilyrðum hefur verið fullnægt, annars vegar að gengnum fullnaðardómi eða að gerðri réttarsátt um vanefnd og hins vegar að ljóst sé að seljandi geti ekki efnt greiðsluskyldu sína samkvæmt þeim dómi eða sáttinni. Með fullnaðardómi er átt við að fengist hafi niðurstaða í Hæstarétti eða í héraði og héraðsdómi verði ekki áfrýjað. Við þær aðstæður þegar bú seljanda hefur þegar verið tekið til opinberra skipta, verður að teljast rétt að yfirlýsing skiptastjóra um að krafa sé samþykkt eða að búið sé eignalaust, nægi svo greiðsluskyldan verði efnd. Þá verður að teljast ljóst að seljandi sé ófær að efna skyldu sína í merkingu laganna ef árangurslaus aðfarargerð hefur farið fram hjá honum. Ákvæði greinarinnar breytir því þó ekki að sá er tryggingu veitir getur samþykkt að greiða þrátt fyrir að skilyrðum greinarinnar sé ekki fullnægt, en telja verður þó að slíkt komi helst til greina þegar tryggjandi samþykkir að galli sé fyrir hendi og ljóst sé orðið að seljandi sé orðinn ógjaldfær.¹⁶⁴

6.3.4 Seljanda gert heimilt að styðjast við önnur tryggingaúrræði en váttryggingu

Rétt er að geta þess að ákvæði 18. gr. nll. er ekki bundið við tryggingu frá váttryggingafélagi, því greiðsluþrygging frá banka getur jafnframt komið til greina sem tryggingaúrræði seljanda vöru eða þjónustu, ef hann vill tryggja að framsalshafi viðskiptabréfs verði laus allra mála.¹⁶⁵

Í frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, var upphaflega gert ráð fyrir því að lánveitanda væri ekki heimilt að taka við víxli eða annarri skuldaviðurkenningu af neytanda, sem við framsal gat valdið því að réttur neytandans til að halda uppi mótbárum myndi glatast. Ákvæði þetta svaraði til 10. gr. framangreindrar tilskipunar en samkvæmt því ákvæði bar aðildarríkjunum að sjá til þess að neytendur nytu tilhlýðilegrar verndar við notkun viðskiptabréfa í lánsviðskiptum. Með því að banna þannig notkun viðskiptabréfa í viðskiptum við neytendur, eins og ákvæðið hljóðaði upphaflega, var ætlunin að stuðla enn frekar að vernd neytenda í lánaviðskiptum.¹⁶⁶ Þegar frumvarpið var til umræðu hjá efnahags- og viðskiptanefnd, var umrætt ákvæði fellt á brott. Í stað þess að banna alfarið notkun viðskiptabréfa við þessar aðstæður, var lagt til að mælt yrði fyrir um tryggingu sem

¹⁶⁴ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2944.

¹⁶⁵ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2944.

¹⁶⁶ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 539.

lánveitanda bar að hafa vegna hugsanlegrar vanefndakrafna neytenda vegna viðskipta sem standa að baki viðskiptabréfum. Tryggingin var hugsuð sem vernd fyrir neytendur.¹⁶⁷ Frumvarp það sem varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, hafði því að geyma ákvæði um ofangreinda tryggingu, að upphæð 5.000.000 kr. vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda.

Þegar lög um neytendalán, nr. 30/1993, tóku gildi 1. október 1993 komu strax í ljós ýmis vandkvæði við framkvæmd laganna. Ákvæði 18. gr. laganna um tryggingu vegna vanefndakrafna í tengslum við framsal viðskiptabréfa þótti óljóst, ásamt því að notkun hugtaka í ýmsum ákvæðum laganna þótti ónákvæm og ekki að fullu samræmd innan laganna.¹⁶⁸ Í flutningsræðu viðskiptaráðherra til þingsins, vegna frumvarps til laga nr. 101/1994, um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, kemur fram að með frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, var gert ráð fyrir að neytendalán með viðskiptabréfum heyrðu sögunni til. Var það talið vera í samræmi við það sem algengast var í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Ekki var hins vegar fallist á þetta sjónarmið og þótti ekki heldur rétt að breyta alfarið þeim almennum reglum sem gilda um viðskiptabréf. Af þeim ástæðum var kveðið á um að viðskiptabréf skyldu undanþegin ákvæði 17. gr. laganna um möguleika neytenda til að halda uppi mótbárum við framsalshafa og meðábyrgð framsalshafa og lánveitanda. Þessi aðskilnaður var talin forsenda þess að bankar og aðrar lánastofnanir vildu kaupa viðskiptabréf af seljendum vöru og þjónustu, en til að tryggja rétt neytenda var hins vegar kveðið á um að seljendur sem veittu lán í formi viðskiptabréfa skyldu hafa tryggingu til að mæta hugsanlegum vanefndakröfum neytenda vegna þeirra viðskipta sem að baki slíkum bréfum standa. Sökum þess að almenna reglugerðarheimild skorti í lögum sem útfærði nánar tryggingarnar og þar sem tryggingar af þessu tagi stóðu seljendum vöru og þjónustu ekki til boða þegar lögum tóku gildi, treystu bankar, sparisjóðir og aðrir sem kaupa viðskiptabréf af seljendum vöru og þjónustu sér ekki til að halda slíkum kaupum áfram eftir gildistöku laganna. Til að eyða þessari óvissu og skapa grundvöll fyrir viðskipti með viðskiptabréf við þessar aðstæður, var ákvæðið gert skýrara með frumvarpi til laga nr. 101/1994, þannig að meginatriðum tryggingarinnar var lýst í lögnum sjálfum. Þetta þótti sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að ekki var að finna hliðstætt ákvæði í lögum annarra ríkja um neytendalán, svo best var vitað.¹⁶⁹

¹⁶⁷ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 4682.

¹⁶⁸ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2940.

¹⁶⁹ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2943-2944.

6.3.5 Afleiðingar þess að seljandi sé ótryggður

Í 4. mgr. 18. gr. segir að hafi seljandi ekki gilda tryggingu samkvæmt 18. gr. laganna, getur kaupandi borið fram mótbáru gagnvart framsalshafa, rétt eins og bréfið væri ekki viðskiptabréf. Samkvæmt athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 30/1993, um neytendalán, er ekki lögbundið að styðjast við vátryggingu vegna hugsanlegrar vanefndakröfu neytandans. Með þessari reglu er tryggt að kaupandi glati ekki vanefndakröfu sinni, ef seljandi vanefnir að taka umrædda tryggingu. Við þær aðstæður gildir ekki sérregla sú sem tilgreind er í 4. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. að framsalshafi sé ekki meðábyrgur lánveitanda, og því getur kaupandi beint kröfu sinni beint til framsalshafa þótt viðskiptabréfsreglur ættu að leiða til annarrar niðurstöðu. Ákvæði 4. mgr. 18. gr. nll. leiðir því til þess að kaupandi glatar ekki rétti sínum til skuldajafnaðar gagnvart framsalshafa ef seljandi vanrækir að taka umrædda tryggingu.

6.3.6 Reglugerðarheimild

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. ber ráðherra að setja nánari ákvæði um tryggingarskylduna, gildissvið tryggingarinnar, hverjir veitt geti tryggingu og skilmála í reglugerð. Í henni má kveða á um lægri tryggingarfjárhæð en greinir í 2. mgr. þegar umfang viðskipta er það takmarkað að lægri tryggingarfjárhæð veitir nægjanlega vernd. Við mat á umfangi viðskipta er eðlilegt að líta m.a. til umfangs lánsviðskipta í formi viðskiptabréfa.¹⁷⁰ Með reglugerð nr. 491/1993 um breyting á reglugerð um neytendalán, nr. 377/1993, var ákvæði um umræddar tryggingar felld inn í stofnreglugerðina. Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 491/1993, er vikið að því að seljanda sé heimilt að miða tryggingarfjárhæðina við 2.500.000 kr., í stað 5.000.000 kr. eins og tilgreint er í 2. mgr. 18. gr. nll., ef heildarlánveitingar seljanda til neytenda í formi viðskiptabréfa hafa ekki numið hærri fjárhæð en 10.000.000 kr. yfir síðustu tólf mánuði fyrir töku tryggingar. Ætli seljandi að nýta sér umrædda heimild, ber honum að afhenda tryggingarsala yfirlýsingu um heildarlánveitingar í formi viðskiptabréfa frá löggiltum endurskoðanda, banka, sparisjóði eða annarri fjármálastofnun sem kaupir af honum viðskiptabréfin. Með því að framsalshafi þurfi þannig að staðfesta fjárhæð heildarlánveitinga seljanda, er framsalshafi í raun að tryggja stöðu sína, þar sem vanefndakröfur neytenda myndu ella beinast að honum ef umrædd trygging væri ekki til staðar. Svo viðskiptabréfareglurnar haldi gildi sínu er mikilvægt að náíð samband sé á milli framsalshafa og framseljanda viðskiptabréfsins, enda er það hagur beggja að seljandi sé með lögmæta

¹⁷⁰ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2943-2944.

tryggingu sem tekur til vanefndakrafna neytandans. Að öðrum kosti má gera ráð fyrir því að framsalshafi og framseljandi séu meðábyrgir gagnvart kröfu neytandans, sbr. 3. mgr. 17. gr. nll.¹⁷¹

¹⁷¹ Þess má geta að Vátryggingafélag Íslands (VÍS) býður fyrirtækjum upp á tryggingu sem ber heitið „Lögboðin vátrygging vegna neytendalána“, og heimilar seljendum að fullnægja þeirri kröfu sem 1. mgr. 18. gr. laganna leggur á herðar þeim, þegar um er að ræða framsal viðskiptabréfa. Það sem veður athygli við efni skilmálanna, er 3. gr. þeirra sem fjallar um ábyrgðartíma. Samkvæmt greininni tekur vátryggingin til vátryggingarturðar ef eindagi greiðslu þeirrar sem vátryggingartaki á að inna af hendi til neytanda, er á vátryggingartímabilinu. Falli vátryggingarsamningurinn úr gildi, helst ábyrgð VÍS þó í eitt ár frá þeim tíma, hvað varðar kröfur sem rísa af samningum sem vátryggingartaki hefur gert á vátryggingartímanum, enda sé eindagi greiðslu vátryggingartaka innan árs frá lokum vátryggingarinnar. Ábyrgðartími tryggingafélagsins er eitt ár þannig að ef neytandi lýsir kröfu í trygginguna til greiðslu bóta vegna t.d. galla, er tryggingafélagið laust ábyrgða ef meira en ár líður frá greiðslu iðgjalda. Greiðsla bóta til neytenda verður því dregin af þeirri tryggingarfjárhæð sem eftir stendur, þegar krafa neytandans er sett fram. Tryggingu þessa má nálgast á vefslóðinni http://vis.is/library/Tryggingaskjol/Tryggingaskilmalar/Greiðslu--og-efndavatryggingar/ZZ11_neytendalan.pdf

7. Kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar

7.1 Innbyrðis réttarstaða neytanda ræðst af ákvæðum laga um neytendalán

Með eignarréttarfyrirvara í skilningi laga um neytendalán er átt við þegar við kaup á vöru er samið um að lánveitandi sé eigandi söluvöru þar til andvirði hennar er að fullu greitt samkvæmt lánsamningi, og að lánveitandi geti tekið vöruna til sín ef neytandi stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum, sbr. f-lið 1. mgr. 4. gr. nll.

Samkvæmt 7. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE ber aðildarríkjum að tryggja rétt kaupanda til að leysa til sín aftur endurheimtan hlut sem er seldur er með eignarréttarfyrirvara og lánveitandi eða seljandi hafa endurheimt vegna vanefnda kaupanda. Aðildarríkjum ber að kveða á um skilyrði fyrir endurheimt eignarréttar á vörunum, einkum þegar neytandinn hefur ekki veitt samþykki sitt til þess. Þá skulu aðildarríki jafnframt tryggja að þegar lánveitandi endurheimtir söluhlut við fyrrnefndar aðstæður, þá séu reikningar aðila gerðir upp á þann hátt að endurheimting eignar hafi ekki í för með sér neina ótilhlýðilega auðgun, þ.e. lánveitandi eða seljandi mega ekki hagnast óeðlilega mikið á þeim viðskiptum.

Fyrir setningu laga um neytendalán, nr. 30/1993, voru engar lögfestar reglur til um kaupsamninga með eignarréttarfyrirvara þó að slík viðskipti höfðu tíðkast lengi hér á landi. Sama upplýsingaskylda hvílir á seljanda eða lánveitanda vöru, sem seld er með eignarréttarfyrirvara, og hvílir á öðrum lánveitendum. Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, kemur fram að vanræksla á upplýsingaskyldunni, t.d. varðandi árlega hlutfallstölu kostnaðar, hefur alvarlegar einkaréttarafleiðingar í för með sér en hafi þó ekki áhrif á gildi eignarréttarfyrirvarans. Seljandi þarf ekki að afla sér dóms fyrir kröfu um endurheimt eignarréttar, að því tilskildu að tilteknum skilyrðum sé fullnægt.¹⁷²

Þegar söluhlutur er seldur með eignarréttarfyrirvara getur lánveitandi endurheimt hlutinn á grundvelli skriflegs kaupsamnings þar sem skýrt er kveðið á um eignarréttarfyrirvarann, sbr. 1. mgr. 19. gr. nll. Skilyrði endurheimtunnar er að neytandi sé í vanskilum með afborganir eða lánskostnað, ásamt því að kaupsamningurinn kveði skýrt á um eignarréttarfyrirvarann. Ekki er þó kveðið á um það í lögum að vanskil þurfi að standa yfir í tiltekinn tíma og því getur lánveitandi strax og krafan er ekki greidd á gjalddaga eða eindaga ef hann er tilgreindur, endurheimt hlutinn.

¹⁷² Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 534.

Við endurheimt söluhlutar skal við uppgjör á milli aðila lánsammans reynt að komast sem næst því að þeir verði jafnsettir og viðskiptin hefðu ekki átt sér stað, sbr. 2. mgr. 19. gr. nll. Ef andvirði söluhlutar er meira en sem nemur eftirstöðvum lánsammans skal lánveitandi endurgreiða neytanda mismuninn, en ef andvirði söluhlutar er minna ber neytanda að endurgreiða lánveitanda mismuninn, sbr. 3. mgr. 19. gr. nll. Við mat á andvirði söluhlutar skal, samkvæmt 4. mgr. 19. gr. nll., litið til þess hvort slit og rýrnun söluhlutar sé eðlilegt og til frádráttar vaxta frá endurheimtudegi til loka lánsammans. Komi upp ágreiningur um verðmæti söluhlutar á almennum markaði, skal hann útkljáður með matsgerð tveggja dómkvaddra og óhlutdrægra manna, sbr. 5. mgr. 19. gr. nll. Ekki er að finna nánari skýringu á þessu ákvæði í lögskýringargögnum en þar sem ákvæðið mælir fyrir um að líta skuli til þess hvort slit og rýrnun söluhlutar sé eðlilegt, er rétt að álykta að óeðlileg slit og rýrnun leiði til lækkunar á kostnaði sem reikna ber til neytandans, enda er meginreglan sú að lánveitandi eigi ekki að hagnast á þessu uppgjöri. Þetta kann að vera flókið mat, þ.e. hvað teljist vera eðlilegra slita og rýrnunar, enda er það háð mati hverju sinni hvort neytandinn hafi haldið söluhlutum við með réttum hætti. Í 26. gr. frumvarps til laga um neytendalán, nr. 30/1993, miðaðist andvirði söluhlutar við þá fjárhæð sem unnt var að fá fyrir hlutinn við sölu hans á almennum markaði, og því verður að telja að markaðsvirði söluhlutar ráði nokkru við mat á fjárhæðinni. Þegar frumvarp þetta var til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, var ákvæði 26. gr. frumvarpsins fellt niður, með það að markmiði að einfalda reglurnar, ásamt því að talið var óþarft að hafa sérstakar reglur um lágmarksverð vöru. Þrátt fyrir þetta er rökrétt að ganga út frá því að markaðsvirði söluhlutar hafi talsverð áhrif við mat á verðmæti söluhlutar.

Gera má ráð fyrir að lánveitandi sé yfirleitt í yfirburða stöðu þegar kemur að uppgjörinu, enda er hann þá yfirleitt búinn að endurheimta söluhlutinn á þeim tímapunkti, ásamt því að hann framkvæmir eigið mat á verðmæti hlutarins. Ef neytandinn er hins vegar ósáttur við mat lánveitandans, getur hann alltaf krafist þess að ágreiningurinn sé útkljáður með matsgerð tveggja dómkvaddra og óhlutdrægra manna, sbr. 5. mgr. 19. gr. laganna.

Ákvæði 20. gr. nll. hefur það að markmiði að tryggja rétt neytanda við endurheimtu hlutar þegar fleiri en einn söluhlutar hefur verið keyptur samkvæmt einum samningi.¹⁷³ Hafi þannig fleiri en einn hlutar verið keyptur með einum samningi og lánveitandi lagt fram kröfu um endurheimt þeirra, getur neytandi valið einn eða fleiri hlutanna til afhendingar gegn því að greiða um leið mismun andvirðis þeirra hluta sem hann heldur eftir. Ef inneign lánveitanda er minni en andvirði á neytandi rétt á að fá mismuninn greiddan um leið og hlutirnir eru afhentir,

¹⁷³ Altþ. 1992-93, A-deild, bls. 540.

sbr. 1. mgr. 20. gr. nll. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. getur neytandi þó ekki leyst til sín hlut ef hann er úr safni eða samstæðu sem lánveitandi hefur einnig endurheimt frá neytanda og aðskilnaðurinn hefur í för með sér verulega rýrnun á verðmæti hlutanna.

7.2 Áhrif eignarréttar á réttarstöðu neytanda utan samningssambandsins

Meðan 19. og 20. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, fjalla um innbyrðis réttarstöðu kaupanda og seljanda þegar um er að ræða lán með eignarréttarfyrirvara, fjalla ákvæði laga um sammingsveð, nr. 75/1997, um réttarstöðu þeirra gagnvart viðsemjendum og skuldheimtumönnum kaupandans. Gera má ráð fyrir að algengast sé að til söluveðs sé stofnað í tengslum við afborgunarkaup, þ.e. þegar þriðji maður á veðrétt í söluhlut til tryggingarláni sem hann hefur veitt kaupanda til greiðslu kaupverðs, vaxta og kostnaðar.

Með lögum um sammingsveð, nr. 75/1997, (framvegis skammstöfuð svl.) voru fyrst innleiddar í íslenskan rétt heildstæðar lagareglur um söluveð, þ.e. það tryggingarúrræði sem lengst hefur þekkt sem svokallaður eignarréttarfyrirvari. Í söluveði fellst trygging fyrir seljandann, sem getur tekið söluhlut til baka ef vanefndir verða á greiðslu kaupverðs. Þessi tryggingarráðstöfun á vissa hliðstæðu við veðréttindi, og því var talið rétt að um eignarréttarfyrirvara væri beitt réttarreglum um veð. Rétt var að krefjast sömu tryggingarráðstafana og gilda um önnur veðréttindi, svo eignarréttarfyrirvari gæti orðið bindandi gagnvart viðsemjendum og skuldheimtumönnum kaupanda.¹⁷⁴

Reglur 35.- 42. gr. svl. gilda um söluveð, en með því er átt við veðrétt í söluhlut til tryggingar láni, sem seljandi eða annar lánveitandi hefur veit í tengslum við kaupin. Ákvæði svl. gilda um öll tilvik þar sem lán með eignarréttarfyrirvara er veitt, þar sem seljandi eða lánveitandi hefur áskilið sér eignarrétt að söluhlutnum uns lánið er greitt, sbr. 42. gr. svl. Með þessu tryggingarúrræði nýtur söluveðhafi rýmri fullnustuheimilda en áður giltu, því hann getur bæði endurheimt söluhlutinn aftur með aðstoð sýslumanns og krafist nauðungarsölu söluhlutarins eftir almennum reglum um nauðungarsölu á lausafjárnunum.¹⁷⁵

Ákvæði 35. gr. svl. miðar að því að söluverð verði að byggjast á samningi aðila og að raunveruleg sala verði að hafa átt sér stað. Skilyrði réttarverndar söluveðssamnings skv. 1. mgr. 38. gr. svl. er að gerður hafi verið skriflegur samningur, í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutar til kaupanda, enda getur seljandi ekki áskilið sér eignarrétt yfir söluhlut þegar eignarrétturinn hefur verið yfirfærður yfir á kaupanda.

¹⁷⁴ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 336.

¹⁷⁵ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 336-337.

Samkvæmt 37. gr. svl. má veðsali hvorki selja né veðsetja söluhlut sem á hvílir söluveð, nema með samþykki þess veðhafa sem söluveð á. Kaupandi getur því ekki ráðstafað söluhlut fyrir en fullnaðaruppgjör hefur átt sér stað, þ.e. þegar kaupandi hefur gert upp við seljanda eða lánveitanda og söluveðið þar með fallið brott. Þrátt fyrir að kaupandi hafi ekki ráðstöfunarheimild yfir söluhlut sem á hvílir söluveð, verður að telja að hluturinn geti verið andlag fullnustuaðgerða skuldheimtumanna kaupanda án samþykkis söluveðhafa, að því tilskyldu að söluveðrétturinn sé virtur. Af 37. gr. svl. má ráða að samþykki söluveðhafa til áframsölu söluhlutar, heimilar kaupanda að selja söluhlutinn til þriðja aðila þótt hann hafi ekki staðið full skil á kaupverði hlutarins.¹⁷⁶

Af ákvæði 4. mgr. 38. gr. svl. leiðir að söluveðhafi eigi tveggja kosta vól til að gera veðrétt sinn gildandi, þegar vanskil verða á greiðslum kaupanda, sem söluveðinu er ætlað að tryggja. Söluveðhafi getur annars vegar krafist afhendingar hins selda, eftir atvikum með aðstoð sýslumanns, og hins vegar getur hann krafist nauðungarsölu á hinu veðsetta hlut án undangengis dóms, sáttar eða aðfarar. Áður en nauðungarsölu verður krafist, verður krafan þó að vera komin í gjalddaga og veðhafi verður að beina greiðsluáskorun til veðþola eftir þeim reglum sem gilda samkvæmt lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.¹⁷⁷

Af ofangreindum reglum leiðir að ákvæði laga um sammingsveð, nr. 75/1997, gilda um samskipti neytanda gagnvart viðsemjendum og öðrum skuldheimtumönnum hans. Innbyrðis staða viðsemjenda, þ.e. seljanda eða lánveitanda og neytandans, ræðst af ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994, og því ber aðilum að fylgja ákvæðum laganna varðandi uppgjör á milli þeirra. Sammingsaðilar eiga að vera sem næst því að þeir verði jafnsettir og ef viðskiptin hefðu ekki átt sér stað, sbr. 2. mgr. 19. gr. laganna, og því er mikilvægt að vandað sé til verks þegar taldir eru upp þeir kostnaðarliðir sem áhrif hafa á uppgjórið.

¹⁷⁶ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 345-346.

¹⁷⁷ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2183.

8. Eftirlit með lögum um neytendalán, nr. 121/1994.

8.1 Almenn

Samkvæmt 21. gr. nll. fer efnahags- og viðskiptaráðherra með framkvæmd laganna. Samkvæmt ákvæðinu er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð, en það hefur hann gert með reglugerð nr. 377/1993 um neytendalán með síðari breytingum.

Reglugerðir byggja á framsali lagasetningarvald og þeim er ætlað almennt eða rúmt gildissvið, þ.e. að binda borgarana almennt. Í lögum er oft að finna heimild til handa ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Lagaákvæðin draga þá upp höfuðdrættina um skipan tiltekins atriðis, meðan ráðherra kveður nánar á um efni reglnanna, einkum varðandi framkvæmd þeirra gagnvart borgurunum. Ákveðinn kostur felst í því að fela ráðherra að ákveða framkvæmd laga, því ráðherrann er oft gerkunugur því efni sem lagaákvæðið lýtur að og hefur mikla reynslu á því tiltekna sviði. Þá leiða lagaframkvæmdarreglugerðir til verksparnaðar og hagræðis í stjórnsýslunni, ásamt því að lögín sjálf yrðu ella flóknari og óleggri yfirlits auk þess sem löggjafarstarfið yrði miklu seinunnara.¹⁷⁸

Í 22. gr. laganna segir að efnahags- og viðskiptaráðherra geti sett reglur um hvernig prenta skuli leiðbeiningar um réttarstöðu neytanda á skriflega samninga og skjöl sem lögín taka til. Talið var að þetta gæti verið nauðsynlegt, sérstaklega varðandi t.d. útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.¹⁷⁹ Í 23. gr. laganna segir enn fremur að efnahags- og viðskiptaráðherra geti breytt fjárhæðum í lögum eftir því sem verðlagsþróun gefur tilefni til.

Fyrirnefnd reglugerð um neytendalán, nr. 377/1993, hefur að geyma fá efnisákvæði umfram það sem lög neytendalán, nr. 121/1994, mæla fyrir um. Þetta var gagnrýnt af starfshópi sem var skipaður af viðskiptaráðherra árið 2007 og hafði það hlutverk að gera úttekt á lagaumhverfi því er varðar viðskipti neytenda og banka í ljósi nútímaviðskiptahátta. Starfshópurinn taldi fullt tilefni til að endurskoða umrædda reglugerð, enda hefur hún t.a.m. að geyma úrehtar tilvísanir til eftirlitsstjórnvalds, Samkeppnisstofnunar, ásamt því að efnisákvæði hennar voru frekar takmörkuð.¹⁸⁰ Enn sem komið er hefur þessari reglugerð ekki verið breytt í samræmi við tillögur starfshópsins, sem verður að teljast óheppilegt, enda

¹⁷⁸ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipun Íslands, seinni hluti*, bls. 129-130.

¹⁷⁹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 540.

¹⁸⁰ *Skýrsla starfshóp á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl.*, bls. 27.

nauðsynlegt að kveða nánar á um framkvæmd tiltekinna ákvæða laga um neytendalán, nr. 121/1994.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 12. gr. tilskipunar nr. 87/102/EBE, skulu aðildarríki sjá til þess að skipulagt opinbert eftirlit sé með lánveitendum. Þetta geta aðildarríkin gert með þrenns konar skipulagi og hafa þau val um hvaða leið þau velja. Þess er krafist að lánveitandi hafi opinbert starfsleyfi til slíks, þ.e. annaðhvort til þess sérstaklega eða sem seljendur/miðlarar vöru og þjónustu, og að opinbert eftirlit sé með lánveitendum eða að til séu stofnanir sem taka við kvörtunum vegna lánsamninga eða lántökuskilmála, ásamt því að geta veitt neytendum viðeigandi upplýsingar eða ráðgjöf þar af lútandi.

Í athugasemdum þeim sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, kemur fram að við setningu laganna voru gerðar almennar kröfur um leyfi til handa þeim aðilum sem höfðu milligöngu um lánsviðskipti. Þá kom jafnframt fram að Verðlagsstofnun hafði stjórnvaldseftirlit með ákvæðum laga um óréttmæta viðskiptahætti og bar m.a. að fylgjast með því að fyrirtæki aðhafast ekkert sem bryti í bága við góða viðskiptahætti. Verðlagsstofnun gat tekið við kvörtunum frá einstaklingum eða samtökum og tekið mál til umfjöllunar. Þá gat verðlagsstofnun jafnframt farið fram á að verðlagsráð bannaði athafnir sem brutu í bága við góða viðskiptahætti, og að hún hafi gegnt ákveðnu hlutverki sem ráðgefandi aðili. Það var því talið að allir lánsamningar sem lögin tóku til, séu háðir stjórnvaldseftirliti, annaðhvort þannig að leyfi þurfi til starfseminnar, hún sé háð eftirliti opinbers aðila eða að stofnun sé til staðar sem hægt sé að snúa sér til með kvartanir. Íslenskur réttur var því talinn uppfylla ákvæði 12. gr. tilskipunar og því var ekki mælt sérstaklega fyrir um að ákveðið stjórnvald sinnti eftirliti með lögnum.¹⁸¹

Með frumvarpi því er varð að lögum nr. 101/1994, um breyting á lögum nr. 30/1994, um neytendalán, var mælt fyrir um að Samkeppnisstofnun skyldi annast eftirlit með ákvæðum laganna. Þá var jafnframt lagt til að samkeppnisráð fengi heimild til að beita þá aðila sem brjóta gegn ákvæðum laganna dagsektum. Um var að ræða sams konar ákvæði og var í þágildandi samkeppnislögum, nr. 8/1993, þó með þeirri breytingu að fjárhæðarmörk dagsekta var lægri en samkvæmt samkeppnislögum. Þetta þótti eðlilegt í ljósi þess að brot gegn ákvæðum laga um neytendalán yrðu tæplega jafn alvarleg og brot gegn ákvæðum samkeppnislaga. Þá var jafnframt mælt fyrir um að sama málsmeðferð skyldi gilda um brot gegn ákvæðum laga um neytendalán og giltu samkvæmt samkeppnislögum, með þeirri undantekningu að ákvörðunum samkeppnisráðs yrði ekki skotið til áfrýjunarnefndar

¹⁸¹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 534.

samkeppnismála. Frumvarp þetta var ekki ætlað að koma í veg fyrir að neytendur gætu krafist skaðabóta eftir almennum reglum, fyrir það tjón sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir en þar sem Samkeppnisstofnun gat ekki leyst úr einkaréttarlegum kröfum, kom það í hlut dómstóla að leysa úr slíkum kröfum.¹⁸²

Með lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, 62/2005, var eftirlit með lögum um neytendalán flutt til Neytendastofu. Samkvæmt frumvarpi því er fylgdi lögum nr. 62/2005, var helsta markmiðið með því að setja Neytendastofu á fót að efla starf að neytendamálum og um leið auka neytendavernd. Verkefni þau sem heyra undir stofnunina snerta hagsmuni neytenda með einum eð öðrum hætti, og eru lög um neytendalán, nr. 121/1994, þar engin undantekning. Með lögnum var jafnframt skipuð sérstök áfrýjunarnefnd neytendamála, svo hægt yrði að skjóta stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru m.a. á grundvelli laga nr. 121/1994 til æðra stjórnvalds, enda hafa löggin heimild til slíks málskots. Talið var mikilvægt að hægt yrði að skjóta ákvörðunum stofnunarinnar til æðra stjórnvalds enda geta ákvarðanir teknar á grundvelli laganna verið íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila.¹⁸³ Með ákvæði 13. gr. laganna voru gerðar breyting á ýmsum lögum vegna stofnunar Neytendastofu og flutnings verkefna frá Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofnun til Neytendastofu.¹⁸⁴ Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. nll. er eftirlit með ákvæðum laganna nú í höndum Neytendastofu.

8.2 Valdheimildir Neytendastofu vegna kvartana

8.2.1 Bann við athöfnum og ákvörðun um dagsektir ef brotið er gegn banni

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. nll. annast Neytendastofa eftirlit með ákvæðum laganna en um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð, gilda ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Markmiðið með að vísa til ákvæða laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, var að tryggja gagnsæi og samræmi í málsmeðferð hjá Neytendastofu.¹⁸⁵ Þótt ákvæði nll. séu einkaréttarlegs eðlis og eftirlit er í höndum Neytendastofu, getur stofnunin ekki leyst úr einkaréttarlegum kröfum neytenda.¹⁸⁶ Neytendur verða að leita til dómstóla með slíkar kröfur, en Neytendastofa getur þó tekið ákvörðun um hvort lánveitandi hafi brotið gegn ákvæðum laganna, þótt hún hafi ekki

¹⁸² Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 538.

¹⁸³ Alþt. 2004-05, A-deild, bls. 4285.

¹⁸⁴ Alþt. 2004-05, A-deild, bls. 42891

¹⁸⁵ Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 2353.

¹⁸⁶ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 171.

heimild til að taka ákvörðun um það hvort neytandi eigi rétt á skaðabótum, þrátt fyrir ákvæði 27. gr. nll. Neytendur verða því almennt að leita til dómstóla ef þeir ætla að fá úr því skorið hvort þeir eigi einkaréttarlega kröfu á hendur lánveitanda vegna brota gegn ákvæðum laganna.¹⁸⁷

Með frumvarpi því er varð að lögum um breyting á lögum á sviði Neytendastofu, nr. 34/2007, var gerð breyting á orðalagi ákvæðisins og bætt var við greinina að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferðina.¹⁸⁸ Á grundvelli laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005 (framvegis skammstöfuð vml.) hefur Neytendastofa ýmis úrræði til rannsóknar á málum og bregðast við brotum á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, sbr. ákvæði VIII. og IX. kafla laganna. Þannig hefur Neytendastofa rétt til upplýsinga samkvæmt 20. gr. laganna, ásamt því að hún getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöðvum þeirra sem falla undir lög um neytendalán, nr. 121/1994, og lagt hald ef ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögnum, sbr. 1. mgr. 20. gr. a. Við framkvæmd aðgerðanna skal Neytendastofa fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála, um leit og hald á munum, sbr. 2. mgr. 20. gr. a. Engin dæmi eru hins vegar um að Neytendastofa hafi gert athuganir á starfsstöðvum lánveitenda, á grundvelli heimildar í lögum nr. 57/2005, en ætla má að skýringin fyrir því sé að um ólíka málaflokka sé að ræða. Þegar deilt er um það hvort lánveitandi hafi brotið gegn ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994, er fyrst og fremst um að ræða hugsanlegt brot gegn upplýsingaskyldu lánveitanda. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu upplýsingar samkvæmt lögnum koma fram í skriflegum lánssamningi, og því ætti að duga fyrir Neytendastofu að kynna sér skilmála lánssamningsins og fylgiskjöl. Gera má þó ráð fyrir að Neytendastofa gæti nýtt rétt sinn til að krefjast upplýsinga, samkvæmt lögum nr. 57/2005, enda getur alltaf komið til greina að lánveitandi búi yfir tilteknum skjölum sem neytandi hefur ekki lengur aðgang að, þótt hann eigi að fá í hendur eintak af lánssamningnum, sbr. 5. gr. nll.

¹⁸⁷ Sjá ákvörðun Neytendastofu 12. mars 2009 (6/2009) en þar kemur eftirfarandi orðrétt fram. „Í erindi Guðmundar er vísað til 15. gr. laga um neytendalán þar sem lántaki getur átt rétt á skaðabótum úr hendi lánveitanda hafi lánveitandi ekki staðið við upplýsingaskyldu sína, sbr. 6. gr. laganna. Í 27. gr. laganna er einnig um það fjallað að brot á lögnum geti valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Í ákvæðum laganna er Neytendastofu ekki gefin heimild til að taka ákvarðanir um skaðabætur og verður því að rekja slíkt mál á grundvelli skaðabótalaga fyrir dómstólum.“

¹⁸⁸ Heiti laganna var breytt með 4. gr. laga nr. 50/2008 um breytingu á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005, með síðari breytingum, og bera nú heitið „lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu“ og eru nr. 57/2005.

Í IX. kafla laga nr. 57/2005, er fjallað um viðurlög o.fl. sem Neytendastofa getur beitt vegna brota gegn lögum um neytendalán, nr. 121/1994. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. b. geta aðgerðir Neytendastofu falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnum skilyrðum. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-V. kafla, stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta gegn ákvæðum II.-VIII. kafla og fyrirmæla stofnunarinnar, ásamt reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr. laganna. Hvorki í vml. né nll. er hins vegar mælt fyrir um að brot gegn lögum um neytendalán, nr. 121/1994, geti varðað stjórnvaldssekt en samkvæmt 2. mgr. 22. gr. vml. geta sektir samkvæmt 1. mgr. numið allt að 10 milljónum kr. Sú staðreynd að ekki er mælt fyrir um stjórnvaldssektir í nll., leiðir til þess að vafi er um hvort Neytendastofa geti yfir höfuð sektað lánveitanda vegna brota, ásamt því hvort sektarheimildin geti talist fullnægjandi refsheimil. Leitað verður svara við þessum álitaefnum í næsta kafla ritgerðarinnar.

Í 1. mgr. 26. gr. nll. kemur fram að Neytendastofa geti bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði laganna, og að banni þessu megi fylgja ákvörðun um dagsektir sem koma til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir þessar geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag en áður en til banns kemur getur Neytendastofa lokið máli með sátt, sbr. 2. mgr. 26. gr. nll. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann samkvæmt 1. mgr. 26. gr. nll. Ekki er hins vegar mælt nánar fyrir um málsmeðferðina við töku ákvörðunar um dagsekt í nll., og því verður að styðjast við ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, sbr. 1. mgr. 25. gr. nll.

Nokkur dæmi eru um að Neytendastofa hafi bannað lánveitendum notkun tiltekinna skilmála í lánsamningum á þeim grundvelli að þeir brjóti gegn ákvæðum laganna. Í *ákvörðun Neytendastofu 3. ágúst 2010 (25/2010)* bannaði Neytendastofa SP-Fjármögnun að leggja vaxtaálag á Libor vexti í þeim tilvikum sem það er ekki tilgreint í samningi. Yrði lánveitandi ekki við þessu banni, var tiltekið í ákvörðunarorðunum að búast mætti við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla vml., en með því er átt við ákvörðun stjórnvaldssektar. Í *ákvörðun Neytendastofu 28. apríl 2010 (21/2010)* bannaði Neytendastofa Avant notkun samningsskilmála um breytilega vexti, þegar lánsamningur hafði ekki að geyma upplýsingar um það með hvaða hætti og við hvaða aðstæður vextirnir væru breytilegir, sbr. heimild í 26. gr. nll.

Samkvæmt 23. gr. vml. skal ákvörðun um dagsektir tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Deilt hefur verið um það hvenær eða hvernig aðila hafi verið tilkynnt um ákvörðun með sannanlegum hætti og sem dæmi um slíkt má vísa til eftirfarandi *úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 19. desember 2008 (8/2008)*.

Mál þetta varðaði kæru Kornsins ehf. á þremur ákvörðunum Neytendastofu um að kærandi hafi með verðmerkingum í verslunum sínum brotið gegn ákvæðum 17. gr. laga nr. 57/2005, sbr. 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998, með ófullnægjandi verðmerkingum í verslunum Kornsins. Í ákvörðuninni var kæranda gert að greiða stjórnvaldssektir, samtals að fjárhæð 300.000 kr., en kærandi krafðist þess að umræddar ákvarðanir yrðu felldar úr gildi. Rök kæranda fyrir þeirri kröfu voru þau að honum hafi ekki verið gefinn sannanlegur kostur á því að færa í betra horf verðmerkingar í kæli í verslunum sínum, ásamt því að yfirmönnum kæranda hafi ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir heimsóknum starfsmanna Neytendastofu og athugasemdum þeirra. Áfrýjunarnefnd neytendamála komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hafði fram að færa nánar tiltekin andmæli sem hefðu komið til skoðunar við töku fyrrgreindra sektarákvarðana, og að tilkynningar Neytendastofu um málsmeðferð stofnunarinnar hafi á engu stigi borist honum með sannanlegum hætti. Með vísan til þess var það álit áfrýjunarnefndar neytendamála að ekki var hjá því komist að fella úr gildi ákvarðanir Neytendastofu.

Margar ákvarðanir Neytendastofu teljast til stjórnvaldsákvarðana, eins og t.d. bann við tiltekinni háttsemi og ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. 26. gr. nll. og ákvarðanir um stjórnvaldssektir skv. lögum nr. 57/2005.¹⁸⁹ Af þeirri ástæðu verður Neytendastofa að fylgja ákvæðum stjórnvísulaga, nr. 37/1993, bæði málsmeðferðarreglum og efnisreglum, við ákvarðanatöku.¹⁹⁰

8.2.2 Ákvörðun sektar vegna brots gegn ákvæðum laga um neytendalán?

Ekki er að finna sérstakt ákvæði í lögum nr. 121/1994 um neytendalán, um að brot gegn lögnum geti varðað sektum, eins og ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, hafa að geyma. Í frumvarpi til laga um neytendalán, nr. 30/1993, var að finna kafla IX. sem hafði að geyma refsíákvæði. Samkvæmt 34. gr. frumvarpsins varðaði brot gegn lögnum og reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim, sektum nema þyngri refsing lægi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála bar að fara að hætti opinberra mála, og gera mátti lögaðila fésekt fyrir brot á lögnum án tillits til sönnunar á broti fyrirvarmanns eða starfsmanns lögaðila. Þá gat brot gegn lögnum jafnframt varðað sviptingu starfsréttinda lögaðila, sbr. 5. másl. 34. gr. frumvarpsins. Þegar frumvarp þetta var

¹⁸⁹ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 49.

¹⁹⁰ Sjá t.d. *úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 4. mars 2008 (11/2007)* þar sem tilmæli Neytendastofu voru talin vera kæránleg stjórnvaldsákvörðun, enda var vandséð hvernig kærandi hefði verið stætt á því að fylgja ekki tilmælunum, og *úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 19. desember 2008 (8/2008)* þar sem áfrýjunarnefndin felldi ákvarðanir Neytendastofu úr gildi á þeim grunni að andmælaréttar hefði ekki verið nægilega gætt.

til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, var lagt til að refsíákvæði laganna yrði fellt brott og að lögin mæltu frekar fyrir um skaðabótaskyldu, en ekki er að finna nánari skýringu á þessari breytingu í lögskýringagögnum.¹⁹¹ Frumvarp þetta var samþykkt með þessum breytingum en af þessu má ráða að vilji löggjafans hafi staðið til þess að fella á brott refsíákvæði laganna vegna lögbrots, en mæla frekar fyrir um einkaréttarlegar kröfur neytenda. Huglægar lögskýringarkenningar fela í sér að leitað er vilja löggjafans, eins og hann verður ráðinn af almennum lögskýringargögnum, og að beita beri lögunum í samræmi við vilja löggjafans. Almennt er viðkennt að styðjast megi við þessa kenningu við skýringu laga.¹⁹²

Þar sem lög um neytendalán, nr. 121/1994, hafa ekki að geyma sérstakt refsíákvæði sem mælir fyrir um sekt við broti gegn lögunum, eins og lög nr. 57/2005 gera, má velta fyrir sér hvort ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, sé fullnægjandi sektarheimild vegna brota á ákvæðum nll. Eins og fyrr segir er ekkert refsíákvæði að finna í nll. en í 1. mgr. 25. gr. laganna segir að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins¹⁹³ gildi um úrræði Neytendastofu. Eitt af þeim úrræðum sem Neytendastofa hefur samkvæmt lögunum er ákvörðun um stjórnvaldssektir, sbr. 22. gr. vml. Af þessari ástæðu þarf að kanna hvort þetta sé fullnægjandi refsíheimild með hliðsjón af almennum meginreglum refsiréttar um framsetningu refsíákvæða.

8.2.3 Eru ákvæði laga um neytendalán fullnægjandi refsíheimild?

Í fræðilegri umfjöllun á sviði refsiréttar hefur verið bent á að dæmi séu um það að lagaheimild til viðurlaga sé ekki að finna í lögum þeim sem hafa að geyma verknaðarlýsingu, en að styðjast megi við almenna viðurlagaheimild í öðrum lögum ef vísað sé til þeirra og þau hafa ótvírætt að geyma refsíheimild. Það er því ekki nauðsynlegt að verknaðarlýsing og viðurlagaákvæði vegna hennar séu í sömu lögum, því tengslin kunna að vera nægilega nán vegna beinnar tilvísunar milli laga.¹⁹⁴ Af þessu leiðir að heimilt virðist vera að refsa lánveitanda sem hefur brotið gegn háttænisreglu laga um neytendalán, nr. 121/1994, með stjórnvísulusekt samkvæmt 22. gr. vml., að því gefnu að þau lög hafi að geyma fullnægjandi refsíheimild. Til að skera úr um þetta atriði þarf að kanna refsíákvæði vml., þ.e. hvort ákvæði laganna sé fullnægjandi grundvöllur fyrir refsingum lögaðila, og mun það vera skoðað nánar í

¹⁹¹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 4682.

¹⁹² Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 94-95.

¹⁹³ Sjá neðanmálsgrein nr. 188.

¹⁹⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 180.

næsta kafla þessarar ritgerðar. Gera verður ákveðinn fyrirvara á þeirri umfjöllun þar sem ákvæði 1. mgr. 25. gr. nll. vísar til ákvæða laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en ekki laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005. Ákvæði 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1994 (framvegis skammstafað stjkskr.) hefur það markmið að manni verði ekki refsað fyrir háttsemi nema hann hafi átt kost á að vita að hún var refsiverð samkvæmt lögum.¹⁹⁵ Þar sem 1. mgr. 25. gr. nll. vísar aðeins til laga nr. 57/2005, er alls óvíst hvort umrædd tilvísun standist áskilnað 1. mgr. 69. gr. stjkskr. um skýrleika refsheimildar.

Af fyrrnefndu ákvæði stjkskr. og 19. gr. a. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, leiðir að talsverðar kröfur eru gerðar til skýrleika og framsetningu refsíákvæða. Varhugavert getur verið að styðjast þannig við refsheimild sem er að finna í öðrum sérlögum, nema ef það ákvæði er skýrt og fullnægjandi refsheimild. Ekki verður skorið úr þessu álitaefni hér en rétt er að vekja athygli á því að sektarákvörðun samkvæmt vml., vegna brota lánveitanda gegn lögum um neytendalán, nr. 121/1994, getur verið varhugavert, sérstaklega ef litið er til vilja löggjafans við lögskýringu.

Í reglum um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008, er að finna stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru af Neytendastofu og hafa að geyma formkröfur til verðupplýsinga. Reglur þessar eru settar með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og með hliðsjón af m.a. lögum nr. 121/1994 um neytendalán.

Eins og fyrr greinir fer efnahags- og viðskiptaráðherra með framkvæmd laga um neytendalán, nr. 121/1994, og því vakna upp álitaefni hvort Neytendastofa hafi í raun vald til þess að mæla fyrir um nánari útfærslu laganna í stjórnvaldsfyrirmælum. Þegar um er að ræða stigskipt valdmörk, er valdi skipt á milli æðra settra og lægra settra stjórnvalda, t.d. efnahags- og viðskiptaráðherra og Neytendastofu. Meginreglan er sú að lægra sett stjórnvald getur ekki, svo gilt sé, gripið til ráðstafana sem heyra undir æðra setta stjórnvald nema til þess standi sérstök heimild í lögum.¹⁹⁶ Ef lægra sett stjórnvald tekur sér vald sem á samkvæmt lögum undir æðra stjórnvald, sbr. t.d. 13. gr. nll. sem mælir fyrir um að ráðherra skuli mæla nánar fyrir um framkvæmd auglýsingaskyldu lánveitanda í reglugerð, er um valdþurrð að ræða. Neytendastofa getur því ekki tekið sér vald sem ráðherra setur og því má færa rök fyrir því að

¹⁹⁵ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 513.

¹⁹⁶ Páll Hreinsson: „Valdmörk stjórnvalda“, bls. 458.

7. gr. reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008, sé ófullnægjandi grundvöllur fyrir ákvörðun viðurlaga skv. IV. kafla reglnanna.¹⁹⁷

Réttaráhrif valdþurrðar eru þau að um er að ræða annmarka sem getur leitt til ógildingar ákvörðunar.¹⁹⁸ Ef Neytendastofa skyldi komast að þeirri niðurstöðu að lánveitandi í skilningi laga um neytendalán, nr. 121/1994, hafi brotið gegn 7. gr. reglna nr. 725/2008 og honum ákvörðuð viðurlög í samræmi við IV. kafla reglnanna, myndi valdþurrð við setningu reglnanna leiða til þess að stjórnvaldsákvörðun um viðurlög yrði ógild.

8.3 Áfrýjunarnefnd neytendamála

Ef málsaðili er ósáttur við ákvörðun Neytendastofu hefur hann rétt á að kæra ákvörðunina til sérstakrar kærunefndar, áfrýjunarnefndar neytendamála, sem starfar á grundvelli 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda. Með stjórnslukæru er átt við það réttarræði þegar málsaðili eða annar sá sem á kærurétt skýtur stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds, sem er svo skylt að endurskoða ákvörðunina. Með því að haga uppbyggingu stjórnkerfisins með þeim hætti að hægt sé að fá stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða hjá öðru stjórnvaldi en því er ákvörðunina tók, en með því er stuðlað að því að ákvarðanir verði réttar. Sem dæmi um kosti þess að heimila þannig málsaðila að kæra ákvörðun lægra setts stjórnvalds, má nefna að kæra er ódýr, skilvirk og einföld leið til að fá ákvörðun endurskoðaða.¹⁹⁹

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. nll. verður ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laganna skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála, sem starfar á grundvelli laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, að undanskildum ákvörðunum um dagsektir. Kæruheimild er að finna í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, en samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laganna er kærufresturinn fjórar vikur frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, telst kæra nógu snemma fram komin ef bréf, sem hana hefur að geyma, er komið til æðra stjórnvalds eða afhent pósti áður en fresturinn er liðinn. Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur

¹⁹⁷ Sem dæmi um valdþurrð stjórnvalds má nefna dóm Hæstaréttar *Hrd. 3. febrúar 1999 (277/1999)*. Þar hafði A verið ráðinn í stöðu lektors í spænsku við Háskóla Íslands með ótímabundnum ráðningasamningi. Honum var svo seinna sagt upp störfum af heimspekideild Háskólans, með vísan til uppsagnarákvæðis ráðningarsamnings. Talið var að að ráðherra einn hafi getað veitt A lausn frá störfum sínum samkvæmt 7. og 10. gr. þágildandi laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og því hafi A verið sagt upp með ólögætum hætti þar sem um valdþurrð var að ræða.

¹⁹⁸ Páll Hreinsson: „Valdmörk stjórnvalda“, bls. 490-491.

¹⁹⁹ Páll Hreinsson: *Stjórnslulögin*, bls. 251.

miðað við það að kæra hafi borist nefndinni þegar hún hefur fengið póststimpil, sbr. *úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 31. maí 2007 (2/2007)*.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnarsýslunnar og eru aðfararhæfir, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 62/2005, og samkvæmt 3. mgr. 25. gr. nll. verður ákvörðun Neytendastofu ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir. Áfrýjunarnefnd neytendamála telst til sjálfstæðrar stjórnarsýslunefndar en með því er átt við þær stjórnarsýslunefndir sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ráðuneyta. Ákvarðanir teknar af sjálfstæðum stjórnarsýslunefndum verður ekki skotið til ráðherra og ráðherra getur almennt ekki gefið slíkri nefnd bindandi fyrirmæli um úrlausn mála nema að slík heimild sé lögbundin. Úrskurðir áfrýjunarnefndar neytendamála eru sem sagt fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnarsýslunnar, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005, og því geta úrskurðirnir hennar ekki sætt kæru.²⁰⁰

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. nll. verður ákvörðun Neytendastofu ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir. Þegar skilyrði málshöfðunar eru lögboðin með þessum hætti, getur málsaðili ekki höfðað dómsmál fyrr en kæruleiðin hefur verið tæmd því annars kemur til frávísunar málsins fyrir dómstólum. Við þær aðstæður getur aðili nýtt sér kæruehimildina og höfðað mál á ný að gengnum úrskurði æðra stjórnvalds, að því gefnu að kærufresturinn sé ekki liðinn og undantekningar 28. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, eigi ekki við. Samkvæmt 28. gr. stjórnarsýslulaga er heimilt að taka við kæru ef afsakanlegt verður talið að kæran hafi ekki borist innan kærufrestsins, eða ef veigamiklar ástæður mæla með því að kæran verði tekin til meðferðar. Ef þessar ástæður eru ekki taldar vera til staðar, eru bæði stjórnarsýslukæra svo og málsókn í raun útilokaðar.²⁰¹

Eins og fyrr greinir verður öðrum ákvörðunum en ákvörðun um dagsektir, skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála skv. 2. mgr. 25. gr. nll. Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 34/2007 um breyting á lögum á sviði Neytendastofu, kemur fram að ástæða þess sé sú að dagsektir geta verið mjög virkt úrræði og að talið var nauðsynlegt að ekki væri hægt að tefja fyrir beitingu þess úrræðis með áfrýjun ákvarðana um fjárhæð dagsekta, með hliðsjón af markmiðum laga um neytendalán og eftirliti með þeim.²⁰² Ef hægt væri að kæra ákvarðanir Neytendastofu um dagsektir, myndi það úrræði Neytendastofu verð að engu, enda kemur sú ákvörðun helst til greina til að knýja málsaðila til að breyta hegðun sinni, og þá án óþarfa tafa. Rétt er þó að geta þess að ákvörðun um dagsektir

²⁰⁰ Páll Hreinsson: *Stjórnarsýslulögin*, bls. 261.

²⁰¹ Páll Hreinsson: *Stjórnarsýslulögin*, bls. 258.

²⁰² Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 2354.

samkvæmt 24. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en fresturinn er liðin en ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála falla dagsektir þó ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Þetta er sambærileg ákvæði 54. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, en samkvæmt greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpi laganna kemur fram að með dagsektum sé átt við févítí sem er sekt til að knýja fram efndir, og að dagsektir séu ekki refsing heldur óbein þvingunaraðferð. Greiða skuli tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að tiltekinni skuldbindingu sé fullnægt.²⁰³ Þar sem ákvæði laga um neytendalán nr. 121/1994, hafa ekki að geyma kærueimild vegna ákvarðana um dagsektir, er rökrétt að álykta að ákvæði nll. hafi að geyma ákvæði um ríkari réttarvernd til handa neytendum.

8.4 Málshöfðun vegna úrlausna neytendayfirvalda

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. nll. getur aðili sem ekki vill una úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála, höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Málshöfðunarfresturinn er sex mánuðir, frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar, og málshöfðunin frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar. Þegar frumvarp það er varð að lögum nr. 34/2007 um breyting á lögum á sviði Neytendastofu, var til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd, var lögð til sú breyting að mál fyrir dómstólum skuli höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fær vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Að baki þessari breytingu bjuggu réttaröryggissjónarmið því óvissa getur verið fólgin í því að málshöfðun í tilteknu máli geti verið yfirvofandi um árabíl.²⁰⁴ Um málsmeðferð vísast að öðru leyti til ákvæða laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, en sú umfjöllun fellur utan efni þessarar ritgerðar. Rétt er að geta þess að nokkur dæmi eru um það að neytendur byggja á ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994, vegna m.a. hugsanlegs brots lánveitanda á að framkvæma greiðslumat. Héraðsdómur og Hæstiréttur hafa í fæstum tilfellum leyst úr því hvort ákvæði laganna eigi við og því eru fá fordæmi við að styðjast hér á landi. Hér á eftir er þó tekin dæmi um það þegar málsaðili reynir að byggja á ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994, án þess þó að málsatvik eigi undir ákvæði laganna.

²⁰³ Alþt. 1992-93, A-deild, bls 393.

²⁰⁴ Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 4894.

Dómur Hæstaréttar, *Hrd. 26. október 2000 (144/2000)*. Málsatvik voru þau að B fékk víxillán hjá Sparisjóði Höfðhverfinga árið 1993, sem bar nafn B sem samþykkjanda og nafn S sem útgefanda og framseljanda. Vanskil urðu og var lánið framlengt með nýjum víxli, með sams konar nafnritun og þeirri fyrri. Vanskil komu aftur upp og var láninu þá komið í skil með útgáfu skuldabréfs, tryggt með sjálfskuldarábyrgð S og sambúðarmanns hennar. Seinna urðu vanskil á greiðslu bréfsins en þá greiddi S tiltekna fjárhæð upp í skuldina og féll Sparisjóðurinn frá frekari kröfum á hendur S vegna skuldarinnar. Í kjölfarið höfðaði S mál á hendur Sparisjóðnum og krafðist ógildingar á undirritun sinni á skuldabréfið, og bar m.a. fyrir sig í héraði að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á aðalskuldara, í samræmi við 6. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán, og því hafi stefndi ekki gert stefnanda grein fyrir slæmri greiðslustöðu aðalskuldara. Hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur, sem staðfesti dóm héraðsdóms, tóku sérstaklega á því hvort ákvæði laga um neytendalán ættu við í málinu, en í héraðsdómi var þó tekið fram að það hafi staðið stefnanda næst að tryggja sig sem ábyrgðarmann gagnvart aðalskuldara. Ekki var fallist á að undirritunin væri ógild, þrátt fyrir veikindi stefnanda, og því var kröfu um ógildinguna hafnað.

Í dómi Hæstaréttar, *Hrd. 9. nóvember 2006 (225/2006)* var tekist á um það hvort skiptasamningur eða svokallaður framvirkur samningur, félli undir gildissvið laga um neytendalán, nr. 121/1994. Lántaki vísaði til II. kafla um neytendalán nr. 121/1994 og taldi að lánveitandi hefði brotið gegn upplýsingaskyldunni þar sem honum var ekki tjáð hversu áhættusamir, margslungnir og flóknir samningarnir hafi í raun verið. Heiti samningsins var samningur um hlutabréfaviðskipti eða skiptasamningur AFS1588 og var til kominn vegna kaupa í hlutabréfum í Össuri, en lánsfjárhæðin var í tilteknum erlendum gjaldmiðlum. Hæstiréttur taldi ekki að ákvæði laga nr. 121/1994 um neytendalán tæki til þessara samninga, án þess þó að koma með frekari rökstuðning fyrir þeirri niðurstöðu. Umræddir samningar voru ekki taldir ógildir með vísan til 31. og 3. gr. laga nr. 7/1936, né bæri að víkja bæri þeim til hliðar á grundvelli 36. og 36. gr. a.-d. sömu laga. Var kröfu Kaupþings um greiðslu skuldar ásamt vöxtum því tekin til greina.

8.5 Úrskurðarnefnd um viðskiptum við fjármálafyrirtæki

Neytendur sem standa í deilum við lánveitendur geta, til viðbótar því að kvarta til Neytendastofu, borið ágreininginn undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Nefnd þessi starfar samkvæmt samkomulagi frá 8. júní 2000 á milli Neytendasamtakanna, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Sambands lánastofnana, Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytisins.²⁰⁵ Samkvæmt 2. gr. samkomulagsins er markmið samningsaðila með nefndinni er að auðvelda viðskiptamönnum að koma á framfæri kvörtunum vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki og fá leyst úr þeim með skjóttum og ódýrum hætti. Nefndin starfar óháð opinberum eftirlitsstofnunum og hún fjallar hvorki um mál sem eru til meðferðar hjá þessum eftirlitsstofnunum né dómstólum. Neytendur sem vilja bera ágreining undir nefndina, þurfa að greiða 5.000 kr. í málskotsgjald, sem fæst endurgreitt við afhendingu úrskurðar ef krafa er að hluta eða öllu leyti tekin til greina, sbr. 6. gr. samkomulagsins. Úrskurðarnefndin er vistuð hjá

²⁰⁵ Samkomulagið má nálgast á vefsíðu Neytendasamtakanna, <http://ns.is/ns/upload/files/pdf-skrar/fjarmal.pdf>

Fjármálaeftirlitinu, sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kvörtunum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna, sbr. 5. gr. samkomulagsins.

Úrskurðarnefnd þessi hefur sett sér samþykktir, sem hafa m.a. að geyma reglur um skipun, starfssvið og vistun nefndarinnar, málsmeðferðina og gagnaöflun.²⁰⁶ Samkvæmt 3. gr. samþykktanna geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni, kvartað vegna viðskipta við þau og leitað álits hennar á þeim. Nefndin tekur m.a. til meðferðar kvartanir vegna réttarágreinings milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, að því gefnu að samningssamband sé milli aðila. Úrskurðir nefndarinnar eiga að vera skriflegir og rökstuddir og meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar, sbr. 4. gr. samþykktanna. Það er skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi áður hafnað kröfu viðskiptamanns og að ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. samþykktanna. Neytandi þarf því áður að setja fram kröfu sína um t.d. skaðabætur vegna brota lánveitanda á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, ásamt því að sátt náist ekki meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Þar sem nefndin fjallar ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, sbr. a-lið 6. gr. samþykktanna, getur nefndin ekki ákveðið að beita lánveita þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í VII. kafla laganna. Nefndin getur þó leyst úr einkaréttarlegri kröfu neytandans þegar lögbrot hefur verið staðreynt af Neytendastofu. Þar sem Neytendastofa hefur ekki heimild skv. nll. til að taka ákvörðun um skaðabætur, sbr. *ákvörðun Neytendastofu 12. mars 2009 (6/2009)*, getur neytandi borið þann hluta málsins undir úrskurðarnefndina. Krafa neytandans verður að vera metin til fjár og má ekki vera á sama tíma til meðferðar hjá almennum dómstólum eða gerðardómi, sbr. b og d-liður 6. gr. samþykktanna. Þá er jafnframt gerður sá áskilnaður að málið sé vel upplýst og krafan sé nægilega skýr svo málið sé tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna, því ef fyrirliggjandi upplýsingar leiða til þess að málið sé óhæft til afgreiðslu hjá nefndinni, getur nefndin vísað málinu frá skv. 7. gr. samþykktanna. Samkvæmt 11. gr. samþykktarinnar skal úrskurður nefndarinnar liggja fyrir innan fjögurra vikna frá því að öll gögn er tengdust viðkomandi kvörtun bárust nefndinni. Niðurstaða nefndarinnar skal send aðilum með staðfestum hætti innan tíu daga frá því úrskurður er kveðinn upp, og um leið skal neytandi upplýstur um að hann geti lagt málið fyrir dómstóla eða aðra aðila sé um það að ræða. Þá skal veita aðila fjórar vikur frá útsendingu niðurstöðu til að fullnægja úrskurði. Þegar úrskurður nefndarinnar liggur fyrir, getur hvort

²⁰⁶ Samþykktir nefndarinnar má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3459>

aðili um sig skotið málinu til dómstóla, sbr. 12. gr. samþykktarinnar. Þau fjármálafyrirtæki sem eru aðilar að úrskurðarnefndinni skuldbinda sig til að fylgja ákvörðun hennar og greiða hugsanlegar bætur, en hafi úrskurður nefndarinnar veruleg útgjöld í för með sér fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki eða fordæmisgildi, getur fjármálafyrirtækið tilkynnt nefndinni og viðkomandi aðila að það sætti sig ekki við úrskurðinn og muni ekki greiða bætur nema að undangengnum dómi. Það er því óvíst hvort úrskurður nefndarinnar leiði til þess að neytandi fái lausn mála sinna, þar sem úrskurður nefndarinnar er ekki bindandi í öllum tilfellum, en telja verður að úrskurðurinn ásamt ákvörðun Neytendastofu og úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála, styrki stöðu neytanda ef niðurstaðan verður honum í vil og hann þarf að bera málið seinna undir dómstóla.

Nokkur dæmi eru um það að neytendur hafi borið lögmati lánsamninga undir umrædda úrskurðarnefnd, þar sem hún hefur fjallað um einkaréttarlegar kröfur aðila.²⁰⁷ Eftirfarandi úrskurðir sína fram á kosti þess að bera mál undir úrskurðarnefndina, enda hefur Neytendastofa ekki heimild til að leysa úr einkaréttarlegum kröfum neytenda, skv. 27. gr. laganna.

Úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 22. desember 2009 (22/2009). Málsatvik voru með þeim hætti að neytendur höfðu gefið út tvö skuldabréf, að jafnvirði annars vegar 11.900.000 króna á kaupdegi, og hins vegar 11.000.000. króna. Lán þetta var samansett annars vegar af 50% japönskum jenum og 50% svissneskum frönkum, og hins vegar 100% japönskum jenum. Um var að ræða fasteignalán, með tilgreindum grunnkjörvöxtum og vaxtaálagi. Samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna skyldi neytandi greiða breytilega vexti eins og þeir væru ákveðnir af lánveitanda á hverjum tíma og skyldi það taka jafnt til kjörvaxta hvernar myntar og vaxtadags. Í niðurstöðu sinni vísað úrskurðarnefndin til *úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 25. september 2009 (6/2009)*, þar sem lánveitandi var talinn hafa brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, með því að tilgreina ekki í skilmálum myntkörfuláns með hvaða hætti vextir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust. Skilmálar skuldabréfanna, sem deilt var um í máli þessu, voru samhljóða þeim sem tekist var á um í fyrrnefndum úrskurði, og að mati úrskurðarnefndarinnar var ekki efni til annars en að fallast á þá niðurstöðu Neytendastofu og áfrýjunarnefndar neytendamála. Að mati nefndarinnar brutu skuldabréfin gegn ákvæðum 6. og 9. gr. nll. og varð því að víkja þeim til hliðar, skv. 36. gr. og 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Ákvæði skuldabréfanna um vexti voru látin standa þar sem ekki var minnst á Libor vexti í samningnum, og því bar neytendum aðeins að greiða vexti og vaxtaálag af lánunum, þ.e. ekki breytilega vexti. Með vísan til 15. og 27. gr. nll. bar lánveitanda að bæta neytendum það tjón sem þeir urðu fyrir vegna ofgreiðslu vaxta, þannig að þeir yrðu jafnsettir og ef engar breytingar hefðu orðið á hlutfallstölu vaxta.

²⁰⁷ Sjá t.d. *úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 17. maí 2005 (2/2005)* og *26. nóvember 2009 (24/2009)*, en í þeim málum var tekið á því hvort ákvæði laga nr. 121/1994 um neytendalán, ættu við í málunum.

Með því að bera ágreining sinn undir umrædda úrskurðarnefnd, gátu neytendur fengið úrlausn einkaréttarlegra krafna sem þeir hefðu ella þurft að bera undir dómstóla, með þeim kostnaði og töfum á málsmeðferð sem almennt felst með dómstólaleiðinni.

9. Brot á lögum um neytendalán getur valdið skaðabótaskyldu

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. nll. getur brot gegn lögnum valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Gera má lögaðila að greiða bætur þó svo að sök sannist ekki á neinn tiltekinn starfsmann lögaðilans, ef hægt er að sýna fram á að einhver starfsmaður lögaðilans hafi gerst brotlegur við ákvæði laganna, sbr. 2. mgr. 27. gr. nll. Bætur sem dæmdar verða, má innheimta hjá þeim einstaklingi sem dæmdur er bótaskyldur eða lögaðila þeim sem hann starfaði hjá þegar brotið var framið, sbr. 3. mgr. 27. gr. nll. Eins og fyrir er getið, hefur Neytendastofa ekki heimild samkvæmt lögnum til að leysa úr einkaréttarlegum kröfum og samkvæmt orðalagi 3. mgr. 27. gr. er miðað við að bætur þurfi vera dæmdar, svo aðili geti átt rétt á bótum vegna lögbrota aðila, þ.e. að úrlausn dómstóla þarf um skaðabótakröfu.

Réttur til skaðabóta er ekki í tengslum við ákvæði laganna sem mæla fyrir um heimildir Neytendastofu, og því koma þau úrræði Neytendastofu ekki í veg fyrir að neytendur geti krafist skaðabóta eftir almennum reglum fyrir það tjón sem þeir telja sig hafa orðið fyrir.²⁰⁸ Það að Neytendastofa beiti lánveitanda viðurlögum samkvæmt VII. kafla laganna, stendur sem sagt ekki í vegi fyrir því að neytandi geti sjálfur krafist bóta vegna brota lánveitanda á ákvæðum laganna.

Sakarreglan er ólögfest meginregla hér á landi og víðast hvar annars staðar, og felur í sér að maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur, ef það verður rakið til sakar hans. Sök þess manns, sem krafinn er um bætur, er almennt ófrávíkjanlegt skilyrði bótaskyldu, en ábyrgð getur þó fallið á mann eftir ýmsum öðrum bótareglum, þó sök tjónvalds sé ósönnuð. Í stórum dráttum má segja að sakarreglan feli í sér að maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann er valdur að með saknæmum og ólögætum hætti, enda er tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raski hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Þá er það jafnframt skilyrði að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegu heilbrigði. Ef tjónvaldur veldur tjóni af ásetningi eða gáleysi, telst hann hafa hegðað sér með saknæmum hætti, og því getur neytandi átt rétt á bótum.²⁰⁹

Samkvæmt sakarreglunni nægir gáleysi tjónvalds til bótaábyrgðar, en með gáleysi er almennt átt við óæskilega hegðun sem felur í sér umtalsverða hættu á tjóni. Þá hefur oft verið stuðst við svokallaðan „bonus pater“ mælikvarða við gáleysismatið, en sá mælikvarði

²⁰⁸ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 2945.

²⁰⁹ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*, bls. 57-58.

skírskotar til almenns eða sérstaks mælikvarða á hegðun fólks á tilteknu athafnasvæði.²¹⁰ Á sviði skaðabótaréttar hefur gáleysi jafnan verið skilgreint með eftirfarandi hætti:

„Tjóni er valdið af gáleysi, ef háttsemi tjónvalds hefur, vegna þess að hann hefur ekki sýnt af sér varkárni, sem ætlast mátti til af honum, vikið frá því, sem telja má viðurkennda háttsemi samkvæmt því sem ákveðið er í lögum, fordæmum, venju eða eftir öðrum viðmiðunum í skaðabótarétti.“²¹¹

Því kann að vera mismunandi háttað í lagatexta, hvaða orðalag er notað til þess að gera grein fyrir því að gáleysi sé skilyrði skaðabótaábyrgðar. Algengast er að það sé gert með því að tiltaka að skaðabótaábyrgð fari eftir almennum reglum, eða almennum reglum skaðabótaréttar, sbr. t.d. 1. mgr. 27. gr. nll.²¹² Svo neytandi, í skilningi laga nr. 121/1994 um neytendalán, eigi rétt á bótum samkvæmt ákvæðinu, verður starfsmaður á vegum lánveitanda að hafa brotið gegn lögnum með gáleysislegri hegðun sinni. Þótt ekki sé gert skilyrði um sök sannist á einhvern tiltekinn starfsmann lánveitanda, verður að telja að sök einhvers starfsmanns sé ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir skaðabótarétti neytandans við þessar aðstæður.

Neytandi getur orðið fyrir talsverðu tjóni vegna lögbrots lánveitanda gegn ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994, eins og *dómar Hæstaréttar nr. 92/2010* og *153/2010* sýna fram á, og því verður að telja að 27. gr. laganna samræmist vel tilgangi laganna og tilskipunar nr. 102/87/EBE, sem er m.a. að vernda fjárhagslega stöðu neytenda. Með því að tryggja rétt neytenda til tiltekinna upplýsinga áður en gengið er frá samningi, er neytandi betur í stakk búinn til þess að meta kosti lánsins og taka vel ígrundaða ákvörðun um lántöku.

²¹⁰ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*, bls. 59.

²¹¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 147.

²¹² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 147.

10. Innleiðing tilskipunar ráðsins nr. 2008/48/EBE um neytendalán

10.1 Almenn

Neytendatilskipanir Evrópusambandsins hafa flestar falið í sér svonefndar lágmarkstilskipanir, þ.e. þær hafa mælt fyrir um tiltekna lágmarksvernd neytenda og því heimilað aðildarríkjum að mæla fyrir um ríkari vernd til handa neytendum, sbr. 15. gr. tilskipunar nr. 87/102/EBE. Upp á síðkastið hefur verið töluverð þróun frá þessu sjónarmiði til sjónarmiða um allsherjarsamræmingu reglna, þar sem neytendur skulu njóta sömu réttarverndar á öllu evrópska efnahagssvæðinu. Sjónarmið um allsherjarsamræmingu leiðir til þess að lög aðildarríkjanna mega hvorki ganga lengra né skemur en ákvæði tilskipunarinnar. Allsherjarsamræming krefst þess að túlkun verði með sama hætti alls staðar á evrópska efnahagssvæðinu, og því verður að horfa til dómafordæma EB-dómstólsins og EFTA-dómstólsins við skýringu ákvæðanna.²¹³

Tilskipun ráðsins um neytendalán, nr. 2008/48/EBE, var samþykkt 23. apríl 2008 og er ætlað að leysa af hólmi eldri tilskipun sama efnis. Í skýrslu utanríkisráðherra um stöðu Íslands á innri markaði Evrópu, lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008, var gert grein fyrir málefnum á vettvangi ESB og EFTA og áhrif fyrrnefndrar tilskipunar á löggjöf Íslands. Tilskipun um neytendalán er talið eitt erfiðasta mál síðustu ára á sviði neytendaverndar, og hefur hún verið til umfjöllunar frá árinu 2002. Tilskipuninni er ætlað að tryggja að neytendur séu betur upplýstir þegar þeir taka neytendalán, stuðla að því að markaður fyrir lán á milli aðildarríkja verði opnaður og gera markaði gagnsæri fyrir neytendur og viðskiptalífið.²¹⁴

Samkvæmt tilskipunni ber að birta staðlaðan lista með helstu staðreyndum og tölum í auglýsingum vegna lána, ásamt því að í lánatilboðum verða að vera upplýsingar til neytenda um vexti og fjölda afborgana. Nýrri aðferð verður beitt við útreikning á hlutfallstölu kostnaðar í öllum aðildarríkjunum, sem mun auðvelda neytendum fyrir að gera samanburð á tilboðum milli ríkja. Við samningsgerðina verður lánveitanda gert skylt að veita neytendum allar nauðsynlegar upplýsingar með góðum fyrirvara, ásamt því að öllum neytendum á bandalagssvæðinu er tryggður réttur til sömu upplýsinga, þ.e. að þeim verði ekki mismunað eftir landssvæði. Þá munu neytendur hafa rétt á að hætta við lánessamning innan 14 daga, án sérstakrar ástæðu og sérstaks gjalds, ásamt því að heimilt verður að greiða upp lán hvenær sem er á samningstímanum. Lánveitendur munu geta markaðssett vörur sínar á öllu

²¹³ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 23-24.

²¹⁴ Alþt. 2007-08- A-deild, bls. 3116-3117.

bandalagssvæðinu án þess að þurfa að aðlaga þær mismunandi landslögum, sem mun leiða til þess að samkeppni aukist til muna.²¹⁵

Eftir erfiðar samningaviðræður milli Evrópuþingsins og ráðsins, náðist loks samkomulag um tillögur á fundi Evrópuþingsins 16. janúar 2008. Umdeildasta atriði tilskipunarinnar var heimild til uppgreiðslu lána, þ.e. hvort og hvenær heimilt sé að innheimta þóknun vegna uppgreiðslunnar.²¹⁶

10.2 Helstu nýmæli tilskipunar nr. 2008/48/EBE

Í aðfararorðum tilskipunarinnar er lýst með ítarlegum hætti helstu markmiðum tilskipunarinnar og þeim breytingum sem tilskipunin hefur á reglur um neytendalán. Með tilskipuninni er um leið felld úr gildi tilskipun nr. 87/102/EBE, enda leiðir nýja tilskipunin til stórkostlegra breytinga á reglum um neytendalán og sjónarmið um skýrleika leiðir til þess að rétt þótti að setja nýja tilskipun um efnið og fella þá eldri úr gildi. Mismunandi framkvæmd og lög aðildarríkja voru talin hafa leitt til afbökunar á samkeppni meðal lánveitenda á innri markaðnum og skapaði um leið ákveðnar hindranir á markaðnum, bæði fyrir lánveitendur og neytendur. Talsverðar breytingar hafa að auki átt sér stað á undanförunum árum í lánsviðskiptum, þannig að nýjar tegundir af lánessamningum hafa orðið til og leitt til þess að færa þurfti gildissvið reglnanna út á við, svo lög og reglur um neytendalán nái yfir samningana.

Helstu breytingarnar sem tilskipunin felur í sér, í samanburði við tilskipun 87/102/EBE, eru þær að í 3. gr. tilskipunarinnar er að finna ítarlegar skýringar á þeim kostnaði sem neytandi kann að þurfa að greiða í tengslum við lánessamninginn, sem ógetið var að hluta í fyrri tilskipun.²¹⁷ Tilteknar reglur gilda um þá einstaklinga eða lögaðila sem hafa milligöngu við lánveitingar, hvort sem slíkt er gegn gjaldi eður ei. Þá er mælt fyrir um staðlaðar upplýsingar sem þurfa að fylgja með í auglýsingum um neytendalán, en þær hafa því markmiði að gegna að vernda neytendur gegn ósanngjörnum og villandi viðskiptaháttum, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar. Með ákvæðinu er mælt fyrir um ákveðin atriði sem eiga að vera í auglýsingum þeim er bjóða neytendum lánstilboð. Upplýsingarnar eiga að vera skýrar, gagnorðar og áberandi með uppgefnum dæmum. Þessar reglur eru í samræmi við ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, og tilskipun 2005/29/EBE.

²¹⁵ Skýrsla starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálaþyrirtækja til gjaldtöku o.fl., bls. 24.

²¹⁶ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 3116-3117.

²¹⁷ (e. total cost of the credit to the consumer, total amount payable by the consumer, annual percentage rate of charge, borrowing rate, fixed borrowing rate og total amount of credit.)

Samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar eiga neytendur rétt á tilteknum upplýsingum áður en að samningsgerð kemur. Ákvæðið mælir fyrir um ítarlega upplýsingagjöf, sem hefur það að markmiði að veita neytandanum tækifæri til að velta fyrir sér kostum lánsins, um skilmála, kostnað í tengslum við lánið og þær skyldur sem hvíla á honum. Til að tryggja gagnsæi og auðvelda neytanda samanburð, ber sérstaklega að upplýsa neytanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnað, sem er ákveðinn á sama hátt í öllum aðildarríkjum með dæmum. Þessi skylda hvílir jafnframt almennt á milligönguaðilum, þ.e. þeir sem hafa milligöngu um samningsgerð.

Í 8. gr. tilskipunarinnar er lögð sú skylda á aðildarríki að tryggja að lánveitingar séu ábyrgar á öllum stigum lánasambandsins. Sem dæmi um aðgerðir sem aðildarríki geta gripið til, til þess að fullnægja þessum áskilnaði, er að setja nánari reglur um upplýsingagjöf og fræða neytendur um þá hættu sem fylgir vanefndum og skuldum. Það er talið afar mikilvægt að lánveitandi taki ekki þátt í óábyrgri lánveitingu, þ.e. veiti lán án þess að afla greiðslumats áður um skuldastöðu neytandans, en aðildarríkin eiga að tryggja að fullnægjandi eftirlit sé til staðar til að koma í veg fyrir slíka hegðun. Í 9. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríki skulu stuðla að því að þegar lánveiting á sér stað milli landa, skuli tryggt að lánveitendur hafi aðgang að gagnagrunni þess lands til mats á greiðslugetu neytandans. Ef neytanda er hafnað lánveitingu á grundvelli greiðslumats, skal lánveitandi upplýsa neytandann um þá staðreynd og hvaða gagnagrunn var stuðst við, nema slíkt brjóti gegn löggjöf sambandsins eða landslögum.

Í 14. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um mikilvægan rétt neytanda, þ.e. rétt til að falla frá samningi innan 14 daga frá samningsgerð, og það án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Samkvæmt 16. gr. tilskipunarinnar á neytandinn rétt á að greiða lánið upp að hluta eða öllu leyti, áður en að gjalddaga kemur. Lánveitandi á rétt á sanngjörnum bótum vegna hugsanlegs kostnaðar sem tengist greiðslunni. Fjárhæð bótanna getur ekki orðið hærri en 1% af þeirri fjárhæð sem er greidd fyrir gjalddaga, ef greiðslan á sér stað þegar meira en eitt ár er eftir af samningstímanum. Ef tímabilið er hins vegar skemmra, geta bæturnar ekki numið herra en 0,5% af þeirri fjárhæð sem greidd var fyrr. Samkvæmt 17. gr. tilskipunarinnar leiðir framsal kröfunnar til þriðja aðila ekki til þess að neytandi glati mótbárum sem hann ella hefði geta haft uppi gagnvart lánveitanda. Samkvæmt 23. gr. tilskipunarinnar ber aðildarríkjum að lögfasta reglur um refsiviðurlög, vegna brota á þeim landslögum er innleiða efni tilskipunarinnar, ásamt því að aðildarríki þurfa að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að þeim verði beitt. Refsiviðurlögin verða að vera árangursrík, í réttu hlutfalli við alvarleika afbrotsins og vera framkvæmanleg, en aðildarríkin hafa þó val um tegund refsinga.

Að lokum segir í 24. gr. tilskipunarinnar að aðildarríki skulu tryggja að neytendur geti fengið úrlausn ágreinings með fullnægjandi hætti utan dómstóla. Eins og fyrr segir getur úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki leyst úr einkaréttarlegum kröfum sínum, en jafnframt getur komið til greina að heimila Neytendastofu að leysa úr einkaréttarlegum kröfum á grundvelli laganna. Þetta þarf að meta þegar að innleiðingu tilskipunarinnar kemur.

Nú hefur verið gert grein fyrir helstu breytingunum sem tilskipun nr. 2008/48/EBE hefur í för með sér á lög um neytendalán, nr. 121/1994, en ekki gefst tækifæri til þess að fara nákvæmlega yfir hvert atriði í þessari ritgerð, enda um að ræða umfangsmiklar endurbætur á neytendalöggjöfinni. Á Norðurlöndunum hafa verið unnar viðamiklar skýrslur á vegum danska, norska og sænska dómsmálaráðuneytisins um áhrif tilskipunarinnar á þarlenda löggjöf og innleiðingu hennar í landsrétt. Hér á eftir verður stuttlega grein fyrir niðurstöðum skýrslanna, ásamt því að reynt verður að draga ályktun um áhrif tilskipunarinnar á íslenska löggjöf.

10.3 Innleiðing tilskipunar í danskan rétt

Í janúar 2009 skipaði danska dómsmálaráðuneytið starfshóp sem hafði því hlutverki að gegna að kanna best væri að innleiða tilskipun nr. 2008/48/EBE um neytendalán í danskan rétt, ásamt því að koma með tillögur um nánari útfærslu ákvæða þar sem aðildarríkjum var eftirlátið tiltekið val. Tilgangur þessarar nýju tilskipunar er, eins og fyrr segir, að koma á allsherjarsamræmingu á regluverki aðildarríkja um neytendalán, þótt heimiluð séu nokkur frávik eða visst svigrúm í innleiðingunni, eins og t.d. varðandi fjárhæð bóta. Tilskipun þessi hefur að geyma mun ítarlegri reglur en forverar hennar, sem er ætlað að tryggja að neytendur geti borið saman mismunandi lánstilboð á grundvelli fullnægjandi upplýsinga frá lánveitanda.

Tilskipun nr. 2008/48/EBE og sjónarmið um allsherjarsamræmingu leiddu til þess að nauðsynlegt var talið að breyta nokkrum grundvallarþáttum í dönskum lögum um neytendalán, nr. 398 frá 13. júní 1990, og þá sérstaklega reglum varðandi umfang upplýsinga sem lánveitanda ber að upplýsa neytanda um í lánsamningi. Starfshópurinn taldi rétt að víkka gildissvið gildandi laga, þannig að meginreglur tilskipunarinnar næðu yfir þá lánsamninga sem undanþegnir eru gildissviði hennar. Starfshópurinn lagði til að tilskipunin myndi ná yfir lánsamninga sem væru tryggðir með veði í fasteign og samninga sem stofnað var til í tengslum við uppbyggingu lands eða fasteigna. Þá taldi starfshópurinn rétt að sérstaklega háar og lágar lánsfjárhæðir skyldu ekki falla utan gildissviðs tilskipunarinnar, ásamt því að lánsamningar sem gilda í skemmri tíma en einn mánuð skyldu falla undir ákvæði

tilskipunarinnar. Þessi tillaga felur í sér umtalsverða réttarbót til handa neytendum, enda geta nú t.d. smálán (svokölluð SMS-lán) fallið undir gildissvið laganna og því njóta lántakar ríkari réttarverndar en áður. Hinir lánessamningarnir féllu þegar undir ákvæði laga um neytendalán, en með því að tryggja að svo yrði áfram, var staða neytenda styrkt hvað varðar rétt til upplýsinga, uppgreiðslu lána o.fl. Starfshópurinn taldi rétt að utan gildissviðs laganna myndu falla leigusamningar þegar ekki hvílir skylda á lántaka til að kaupa hlutinn við lok leigutímans, lánessamningar þar sem lán er veitt án vaxta eða kostnaðar til handa lántaka, og lánessamninga milli vinnuveitanda og starfsmanna hans, að því tilskildu að lánveiting sé ekki hluti af starfsemi vinnuveitandans. Gildissvið laganna var því ákvarðað með nokkuð sambærilegum hætti og fyrir tilkomu tilskipunarinnar, að því undanskildu að smálán skyldu nú falla undir lögin.

Ákvæði um uppgreiðslugjald, þegar greitt er af láni fyrir gjalddaga, er án vafa það nýmæli tilskipunarinnar sem einna mest var deilt um við samningu hennar. Að mati starfshópsins var talið nauðsynlegt að fylgja ákvæðum tilskipunarinnar, varðandi tiltekið hámarksgjald, en ef lánveitandi getur sýnt fram á að hann verði fyrir tjóni vegna þess, eigi hann rétt á bótum í samræmi við það tjón. Þá lagði starfshópurinn jafnframt til að svokallaður FIT-kostnaður vegna óheimils yfirdráttar, yrði haldið í lágmarki og myndi endurspeglja fjárhæðina, nema ef um stórvægilega úttektir væri að ráða og lánveitandi gat leitt í ljós tjón sitt vegna þess.

Starfshópur þessi skilaði tillögu að lagafrumvarpi sem byggðist á athugunum hópsins á dönsku lagaumhverfi, og þá hvaða breytinga væri nauðsynlegt svo gildandi lög stæðust kröfur tilskipunarinnar. Þá lagði starfshópurinn jafnframt tillögur að sérstökum lagaákvæðum, þar sem tilskipunin heimilaði aðildarríkjum að víkja frá lágmarkskröfum.²¹⁸

Tillögur starfshópsins að nýju frumvarpi, voru samþykktar með lögum hinn 26. maí 2010 sem „Lov om ændring af lov om kreditaftaler og lov om markedsføring” nr. 535 frá 2010.

10.4 Innleiðing tilskipunar í sænskan rétt

Skipaður var starfshópur af sænska dómismálaráðuneytisins, sem hafði það að markmiði kanna gildandi löggjöf, vegna innleiðingar tilskipunar um neytendalán, nr. 2008/48/EBE. Starfshópurinn lagði fram tillögu að nýjum lögum um neytendalán (konsumentkreditlag, 2009:67), ásamt breytingatillögur á m.a. lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga (distans- och hemförsäljingslage, 2005: 59) og lögum um upplýsingaskyldu í lánessamningum

²¹⁸ Niðurstöðu starfshópsins og tillögur hans, má nálgast í skýrslu sem gefin var út af danska dómismálaráðuneytinu árið 2009. Skýrslan ber heitið „Gennemførelse af forbrugerkreditdirektivet“.

(kreditupplýsingslagen 1973: 1173). Ákvæðið var að setja ný lög um neytendalán þar sem tilskipunin leiddi til margvíslegra breytinga á gildandi lögum, en af lagatæknilegum ástæðum var það talið rétt. Stór hluti af ákvæðum eldri laga voru þó færð yfir í þau nýju, mörg hver í óbreyttri mynd, ásamt því að heildar uppbygging laganna fékk að halda sér að miklu leyti. Engir nýir lánessamningar féllu utan gildissviðs laganna en gildissvið laganna var þó rýmkað, þannig að t.d. lánessamningar með smærri lánsfjárhæð og skammtímalán voru felld undir lögin.²¹⁹

Tillögur þessar stuðluðu að því að styrkja neytendaverndina á þessu sviði, ásamt því að mæla fyrir um vandaða viðskiptahætti fyrir lánveitendur, með það að markmiði að lækka kostnað í tengslum við lántöku neytenda. Talsvert hafði borið á þeim skuldavanda sem fylgdi smærri lánnum og svokölluðum SMS-lánnum, en starfshópnum bar að kanna þau lán sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum tilskipunarinnar.

Nýju lögin um neytendalán leggja mun ríkari skyldur á herðar lánveitendum, því upplýsingaskylda þeirra er mun víðtækari en áður, ásamt því að fáar undanþágur eru frá þeirri skyldu. Sérstaklega lagði nefndin til að þessar takmarkanir yrðu úr sögunni hvað varðar smærri lánsfjárhæðir og skammtímalán, með það að markmiði að fella þá lánessamninga undir gildissvið reglnanna. Áður voru lán að lægri fjárhæð en 1500 SEK og lán sem var endurgreitt innan þriggja mánaða undanþegin lögunum, en þetta var talið sérstaklega ábótavant þar sem talsverð aukning hafði átt sér stað í viðskiptum með þá lánessamninga og skuldavandi neytenda hafði vaxið vegna þess.

Sú krafa gildir nú að lánveitandi þurfi nú að útvega neytanda tiltekna upplýsingar skriflega og með hæfilegum fyrirvara áður en gengið er frá samningi, ásamt því að umfang upplýsinganna var aukið. Gerð er hins vegar undanþága varðandi fjarsölu, þ.e. ef stofnað er til samnings með fjarsölu að beiðni neytandans. Við þær aðstæður er slakað á kröfunum um upplýsingaskyldu fyrir samningsgerðina, en tryggt að neytandi fái umræddar upplýsingar eins fljótt og gengið hefur verið frá sölunni. Þessi undanþága á sérstaklega við um þá lánessamninga sem stofnað er til í gegnum síma eða með SMS-skilaboði.²²⁰ Þegar um er að ræða lánessamninga sem eru sérstaklega íþyngjandi eða flóknir fyrir neytanda, skal lánveitandi tryggja að neytandi fái tækifæri til að leita til lánveitanda ef hann telur sig þurfa frekari skýringa. Nýju lögin tryggja að framkvæma skuli fullnægjandi greiðslumat á færni neytandans til að standa í skilum með lán, en til þess þarf lánveitandi að afla sér margvíslegra gagna, eins og upplýsingar um tekjur, eignir o.fl., og þetta þarf lánveitandi að framkvæma

²¹⁹ *Ný konsumentkreditlag*, bls. 131.

²²⁰ *Ný konsumentkreditlag*, bls. 147.

áður en gengið er frá samningi. Ef þessi tilteknu gögn benda til þess að neytandi hafi ekki tök á því að standa við sínar skuldbindingar, ber lánveitanda að hafna lánsúmsókninni.²²¹

Mikilvæg réttarbót sem lögin fela í sér er réttur neytandans til að falla frá samningi innan fjórtán daga frá því að gengið er frá samningi. Þennan rétt verður lánveitandi að upplýsa neytanda um en fasteignaveðlán eru þó undanskilin þessu. Ef neytandi fellur þannig frá samningi ber honum að endurgreiða lánsfjárhæðina innan þrjátíu daga frá því að hann fékk lánsfjárhæðina endurgreidda. Ákveðin viðmið eru sett í lögin, sem hafa það að markmiði að reikna út þann kostnað sem neytanda ber að greiða lánveitanda vegna þess. Neytanda er jafnframt tryggður réttur til að greiða lánið upp, að hluta eða að öllu leyti, fyrir gjalddaga þess, en með lögnum er lagt til að meginreglan verði sú að lánveitandi geti krafist ákveðinnar fastrar þóknunar í þeim aðstæðum. Þessi þóknun stafar af kostnaði sem lánveitandi verður fyrir vegna skjalagerðar, vaxta o.fl. í tengslum við lánið.²²²

Nýju lögin fela í sér umtalsverða réttarbót til handa neytendum, enda leggja þau víðtækari upplýsingaskyldu á lánveitanda, veita neytanda rétt til þess að falla frá samningi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, tryggja fasta fjárhæð uppgreiðslugjalds og tryggja og tryggja að smálán falli undir gildissvið þeirra, svo dæmi séu tekin. Tillaga starfshópsins leiddi til breytinga m.a. á lögum um neytendalán (Konsumentkreditlag 2009:67).

10.5 Áhrif tilskipunarinnar á landsrétt

Eins og fyrr greinir mælir tilskipun nr. 2008/48/EBE um neytendalán fyrir um allsherjarsamræmingu á reglum sem varða þetta svið, þannig að aðildarríki hafa lítið svigrúm til þess að víkja frá ákvæðum hennar nema þegar slíkt er sérstaklega heimilað, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar. Hér á eftir verður farið yfir helstu breytingarnar sem tilskipunin mun hafa á lög um neytendalán, nr. 121/1994, og krefjast sérstakrar athugunar við innleiðingu tilskipunarinnar í landsrétt hér á Íslandi.

Gildissvið tilskipunarinnar er afmarkað með sambærilegum hætti og í lögum um neytendalán, nr. 121/1994, þ.e. með því að tilgreina að hún nái yfir lánsamninga við neytendur, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar. Undanþágur þessar eru tilgreindar í 12 stafliðum og leiða m.a. til þess að tilskipunin nái ekki yfir fasteignaveðlán, lán í tengslum við kaup eða viðhald fasteigna, lánsamning sem felur í sér endurgreiðslur án vaxta og kostnaðar, óheimilan yfirdrátt þegar lánið er endurgreitt innan

²²¹ *Ný konsumentkreditlag*, bls. 155-156.

²²² *Ný konsumentkreditlag*, bls. 171.

mánaða og lánsamninga sem eru endurgreiddir innan þriggja mánaða með óverulegum kostnaði. Þá falla jafnframt leigusamningar utan gildissviðs reglnanna þegar eignarrétturinn færir ekki yfir til leigutaka að lokum leigutímans, ásamt því að samningar þar sem lánsfjárhæðin er minni en 200 evrur eða hærri en 75000 evrur falla utan gildissviðs hennar. Ofangreindar undanþágur eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 87/102/EBE, en þar sem sumir þessara lánsamninga falla nú undir nll. vegna lagabreytinga leiða sjónarmið um allsherjarsamræmingu til þess að breyta þurfi gildissviði nll. Til viðbótar ofangreindum samningum hefur tilskipunin að geyma ákvæði um nýja lánsamninga sem falla utan gildissviðs reglnanna, þ.e. samninga sem var ekki að finna í fyrri tilskipun. Þannig falla t.d. lánsamningar milli vinnuveitanda og starfsmanns utan gildissviðs þeirra ef starfsmaðurinn nýtur hagstæðari lánskjara en almennt tíðkast, svo og lánsamningar við fjárfestingarfyrirtæki og lánsamningar í tengslum við dómssátt. Af ofangreindri upptalningu má ráða að stórkostlegra breytinga sé þörf á gildissviði laga um neytendalán, nr. 121/1994. Kynntar eru til sögunnar nokkrar nýjar tegundir lánsamninga sem falla utan gildissviðs reglnanna, ásamt því að samningar sem felldir hafa verið undir lögin með lagabreytingum skulu nú falla utan gildissviðs laganna. Rétt er þó að geta þess að aðildarríkjum er heimilað nokkurt val við afmörkun á gildissviði laganna, því í 3.-6. mgr. 2. gr. er mælt fyrir um rétt aðildarríkja til að setja reglur um að lánveitandi sé bundinn af nánar tilgreindum ákvæðum laganna, þótt samningarnir falli almennt utan gildissviðs tilskipunarinnar. Þetta á t.d. við um lánsamninga um óheimilan yfirdrátt og þar sem lán er endurgreitt innan þriggja mánaða og lán sem er með afborgunarfresti.

Í 3. gr. tilskipunarinnar er að finna ítarlegar skilgreiningar á atriðum er varða skuldbindingar neytandans og hafa það að markmiði að tryggja að mikilvæg hugtök séu skilgreind með sama hætti í öllum aðildarríkjunum. Eitt af nýmælum tilskipunarinnar felur í sér að lánveitanda ber að upplýsa neytanda um fleiri atriði er tengjast kjörum láns, með skýrum og gagnorðum hætti í auglýsingum, ásamt því að auglýsingarnar þurfa að innihalda dæmi um útreikning til nánari skýringar fyrir neytanda, sbr. 4. gr. tilskipunar. Ákvæði þetta gengur mun lengra en 13. gr. nll. hvað varðar umfang og efni auglýsinga og því krefst innleiðing ákvæðisins töluverðra breytinga á fyrrnefndu ákvæði laganna.

Í 5. og 6. gr. tilskipunar er mælt fyrir um upplýsingaskyldu lánveitanda sem hefur það að markmiði að tryggja lánveitanda mikilvægar upplýsingar áður en hann er bundinn af samningi eða tilboði. Lánveitandi verður að upplýsa neytanda um nánar tiltekin atriði, til að hinn síðarnefndi hafi tök á því að bera saman mismunandi lánstilboð og taka vel ígrundaða ákvörðun um kosti lánsins áður en hann er bundinn af því. Ákvæði þetta felur í sér

umtalsverða réttarbót fyrir neytendur og tryggir að neytandi geti kannað rækilega kosti lánsins og borið saman mismunandi lán áður en umrætt lán er samþykkt. Þannig er neytanda í raun tryggður ákveðinn umhugsunarfrestur, enda má ekki líða of skammur tími á milli þegar hann fær umræddar upplýsingar í té og þar til hann samþykkir lánsamning. Neytandi á rétt á þessum upplýsingum á pappír eða öðrum sambærilegum og varanlegum miðli og því á hann að geta kynnt sér allar hliðar lánsins án þess að hafa lánveitanda eða starfsmann hans sér við hlið. Ef lánveitandi vill veita neytanda viðbótar upplýsingar, þá skal hann gera slíkt með sérstöku skjali svo óvissa skapist ekki um mikilvægustu atriði lánsins. Þegar neytandi undirgengst lánsamning með fjarsölu er lánveitandi yfirleitt ófær um að útvega neytanda umræddar upplýsingar áður en gengið er frá lánsamningi. Við þær aðstæður skal lánveitandi útvega neytandanum umræddar upplýsingar á stöðluðu skjali strax og gengið hefur verið frá samningsgerðinni. Þá skal neytandi jafnframt fá afrit af lánsamningnum sér að kostnaðarlausu þegar staðið er að samningsgerð með þessum hætti. Að lokum skulu aðildarríki tryggja að lánveitendur veiti neytendum fullnægjandi útskýringar, þannig að neytandi geti tekið yfirvegaða ákvörðun um það hvort lánið henti honum og fjárhagslegri stöðu hans. Rétt er að geta þess að umræddar skyldur hvíla aðeins á lánveitanda en ekki seljanda vöru og þjónustu þegar hann sinnir milligöngu við lánveitingu, sbr. 7. gr. tilskipunar. Ákvæði þessi krefjast stórkostlegra breytinga á ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994, enda tryggir núverandi löggjöf ekki að neytandi eigi rétt á mikilvægum upplýsingum áður en hann undirritar samning.

Samkvæmt 8. gr. tilskipunarinnar ber aðildarríkjum að tryggja að framkvæmt verði greiðslumat á færni neytandans til að standa í skilum vegna láns áður en lánsamningur er undirritaður. Lánveitanda ber að sinna þessu hlutverki og við matið verður hann að styðjast við fullnægjandi upplýsingar sem annaðhvort neytandi útvegar eða hann aflar sjálfur úr tiltækum gagnagrunnum. Í lögum um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, er að finna ákvæði sem skyldar lánveitanda til að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán, þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka, sbr. 4. gr. laganna. Ákvæði þetta varðar hagsmuni ábyrgðarmannsins en ekki lántaka sjálfs, eins og 8. gr. tilskipunar miðar að. Að þessu virtu verður við innleiðingu tilskipunarinnar að tryggja að þessi skylda hvíli á lánveitanda óháð því hvort ábyrgðarmaður sé til staðar eður ei, enda varðar það neytanda miklu að hann takist ekki á við skuldbindingar sem eru umfram getu hans.

Í 14. gr. tilskipunarinnar er að finna ákvæði sem mælir fyrir um rétt neytanda til að falla frá samningi innan 14 daga og það án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Fresturinn hefst annað hvort þegar gengið er frá samningi eða þegar neytandi fær samningsskilmála og nauðsynlegar

upplýsingar í hendur, t.d. ef um er að ræða fjarsölusamning. Ef neytandi hyggst falla frá samningi innan tímamarkanna, ber honum að tilkynna lánveitanda um slíkt í samræmi við þær reglur sem tilgreindar eru í lánsamningi og sú tilkynning skal vera skrifleg, annað hvort á pappír eða öðrum varanlegum miðli eins og t.d. með tölvupósti. Svo lánveitandi verði bundinn af ákvæðinni, þarf hún að berast lánveitanda innan fyrrnefndra tímamarka, ásamt því að hann þarf að hafa átt þess kost að kynna sér efni bréfsins. Ef neytandi ákveður að nýta sér þessa heimild, ber honum að endurgreiða lánveitanda lánsfjárhæðina og vexti sem hafa safnast fram að þeim tíma eigi síðar en innan 30 daga frá því að hann sendi lánveitanda tilkynninguna. Vextirnir skulu reiknaðir á sama grundvelli og tiltekið var í lánsamningnum en lánveitandi á ekki rétt á öðrum bótum vegna þessara aðstæðna en kostnað í tengslum við þinglýsingu samningsins. Þegar um er að ræða lánsamning í tengslum við sölu á vöru fellur kaupsamningurinn milli seljanda og neytandans jafnframt úr gildi, sbr. 15. gr. tilskipunarinnar. Þessi heimild neytandans til að falla frá samningi felur í sér umtalsverða réttarbót miðað við gildandi lög. Ekki aðeins er neytanda tryggður réttur til upplýsinga áður en samningur er undirritaður, sbr. 5. og 6. gr. tilskipunarinnar, heldur er honum jafnframt tryggður réttur til þess að falla frá samningi eftir að gildur samningur er kominn á og það án þess að greiða sérstaka þóknun til lánveitanda. Við þær aðstæður þegar neytandi hefur undirritað samning án þess að kynna sér til hlítar þær upplýsingar sem honum voru færðar, fyrir og við samningsgerðina, hefur hann enn möguleika til að skipta um skoðun ef hann gerir slíkt innan tilgreindra tímamarka. Segja má að þetta ákvæði ýti enn fremur undir það að lánveitandi fullnægi upplýsingaskyldu þeirri sem á honum hvílir því ella á hann á hættu að verða fyrir tjóni, t.d. í tengslum við samningsgerðina, sem annars hefði verið óþörf ef neytandinn hefði tekið upplýsta ákvörðun í upphafi. Innleiðing 14. gr. tilskipunarinnar mun því án vafa hafa töluvert vægi við að styrkja stöðu neytenda.

Með ákvæði 16. gr. tilskipunarinnar er neytanda tryggður réttur til greiðslu fyrir gjalddaga, að hluta eða að öllu leyti, en þessa heimild var jafnframt að finna í tilskipun nr. 87/102/EBE. Breytingin sem þetta ákvæði felur í sér er að nú er mælt fyrir um þann kostnað eða bætur sem lánveitandi getur krafist þegar lán er greitt um við þessar aðstæður. Neytandi á rétt á hlutfallslegri lækkun heildarlántökukostnaðar sem nær til vaxta og annars kostnaðar sem til hefði fallið á þeim tíma er eftir var af lánstímanum. Eins og fyrr greinir á neytandi rétt á sanngjörnum bótum vegna hugsanlegs kostnaðar í tengslum við uppgreiðsluna, en þær mega ekki vera hærri en 1% af þeim hluta sem greiddur er ef meira en ár er til loka lánstímans. Ef uppgreiðslan á sér stað þegar minna en ár er til loka lánstímans, mega bæturnar ekki nema hærri en 0,5% af þeirri fjárhæð sem greidd er fyrir gjalddaga. Samkvæmt 4. mgr. 16. gr.

tilskipunarinnar mega aðildarríki þó mæla fyrir um rétt lánveitanda til bóta ef fjárhæð greiðslunnar fer yfir ákveðinn lágmarksþröskuld. Umræddar bætur mega þó ekki nema hærri fjárhæð en þeirri sem samsvarar þeim vaxtakostnaði sem neytandi hefði þurft að greiða ef hann hefði ekki greitt lánið upp fyrir gjalddaga þess. Ákvæði þetta er nokkuð svipað og ákvæði 16. og 16. gr. a. í lögum um neytendalán, nr. 121/1994, að því undanskildu að samkvæmt lögnum má lánveitandi semja um uppgreiðslugjald í tilteknum lánessamningum. Þetta ákvæði tilskipunar mun því án vafa styrkja stöðu neytenda við innleiðingu þess í landsrétt.

Samkvæmt 23. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríki lögfesta reglur um refsiviðurlög vegna brota á þeim landslögum er innleiða efni tilskipunarinnar, ásamt því að aðildarríki þurfa að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að þeim verði beitt. Ekki er að finna ákvæði um refsiviðurlög í lögum um neytendalán, nr. 121/1994, og því verður að telja að slík ákvæði séu til þess fallin að styrkja enn fremur stöðu neytanda við framkvæmd laganna. Varnaðarástæður hafa lengi verið einhver veigamestu rök fyrir notkun refsinga, en þær greinast í sérstakar og almennar varnaðarástæður. Sérstök varnaðaráhrif fela í sér áhrif refsing á hinn brotlega sjálfan, meðan almennar varnaðarástæður fela í sér varnaðaráhrif refsinga á aðra en hinn brotlega.²²³ Með lögfestingu ákvæða um refsinga, má ná framangreindum áhrifum fram, enda má ætla að lánveitandi sem brotið hefur af sér gæti þess að fylgja ákvæðum laganna í framtíðar viðskiptum. Í ákvæði tilskipunarinnar kemur jafnframt fram að refsiviðurlögin þurfi að vera árangursrík, í réttu hlutfalli við afbrotið og nothæf, en aðildarríkin hafa þó val um tegund refsinga.

Telja verður að þær breytingar sem tilskipun nr. 2008/48/EBE felur í sér séu til þess fallnar að styrkja umtalsvert stöðu neytanda við samningsgerðina, ásamt því að tryggja að hann gæti varkárni þegar kemur að ákvörðun um lántöku. Að mati höfundar mun tilskipun nr. 2008/48/EBE leiða til stórvægilegra breytinga á lög um neytendalán, nr. 121/1994, og því sé rétt setja frekar ný lög um neytendalán í stað þess að fella umræddar breytingar inn í gildandi lög. Umtalsverðar breytingar hafa nú þegar verið gerðar á lögnum síðan þau voru upphaflega sett, og það hefur leitt til þess að sum ákvæði eru óskýr og/eða villandi. Innskot nýrra reglna væri til þess fallið að auka þennan óskýrleika laganna enn fremur, og væri því í andstöðu við tilgang tilskipunar nr. 2008/48/EBE, sem var að setja fram skýrar reglur um réttarstöðu neytenda, með nýrri tilskipun.

²²³ Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 69.

11. Lokaorð

Í lokin er ætlunin að draga saman stöðu neytendaverndar í lánsviðskiptum hér á landi, út frá ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán og öðrum lögskýringargögnum, ásamt því að draga ályktun um hugsanlega þróun á þessu sviði.

Ákvæði laga um neytendalán, nr. 121/1994, hafa töluverðan aðdraganda sem nauðsynlegt er að taka mið af við skýringu laganna. Sala ýmissa vörutegunda með afborgunarkjörum hefur tíðkast víðsvegar í Evrópu og N-Ameríku um alllangt skeið en á síðari hluta 19. aldar hófu Norðurlöndin samvinnu um samræmda löggjöf um afborgunarkaup. Ísland átti ekki þátt í þessari samvinnu en hér á landi voru nokkrum sinnum samin frumvörp um lánsviðskipti, sem þó náðu eigi fram að ganga. Það var fyrst með aðild Íslands að EES-samningum sem neytendavernd í lánsviðskiptum fékk brautargengi hér á landi. Í Evrópusambandinu hafa verið samþykktar fjórar tilskipanir sem fjalla um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkja varðandi neytendalán, en þrjár fyrstu hafa þegar verið innleidd í landsrétt með ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994.

Lánsviðskipti geta leitt af sér margvísleg álitafni varðandi réttarstöðu aðila, enda er oft flókin umgjörð í kringum slík viðskipti. Af þeim sökum er nauðsynlegt að afmarka gildissvið laga nr. 121/1994 um neytendalán, svo komast megi að niðurstöðu um það hvaða aðila, samninga og aðstæður þau ná yfir. Gildissvið laganna er afmarkað með almennum hætti í 1. gr. laganna, þar sem fram kemur að lögini taki til þeirra lánessamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Hugtökin lánessamningur, lánveitandi og neytandi eru skilgreind í 4. gr. laganna, en við skýringu á hugtakinu „atvinnuskyni“ má ganga út frá því að lánveiting verði að standa í nánnum tengslum við aðalstarfsemi lánveitanda. Þótt þannig megi afmarka gildissvið laganna, þarf að taka með í reikninginn að sumar tegundir lánessamninga eru sérstaklega undanþegnir ákvæðum laganna. Þessir lánessamningar eru tilgreindir í fimm staflaðum í 1. mgr. 2. gr. laganna og falla ekki undir lögini þótt þeir samræmis almennt afmörkun í 1. gr. laganna. Vissar tegundir samninga voru áður undanþegnir gildissviði laganna en vegna lagabreytinga falla þeir nú undir lögini. Þetta leiðir hins vegar til þess að einstaklingar sem undirrituðu samningana þegar þeir féllu utan gildissviðs laganna, geta ekki byggt rétt sinn á ákvæðum laganna. Með ofangreinda nálgun í huga, má ráða að flestar tegundir lánessamninga sem notast hefur verið við undanfarin ár, falla undir lögini og því njóta neytendur þeirrar verndar sem lögini kveða á um. Þannig falla almennt kortalán, þ.e. lán greidd með kreditkorti, kaupleigusamningar og gengistryggð lán undir gildissvið laganna. Smálán eða svokölluð SMS-lán falla hins vegar utan gildissviðs laganna sem verður að teljast

óviðunandi, enda fela lánin oft í sér umtalsverðan kostnað fyrir neytanda, ásamt því að neytandinn fær almennt takmarkaðar upplýsingar um kosti og galla lánsins áður en lánið er samþykkt.

Samkvæmt aðfararorðum tilskipunar nr. 87/102/EBE, hvílir upplýsingaskylda á lánveitanda um m.a. árlega hlutfallstölu kostnaðar, lánskostnað og skuldbindingar neytanda, sem er mikilvægur þáttur í þeim aðgerðum að stuðla að virkri samkeppni meðal lánveitenda og vernda þá gegn óréttmætum lánskjörum. Með samræmdum aðferðum lánveitenda á EES-svæðinu, við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, er tryggt að neytandi fái mikilvægar upplýsingar um þann kostnað sem hlýst af gerð lánsamnings. Þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir í lánsamningnum, auglýsingum lánveitanda og í samningi um yfirdráttarheimild af tékkareikningi, en sérreglur gilda um þess háttar lánsamning samkvæmt 3. gr. laganna. Í 5. gr. laganna er neytanda jafnframt tryggður réttur til annarra mikilvægra upplýsinga í lánsamningi, þannig að hann eigi betri möguleika til þess að meta hvort lánsamningurinn henti hans stöðu. Talsvert hefur reynt á gildi þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í lánsamningum undanfarið, en nýlegar ákvarðanir Neytendastofu sýna og sanna að umtalsverðar kröfur eru gerðar til skýrleika þeirra og umfangs. Umtalsverður fjöldi lána hefur þannig verið talinn innihalda ófullnægjandi upplýsingar um breytilegan lántökukostnað þar sem skort hefur upplýsingar um hvernig og við hvaða aðstæður og vextir eru breytilegir. Brot lánveitanda á ákvæðum laganna sem mæla fyrir um upplýsingaskyldu hans, hafa leitt til þess að neytandi eignast skaðabótakröfu á hendur honum, skv. 15. og 27. gr. laganna.

Í 16. og 16. gr. a. er að finna reglur sem tryggja rétt neytandans til greiðslu fyrir gjalddaga, hvort sem um er að ræða að hluta eða greiðslu eftirstöðvar lánsins. Meginreglan er sú að neytanda er heimilt að greiða fyrir gjalddaga og að hann eigi rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði ef hann nýtir sér þetta úrræði. Nokkur óvissa hafði skapast um rétt lánveitanda til að krefjast sérstaks uppgreiðslugjalds við þessar aðstæður, þar sem hvorki löggin né tilskipun nr. 87/102/EBE bönnuðu það með beinum hætti.²²⁴ Skipaður var starfshópur í kjölfarið sem hafði það markmið að gera úttekt á lagaumhverfi því er varðaði viðskipti neytenda og fjármálafyrirtækja í ljósi nútímaviðskiptahátta, en hann kannaði sérstaklega heimildir til gjaldtöku við fyrirnefndar aðstæður. Vinna starfshópsins leiddi til breytinga á ákvæðum laganna, þannig að nú er lánveitanda óheimilt að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds af tilteknum lánnum.

²²⁴ Sjá ákvörðun samkeppnisráðs 7. júní 2005 (19/2005) og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála 6. október 2005 (11/2005).

Við framsal lánsamnings er meginreglan sú að neytandi getur haldið uppi sömu mótbárum við framsalshafa og upphaflegan eiganda kröfunnar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Með frumvarpi því er varð að lögum um neytendalán, nr. 30/1993, var hins vegar gerð sérregla varðandi viðskiptabréfskröfur, ef til staðar er trygging skv. 1. mgr. 18. gr. laganna vegna hugsanlegrar vanefndakröfu neytanda vegna viðskipta þeirra sem að baki viðskiptabréfi standa. Við framsal viðskiptabréfs glatar neytandi mótbárum sem hann átti á hendur framseljanda þess, en getur í staðinn sótt bætur í tryggingu seljandans, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ef seljandi hefur hins vegar ekki gilda tryggingu, getur neytandi borið fram mótbárum gagnvart framsalshafa, en þannig er búið að tryggja stöðu neytandans við framsal viðskiptabréfskrafna.

Þegar söluhlutur er seldur með eignarréttarfyrirvara, getur lánveitandi endurheimt hlutinn á grundvelli skriflegs kaupsamnings þar sem skýrt er kveðið á um eignarréttarfyrirvarann, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna. Ákvæði 19. og 20. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, hafa það að markmiði að fjalla um innbyrðis réttarstöðu kaupanda og seljanda við þessar aðstæður, meðan ákvæði laga um samningsveð, nr. 75/1997, fjalla um réttarstöðu þeirra gagnvart viðsemjendum og skuldheimtumönnum kaupandans. Ákvæði nr. 121/1994 um neytendalán hafa að geyma reglur um uppgjör á milli aðila lánsamnings þegar söluhlutur er endurheimtur vegna vanskila á afborgunum eða lánskostnaði, og miðar ákvæðið að því að uppgjórið hafi ekki í för með sér ótilhlýðilega auðgun fyrir lánveitanda. Af 4. og 5. mgr. 19. gr. laganna má ráða að miða skuli við söluverð hlutarins á almennum markaði, en telja verður að þetta uppgjör geti reynst talsvert flókið, enda til margra þátta að líta.

Eftirlit með lögum um neytendalán, nr. 121/1994, er í höndum Neytendastofu, meðan efnahags- og viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laganna. Valdheimildir Neytendastofu geta m.a. falist í því að banna notkun skilmála lánsamnings, sem talinn er brjóta gegn ákvæðum laganna, og ákvarða dagsektir ef ekki er sinnt banni Neytendastofu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laganna gilda ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, um úrræði og málsmeðferð Neytendastofu. Samkvæmt síðarnefndu lögum er Neytendastofu m.a. heimilt að kveða á um refsiviðurlög vegna brota gegn lögnum. Deila má um það hvort Neytendastofa hafi slíka heimild vegna lögbrota gegn ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994, en sjónarmið um skýrleika refsheimilda mæla gegn slíku. Eins og fyrr segir fer ráðherra með framkvæmd laganna, en í því felst að hann hefur vald til þess að setja stjórnisýslufyrirmæli með stoð í lögnum, sbr. 21. gr. laganna. Við setningu reglna nr. 725/2008 um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar virðist ekki hafa verið gætt að valdmörkum stjórnvalda, þar sem Neytendastofa setti

umræddar reglur en ekki efnahags- og viðskiptaráðherra, eins og ákvæði laganna miða að. Færa má rök fyrir því að umræddar reglur séu ekki fullnægjandi grundvöllur viðurlaga, í samræmi við IV. kafla reglnanna, þar sem valdþurrð við setningu reglnanna getur leitt til ógildingar ákvörðunar. Þá má jafnframt draga í efa hvort sektarákvörðun með heimild í lögum nr. 57/2005, vegna brota gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán, sé fullnægjandi grundvöllur refsiaðbyrgðar. Ekki verður þó skorið úr um það í þessari ritgerð, en telja verður þó að eðlilegra væri að mæla fyrir um úrræði og málsmeðferð Neytendastofu í lögnum sjálfum, í stað þess að vísa til annarra laga. Neytendastofa hefur ekki heimild til að leysa úr einkaréttarlegum kröfum, eins og skaðabótakröfum, og því verða neytendur sem telja sig eiga kröfu gegn lánveitanda að leita til dómstóla, sbr. 3. mgr. 27. gr. laganna. Neytendur geta þó jafnframt borið mál sín undir úrskurðarnefnd í viðskiptum við fjármálafyrirtæki.

Í 15. og 27. gr. segir að brot gegn lögnum geti valdið skaðabótaábyrgð lánveitanda. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. má gera lögaðila að greiða bætur þó svo að sök sannist ekki á neinn tiltekinn starfsmann lögaðilans, ef sýnt þykir að einhver starfsmaður lögaðilans hafi gerst brotlegur við ákvæði laganna. Skaðabótaskyldan ræðst af almennum reglum skaðabótaréttar, sem þýðir að tjónþoli verður að sýna fram á gáleysislega hegðun starfsmanns lánveitanda. Það að lánveitandi hafi brotið gegn ákvæðum laganna, t.d. með ófullnægjandi upplýsingagjöf, verður að teljast til gáleysislegrar hegðunar, sérstaklega ef neytandi hefur samið við sérfræðing í lánsviðskiptum.

Tilskipun nr. 2008/48/EBE er ætlað að leysa af hólmi eldri tilskipanir sama efnis. Tilskipun þessi mælir fyrir um allsherjarsamræmingu, og veitir því lítið svigrúm til að víkja frá ákvæðum hennar. Tilskipunin felur í sér nauðsyn á umtalsverðum breytingum á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, enda leiðir aðild Íslands að EES-samningnum til þess að innleiða þurfi ákvæði hennar í landsrétt. Með hliðsjón af sjónarmiðum um skýrleika laga verður að ætla að heppilegast væri að lögfesta ný lög um neytendalán vegna tilskipunarinnar, í stað þess að gera breytingar á gildandi löggjöf. Að lögfesta ný lög um þetta efni yrði að teljast mikill kostur, enda gefst þá m.a. tækifæri til þess að lagfæra fyrri lagagreinar sem hafa að geyma úreltar tilvísanir og villandi orðalag²²⁵. Í Svíþjóð var farin sú leið að innleiða efni tilskipunarinnar með nýjum lögum um neytendalán.

Líkur hér með umfjöllun minni um lög um neytendalán, nr. 121/1994.

²²⁵ Sjá d-lið 1. mgr. 2. gr. sem vísar til laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, en þessi lög hafa verið felld úr gildi, ásamt 1. mgr. 25. gr. laganna þar sem vísað er til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, en umrædd lög heita í dag lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Arljóttur Björnsson: *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*. 2. útg., Reykjavík 1999.

Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, Reykjavík 1988.

Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*. Reykjavík 2009.

Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín*. 2. útg. (Endurskoðun fyrstu útgáfu Björn Þ. Guðmundsson og Stefán Már Stefánsson). Reykjavík 2005.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, Reykjavík 2008.

Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“. *Úlfjótur*, 3. tbl. 2010, bls. 315-349.

Gennemførelse af forbrugerkreditdirektivet. Justitsministeriet, København 2009.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999, 2. útg.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipun Íslands, seinni hluti*, Reykjavík 1997.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, Reykjavík 1992.

„Kortfristede eller mindre lån indgået som fjernsalgsaftaler“
<http://www.forbrugerombudsmanden.dk/Love-og-regulering/Retningslinjer-og-vejledninger/Markedsfoeringsloven/kortelaan>, 4. febrúar 2009 (skoðað 30. apríl 2010)

Lennart Lyng Andersen: *Lov om kreditaftaler*. 3. útgáfa. Kaupmannahöfn 2001.

Ny konsumentkreditlag. Justitiedepartementet, Stockholm 2009.

„Payday loans /RALs“ <http://www.consumerfed.org/finance/payday.asp> (skoðað 30. apríl 2010).

Páll Hreinsson: „Valdmörk stjórnvalda“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 2005, bls. 447-494.

Páll Hreinsson: *Stjórnsýslulögin. Skýringarrit*. Reykjavík 1994.

Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*. Reykjavík 2004.

Páll Sigurðsson: *Kauparéttur*. Reykjavík 1988.

Páll Sigurðsson: *Kröfuréttur. Almennur hluti*. Reykjavík 1992.

Páll Sigurðsson: *Lagaþættir III. Greinar af ýmsum réttarsviðum*. Reykjavík 1994.

Páll Sigurðsson: *Leiguréttur I. Meginreglur íslensks réttar um leigusamninga auk nokkurra sérsviða*. Reykjavík 1995.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*. Reykjavík 2004 (4. prentun)

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, Reykjavík 2007.

Skýrsla starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl. Viðskiptaráðuneytið, Reykjavík 2007.

„SMS-lánin komin til Íslands“. Neytendablaðið, 4. tbl. 2009, bls. 12.

„SMS okurlánin“, http://ns.is/ns/frettir/?cat_id=12981&ew_0_a_id=356052, 5. janúar 2010 (skoðað 30. apríl 2010).

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, Reykjavík 2005.

Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*. Reykjavík 2002.

Þórður Ólafsson: „Kreditkort og aðrir nútíma greiðslumiðlar“. *Fjármálatíðindi*, 3. tbl. 1981, bls. 182-198.

Vefsíður:

Vefsíða Fjármálaeftirlitsins, <http://fme.is/>

Vefsíða Neytendasamtakanna, <http://ns.is/>

Vefsíða Landsbankans, <http://www.landsbanki.is/>

Vefsíðan hjá Borgun, <http://www.borgun.is/>

Vefsíðan hjá Valitor, <http://valitor.is/>

Vefsíða Vátryggingafélags Íslands, <http://vis.is/Fyrirtaeki>

Dóma- og úrskurðaskrá

Dómar Hæstaréttar

Hrd. 3. febrúar 1999 (277/1999)

Hrd. 16. október 2000 (144/2000)

Hrd. 9. nóvember 2006 (225/2006).

Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)

Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)

Dómar héraðsdómstóla

Hérd. Rvk. 3. desember 2009 (E-4501/2009)

Hérd. Rvk. 12. febrúar 2010 (E-7206/2010)

Úrskurðir áfrýjunarnefndar neytendamála

Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 16. júlí 2010 (6/2010)

Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 31. maí 2007 (2/2007)

Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 4. mars 2008 (11/2007)

Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 19. desember 2008 (8/2008)

Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 25. september 2009 (9/2009)

Ákvarðanir Neytendastofu

Ákvörðun Neytendastofu 11. júní 2008 (12/2008)

Ákvörðun Neytendastofu 12. mars 2009 (6/2009)

Ákvörðun Neytendastofu 5. febrúar 2010 (1/2010)

Ákvörðun Neytendastofu 28. apríl 2010 (21/2010)

Ákvörðun Neytendastofu 3. ágúst 2010 (25/2010)

Ákvörðun Neytendastofu 30. júlí 2010 (34/2010)

Ákvörðun Neytendastofu 3. ágúst 2010 (35/2010)

Úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála 6. október 2005 (11/2005)

Úrlausnir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar

Ákvörðun samkeppnisráðs 16. febrúar 1995 (12/1995)

Ákvörðun samkeppnisráðs 2. október 2000 (29/2000)

Ákvörðun samkeppnisráðs 1. apríl 2004 (11/2004)

Ákvörðun samkeppnisráðs 7. júní 2005 (19/2005)

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 17. maí 2005 (2/2005)

Úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 22. desember 2009 (22/2009)

Úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 26. nóvember 2009 (24/2009)

Dómar EB-dómstólsins

EBD, mál C-361/89, ECR 1991, bls. I-1189 (Di Pinto)

EBD, mál C-91/92, ECR 1994, bls. I-03325 (Faccini-Dori)

EBD, mál C-208/98, ECR 2000, bls. I-1741 (Berliner Kindl Brauerei)

EBD, mál C-264/02, ECR 2004, bls. I-2157 (Cofinoga)

EBD, mál C-509/07, ECR 2009, bls. I-3311

Danskir dómar

UfR 1988, bls. 415V

UfR 1998, bls. 47H

UfR 2000, bls. 577H

Erlendir úrskurðir

Áliti dönsku neytendakærunefndarinnar sem birt var í Jurdisk Árbog 1999, bls. 188.